

Hvaðan kemur lögmæti íslensku lögreglunnar?

Anna Margrét Kristjánsdóttir
Hjörtur Hjartarson
Þórdís Karen Þórðardóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til BA gráðu í lögreglufræði

Félagsvísindadeild

Mai 2019

Hvaðan kemur lögmæti íslensku lögreglunnar?

Anna Margrét Kristjánsdóttir
Hjörtur Hjartarson
Þórdís Karen Þórðardóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í lögreglufræði

Guðmundur Ævar Oddsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2019

Titill: Hvaðan kemur lögmæti íslensku lögreglunnar?
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í lögreglufræði

Höfundarréttur © 2019 Anna Margrét Kristjánsdóttir, Hjörtur Hjartarson og Þórdís
Karen Þórðardóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Anna Margrét Kristjánsdóttir, Hjörtur Hjartarson og Þórdís Karen Þórðardóttir, 2019, B.A.
verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 88 bls.

Reykjavík, maí, 2019

Útdráttur

Samstarf lögreglu við almenning er afar mikilvægt til þess að byggja upp traust og lögmæta stofnun. Lögreglan reiðir sig að miklum hluta á það að almenningur tilkynni um afbrot og hjálpi sér við að upplýsa þau. Þess vegna er mikilvægt að almenningur telji lögregluna vera lögmæta stofnun og hafi viljann til þess að vinna með henni. Tilgangur þessa verkefnis að er að kynnast lögreglunni á Íslandi og rýna í þau gögn sem segja til um hvaðan lögmætið kemur. Meginmarkið er að skýra hvers vegna fólk treystir lögreglunni og telur lögregluna vera lögmæta stofnun. Í ritgerðinni verður sögulegt ágríp um lögreglustarfið hér á landi. Skoðaðar verða lögmætiskenningar og þær tengdar við traust almennra borgara til lögreglunnar. Ritgerðin fer inn á samstarf almennings við lögreglu ásamt því að skoða hvaðan traustið kemur og hvernig því er viðhaldið. Litið verður til hópa í samfélaginu og þá sérstaklega minnihlutahópa og skoðað hvaðan traustið og lögmætið til lögreglunnar kemur af þeirra hálfu. Einnig var framkvæmd rýnihóparannsókn til þess að fá betri skilning á því hvort fólk telur lögregluna vera traustverðuga eða ekki og að heyra skoðanir þess á starfsemi hennar. Helstu niðurstöður rýnihóparannsóknarinnar sýndu fram á að fólk almennt treystir lögreglunni, en hins vegar komu fram nokkur álitamál um störf lögreglumanna og hlutverk þeirra.

Lögmæti, lögregla, lögmætiskenningar, réttlát málsmeðferð, samvinna, traust

Abstract

The co-operation between the police and the citizens is important to build a trustworthy and legitimate organization. The police rely heavily on the public to report offenses and for their help to inform crimes, therefore, it's important that the public considers the police to be a legitimate institution to have their will to work with them, not against. The purpose of this research is to get acquainted with the Icelandic police and to find out where the legitimacy comes from and how it affects the Icelandic police. The main goal is to find out if, and then why citizens trust the police and think of the police institution legitimate. The paper discusses the historical abstract of the police in Iceland. Legitimate theories will be explored and linked to public confidence and trust in the police. The thesis considers different groups in a society, e.g. minority groups. A focus group research was studied which we did ourselves to get a better view in the trust and legitimacy in Icelandic police. The main findings of the focus group study showed that people generally trust the police and think it is a legitimate institution, but some have concerns about how individual police officers work.

Legitimacy, Police, Legitimate Rule, Procedural Justice, Co-operation, Trust

Þakkarorð

Við viljum fyrst og fremst þakka leiðbeinanda okkar, Guðmundi Ævari Oddssyni, fyrir mikla þolinmæði, góða handleiðslu, ábendingar og það að gera þetta verkefni mjög skemmtilegt en krefjandi á sama tíma fyrir okkur. Einnig viljum við þakka þeim kennurum sem hafa kennt okkur í gegnum háskólagöngu okkar, þar sem þeir eiga stóran þátt í undirbúningi okkar fyrir þessa ritgerðarsmíð.

Okkur langar einnig að þakka hvert öðru fyrir sérlega skemmtilega og áhugaverða samvinnu við gerð þessa lokaverkefnis. Þetta var erfitt og krefjandi, en okkur tókst að ljúka við verkið og erum þakklát fyrir það.

Við viljum einnig þakka fjölskyldum okkar fyrir ómetanlegan stuðning á meðan á námi okkar stóð ásamt lokaverkefnisskrifum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Almenn um skilgreiningu lögmætis	4
2.1. Lögmætiskenning Weber og þrískipting ríkisvalds	6
3. Íslenska lögreglan og lögmæti	8
3.1. Söguleg þróun lögreglunnar á Íslandi	9
3.2. Yfirlit yfir ráðningu og fjölda lögregluþjóna	12
3.3. Lögreglan á Íslandi í dag	13
4. Samfélagssáttmáli Locke	16
5. Réttlát málsmeðferð	17
5.1. Afleiðing óréttlátrar málsmeðferðar	20
5.2. Valdheimildir lögreglu og lögmæti í lagaframkvæmd	22
6. Búsáaldabyltingin	22
6.1. Stofnanatraust	25
6.2. Stofnanaréttlæti	25
7. Áhrif lögmætis á samfélagið	27
7.1. Áhrif lögmætis vegna persónulegra samskipta við lögreglu	28
7.2. Hlutverk samvinnu almennra borgara við lögregluna	29
7.3. Hvers vegna hjálpar almenningur lögreglunni við að berjast gegn glæpum í samfélaginu? ..	30
7.4. Áhrif lögmætis með notkun búkmyndavéla.....	31
8. Viðhorf til íslensku lögreglunnar	33
8.1. Rýnihóparannsókn á lögmæti og trausti til lögreglunnar	36
8.1.1 Gögn og aðferðir	39
8.1.2 Fagmennska, traust og lögmæti	39
8.1.3 Sýnileiki lögreglunnar	42
8.1.4 Lögregla á vettvangi mótmæla	43
8.1.5 Umfjöllun um lögregluna í fjölmiðlum	44
8.1.6 Samantekt og lokaorð	45
9. Samantekt og umræður	48
Heimildaskrá	48
Fylgiskjöl	57

1. Inngangur

Lögreglan er ríkisstofnun með valdheimildir og umboð til að stemma stigu við og rannsaka afbrot og óreglu og hefur það sem meginhlutverk að halda uppi lögum og reglu, sbr. lögreglulög (nr. 90/1996). Í íslensku lögreglulögum kemur jafnframt fram að hlutverk lögreglu gagnvart almenningi sé meðal annars að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi almennings með því að halda uppi lögum og reglu. Enn fremur hefur lögreglan það hlutverk að stemma stigu við afbrotum og hvers konar athöfnum sem kunna að raska öryggi almennings, eins og kemur þar fram. Hlutverk lögreglunnar er að halda uppi lögum og reglu. Til þess að lögreglan geti sinnt því hlutverki sem henni er gefið, þarf lögreglan að njóta stuðnings almennings. Lögreglan reiðir sig að stórum hluta á það að almenningur tilkynni afbrot og láti vita ef eitthvað bjátar á eða sér að eitthvað óeðlilegt er á seyði. Til þess að svo megi verða, verður almenningur að treysta lögreglunni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að samstarf lögreglu og almennings er mjög mikilvægt til þess að halda aftur af afbrotum í samfélaginu (Rosenbaum og Lurigo, 1994).

Til þess að almenningur geti treyst lögreglunni þarf hún að gæta hlutlægni í sínum störfum, sýna öllum virðingu og veita réttláta málsmeðferð (Harkin, 2015). Stór hluti afbrota er aldrei tilkynntur til lögreglu (MacDonald, 2001) og hafa rannsóknir sýnt fram á að innan við helmingur afbrota sé tilkynntur (Guðmundur Oddsson, 2014), sbr. dulin afbrot (e. dark figure of crimes). Sumir hópar og einstaklingar forðast það að eiga samskipti við lögregluna eftir fremsta megni. Það má rekja til vantrausts á lögreglunni og skorts á þeim upplýsingum að lögreglan sé að vinna í þágu samfélagsþegna (Stoutland, 2001). Því er mjög mikilvægt að skoða það vandlega hvaða þættir yta undir eða grafa undan trausti til lögreglunnar.

Lögmæti er sú skyldutilfinning að hlýða settum lögum og fylgja þeim (Tyler og Fagan, 2008). Samkvæmt Suchman (1995) er lögmæti forsenda þess að aðgerðir séu taldar réttar eða viðeigandi í samfélögum sem hafa skilgreint ákveðin viðmið. Traust er svo aftur á móti það þegar almenningur treystir því að lögreglan hafi góð áform gagnvart fólki og að lögreglumenn séu hæfir um að sinna því sem almenningur treystir þeim til þess að sinna og geti leyst það vel af hendi (Jackson og Bradford, 2010).

Ein af þeim heimildum sem lögreglan hefur til að uppfylla hlutverk sitt er heimildin til þess að beita valdi (e. use of force). Valdbeiting er úrræði lögreglu til þess að stöðva ákveðna óreiðu, ofbeldi eða hvaðeina sem er til staðar hverju sinni. Þá notar lögreglan líkamlega

aflbeitingu til þess að yfirbuga óeirðarseggi (Klahm og Tillyer, 2010). Þó má lögreglan aldrei ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Þrátt fyrir að lögreglan hafi heimild til að beita valdi, ber henni þó að sýna samviskusemi og kostgæfni í störfum sínum, ásamt því að sýna hlutlægni og réttsýni. Við beitingu valds verður lögregla að gæta þess að valda þeim aðila sem verður fyrir valdbeitingunni ekki meiri skaða eða tjóni en nauðsyn krefur og að misnota ekki valdið sem henni er falið í löggæslustörfum sínum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að neikvætt samband á milli lögreglunnar og einstaklinga getur leitt til tjóns á lögmæti og trausti til lögreglunnar (Zakrison, Hamel og Hwang, 2004).

Sitt sýnist þó hverjum þegar kemur að valdheimildum lögreglu. Lögreglan er undir stöðugu eftirliti almennings sem fylgist gjarnan grannt með hvernig hún starfar þegar hún er að sinna aðgerðum á opinberum vettvangi, ýmist í gegnum fjölmiðla, samfélagsmiðla eða á vettvanginum sjálfum. Reglulega birtast myndbönd og umfjallanir í fjölmiðlum, þar sem verið er að sýna frá störfum lögreglunnar, t.d. við mótmæli. Skoðanir almennings á lögreglunni og háttsemi hennar geta litast af slíku og jafnvel birst með neikvæðum hætti t.d. í samfélagsmiðlunum. Þar sem það er afar mikilvægt fyrir lögregluna að njóta almenns trausts og að vera álitin lögmætt yfirvald, er ekki að furða að fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu viðfangsefni á alþjóðavísu (Bradford og Jackson, 2012; Tyler og Fagan, 2008; Graziano og Gauthier, 2018). Nokkrar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á trausti almennings hér á landi til lögreglunnar (Margrét Valdimarsdóttir, 2018; Tómas Bjarnason, 2014). Niðurstöður rannsókna okkar sýndu fram á að íslenskur almenningsur ber mikið traust til lögreglunnar í alþjóðlegum samanburði og að mikill meirihluti telur lögregluna vera lögmætt yfirvald. Okkur er hins vegar ekki kunnugt um hvort að rannsókn hafi verið gerð á því hvaðan lögmæti íslensku lögreglunnar kemur, þ.e.a.s. hvaða þættir auka líkur á því að almenningsur álitir lögregluna vera lögmætt yfirvald. Lokaverkefni okkar er því ætlað að varpa ljósi á þetta með því að leita svara við rannsóknarspurningunni: *Hvaðan kemur lögmæti íslensku lögreglunnar?*

Til þess að svara þeirri spurningu rannsökuðum við aðallega erlendar fræðilegar heimildir og innlent efni sem koma inn á lögmæti og traust til lögreglunnar. Í þessum efnum má t.d. nefna rannsóknir á viðhorfum innflytjenda til starfa lögreglu (Bradford og Jackson, 2018), þróun á trausti almennings til lögreglunnar og hvort almenningsur telji lögreglu vera lögmætt yfirvald (Margrét Valdimarsdóttir, 2018). Í grunninn er þetta verk rannsóknarritgerð, þar sem fræðilegar heimildir voru notaðar til þess að svara rannsóknarspurningunni (Baldur Sigurðsson, 2006). Einnig framkvæmdum við litla rýnihóparannsókn til þess að dýpka sýn okkar á viðfangsefninu. Við teljum að rannsókn af þessu tagi sé mikilvægt innleg í umræðu um störf lögreglunnar á Íslandi.

Í ritgerðinni verður eins og fyrr segir fjallað um lögmæti og fyrir koma ýmis hugtök sem þarf að skilgreina áður en lengra er haldið. Mikilvægt er að skilgreina hlutverk lögreglu, hvað löggæsla felur í sér og hvernig traust tengist hlutverki lögreglunnar. Þegar fjallað er um lögreglu í ritgerðinni er átt jöfnum höndum við lögregluna á Íslandi og erlendis eftir atvikum. Hlutverk lögreglu er ávallt að gæta að almannaoöryggi og tryggja réttaröryggi (Guðmundur Guðjónsson, 2003). Hlutverk lögreglu er að veita yfirvöldum aðstoð og að halda uppi allsherjarreglu. Lögregla hefur einnig það hlutverk að vinna að því að koma í veg fyrir afbrot og rannsaka þau afbrot sem hafa verið framin, sbr. lög um meðferð sakamála (nr. 88/2008). Lögregla sinnir því ákveðnu þjónustuhlutverki, bæði gagnvart yfirvöldum og almennum borgurum. Til þess að halda uppi lögum og reglu hefur lögregla ákveðnar valdheimildir sem aðrar ríkisstofnanir hafa ekki og er almenningi skylt að hlýða fyrirmælum hennar (Lögreglan, 2014).

Hugtakið lögregla vísar til félagslegrar stofnunar á vegum ríkisins og hugtakið löggæsla felur í sér nokkur ferli með félagslegum aðgerðum. Lögreglu er ekki að finna alls staðar í heiminum, en samt sem áður er alltaf ákveðin löggæsla til staðar (Reiner, 2000). Löggæsla er margslungið hugtak. Jones og Newburn (1998) skilgreina löggæslu sem skipulagsheildir sem viðhalda reglu, svo sem friðargæsla og almenn löggæsla, til dæmis með forvörnum, þvingunum og rannsóknum á afbrotum. Hugtakið traust er oftast skýrt þannig að það feli í sér ákveðið samþykkt varnarleysi. Það þýðir til dæmis að fólk felur ákveðinni stofnun, sem það treystir, að uppfylla væntingar þess um ákveðin gefin loforð eða eitthvað sem gefið var í skyn. Með öðrum orðum, fólk veitir ákveðinni stofnun vald til þess að framkvæma eitthvað sem einstaklingurinn sjálfur, einn og sér, getur ekki gert. Þar með er stofnuninni treyst til þess að leysa ákveðin verkefni á heiðarlegan hátt (Tómas Bjarnason, 2014). Hugtakið lögmæti er flókið og verður ekki útskýrt í stuttu máli. Í köflunum hér á eftir verður reynt að nálgast það með því að skoða skilgreiningar hinna ýmsu kennismiða á hugtakinu. Önnur hugtök verða einnig útskýrd þegar þau koma fyrir í, en ekki gerð sérstaklega grein fyrir þeim hér.

Ritgerðinni er skipt upp í níu kafla. Að loknum þessum fyrsta kafla eða inngangi, tekur við annar kafli sem fjallar um helstu skilgreiningar á lögmæti auk þess sem farið er yfir helstu kenningar um lögmæti og kenningu Weber um þrískiptingu ríkisvalds. Í þriðja kafla er rætt um lögmæti í samhengi við íslensku lögregluna. Farið er yfir þróun íslensku lögreglunnar til dagsins í dag. Í kafla fjögur eru skoðaðar kenningar Locke um samfélagsáttmála í tengslum við lögmæti lögreglu. Fimmti kafli fjallar um mikilvægi réttlátrar málsmeðferðar og afleiðingar óréttlátrar málsmeðferðar. Í sjötta kafla er fjallað um búsáaldabyltinguna og hugtökin stofnanatraust og stofnanaréttlæti. Sjöundi kafli tekur á áhrifum lögmætis á samfélagið, samskipti og samvinnu almennra borgara við lögregluna og hvers vegna almenningur aðstoðar

lögreglu. Í áttunda kafla eru niðurstöður nýlegrar könnunar á viðhorfum almennings til starfa lögreglu reifaðar, auk þess sem niðurstöðum rýnihóparannsóknar okkar á trausti og lögmæti lögreglunnar eru gerð skil. Í kaflanum samantekt og umræður eru helstu niðurstöður okkar dregnar saman og rannsóknarspurningunni svarað.

2. Almennt um skilgreiningu lögmætis

Samkvæmt Tyler og Fagan (2008) er lögmæti sú tilfinning að finnast að manni beri skylda til þess að hlýða lögum og hlíta ákvörðunum yfirvalda. Lögmæti endurspeglar því mikilvæg samfélagsleg gildi sem koma fram í samskiptum yfirvalda og almennra borgara. Mikil áhersla er lögð á það að lögreglan starfi á lögmætan hátt og sé með skýr og áreiðanleg markmið að leiðarljósi í starfi sínu.

Hugmyndin um lögmæti er margþætt og eru flestir fræðimenn sammála um að það sé gagnlegt að greina á milli staðlaðs lögmætis (e. normative Legitimacy) og reynslulögmætis (e. empirical Legitimacy). Um er að ræða staðlað lögmæti þegar yfirvöld uppfylla ákveðin hlutlæg viðmið og skilyrði og lítill spilling er sannarlega til staðar. Á hinn bóginn er reynslulögmætið byggt á skynjun óbreyttra borgara á yfirvaldinu, m.a. persónulegri reynslu. Í þessum skilningi er mögulegt að stjórnvöld séu talin lögmæt, en á hlutlægan hátt uppfylli þau ekki þau viðmið um lögmæti sem eru venjulega samþykkt innan lýðræðislegs samfélags (Hough, 2010). Staðlað lögmæti er skilningur á félagsfræði og afbrotafræði, fremur en lögunum sjálfum. Þegar um er að ræða reynslulögmæti, er almennt litið á slíkt sem réttlæt看lega notkun á valdbeitingu yfirvalds og því eru það lögín sem ráða.

Í félagsvísindum er talað um réttlæt看ingar (e. justifications) sem eiga rætur í félagslegum skilgreiningum, án þess að hafa í huga hlutlæg viðmið. Félagsfræðingurinn Suchman skilgreinir lögmæti sem almenna skynjun eða forsendu þess að aðgerðir séu æskilegar, réttlátar og viðeigandi í sumum félagslega byggðum kerfum, sem hafa ákveðin viðmið og gildi (Suchman, 1995). Samkvæmt Tyler (2006) hlýða einstaklingar skipunum yfirvalda ef þeir telja þær vera lögmætar, byggðar á löglegum grundvelli og eigi sér stoð í lögum, en ekki vegna þess að þeir óttist það að fá refsingu. Það getur því verið álitamál hvers vegna fólk fylgir ekki lögunum og hvort það sé vegna þess að refsingin sé ekki nægilega mikil eða í samræmi við hagsmuni einstaklinga.

Í flestum tilfellum eru þeir einstaklingar sem brjóta af sér, þeir sem treysta hvorki lögreglunni né hafa trú á að lögmæt löggæsla sé til staðar í landinu og því er virðingin ekki til staðar. Þegar skoðað er hvernig lögmæti getur haft áhrif á traust borgara til lögreglunnar, er

talið að þegar borgarar skynja að lögreglan hafi meðhöndlað einstaklinga með sanngirni og takmarkaðri valdbeitingu, þá séu þeir tilbúnir til þess að hlýða fyrirmælum sem lögreglan setur og vinna með henni, jafnvel þótt að niðurstaða íhlutunarinnar sé neikvæð (Tyler, 2006).

Lögmæti lögreglu er hægt að rannsaka út frá sjónarhorni borgaranna, með því að horfa á skoðanir þeirra um sanngirni í löggæslu ríkisins og áhrif þess á viljann til að vinna með henni og fylgja þeim lögum og reglum sem eru í gildi. Hins vegar er einnig hægt að rannsaka lögmæti lögreglu út frá skipulagslegu sjónarhorni, með áherslu á þær þvinganir sem lagðar eru á stofnunina sjálfa og hvernig stofnunin vinnur úr þeim (Worden og McLean, 2017).

Ein útskýring á því hvers vegna opinber stuðningur við lögreglu hverfur ekki, í ljósi dæma um misnotkun á valdi, er sú að umtalsverður fjöldi fólks réttlætir lögregluna almennt og trúir því að hún sé lögmætt yfirvald. Bradford, Jackson og Milani (2016) rannsökuðu gögn og skýrslur frá borgurum í Englandi og Wales, til að komast að því hvaða sess lögmæti skipar þegar um valdbeitingu er að ræða, hvort sem hún er réttlætanleg eða ekki. Mikil vinna fer í það að auka lögmæti löggæslunnar í samfélaginu, sérstaklega hvað það varðar að fylgja lögnum og að fá borgara til samstarfs. Ríkjandi ástæður þessa ferlis er réttlát málsmeðferð samkvæmt Tyler (2006). Það bendir til þess að lögmæti geti myndast um hin mikilvægustu réttlætismál. Sýnt hefur verið fram á að þegar fólk telur lögreglu starfa á sanngjarnan og hlutlausann hátt, með viðeigandi þekkingu og virðingu ásamt jákvæðu hugarfari, þá eru einstaklingar líklegri til þess að upplifa samtök og stofnanir sem lögmæt. Persónuleg reynsla af réttarkerfinu bendir til þess að fólk geti ræktað með sér ákveðna tilfinningu um starfsemi og lögmæti lögreglunnar, þar sem það telur að það deili reglum og gildum með lögreglunni. Það hvetur til þess að fólk innræti sér þá skoðun að lögreglufyrirmælum skuli hlýða.

Rökin fyrir lögmætu lögreglustarfi liggja í kjarna réttarreglna um réttláta málsmeðferð. Rannsókn Tylers og Huo (2002) skoðar meðal annars að hve miklu leyti lögmæti og tengdir þættir, eins og traust og hvatning til ákvörðunartöku, mynda stuðning við yfirvöld. Það virðist sem hegðun lögreglunnar sé virk og að stöðugt sé verið að meta hana af öllum samfélagsþegnum. Því má afturkalla lögmæti ef fólk finnst að hegðun lögreglu samræmist ekki almennt viðurkenndum reglum um réttlæti og sanngirni. Lögmæti er þannig afrakstur félagslegra samskipta, þar sem einstaklingar og samfélög hafa umboð af því og endurspeglast það af reynslu, mati og tilfinningum.

Hins vegar er réttlætiskennend ekki eini þátturinn sem mótar lögmæti og þær aðferðir sem viðhalda því, heldur byggir lögmæti einnig á samræmi laga og opinberri samvinnu lögreglunnar við almenning. Það sem var athyglisverðast við rannsókn Bradfords, Milani og Jackson (2016), var sú uppgötvun að meirihluti lögbærra breskra ríkisborgara viðurkenndi og samþykkti

Þvingunaraðferðir án þess að missa trú á lögmæti. Þeir töldu lögmæti byggja á sameiginlegum reglum og gildum í samfélaginu til að viðhalda hagstæðu sjónarmiði og friði í réttarríkinu. Bradford, Milani og Jackson (2016) komust einnig að því að flestir telji það jákvætt að upplifa sig í „sama liði“ og lögreglan, fremur en að aðgreina sig frá lögreglunni. Þeir sem vilja ekki vera í „sama liði“ og eru tilbúnir til þess að gagnrýna lögregluna af minnsta tilefni, sjá aðgerðir lögreglu sem vísbendingu um átök. Að heyra um eða að sjá óréttmætar gerðir í valdbeitingu lögreglu, getur leitt til þess að fólki finnist það ekki tilheyra slíkum hópi sem styður ofbeldi af hálfu lögreglunnar (Bradford, Milani og Jackson, 2016).

Samkvæmt Bradford og Jackson (2018) benda rannsóknir til þess að viðhorf innflytjenda geti verið jákvæðara til lögreglu en viðhorf innfæddra. Möguleg skýring á því er sú að innflytjendur koma í einhverjum tilfellum frá mjög spilltum löndum og fara til minna spilltra landa. Þeir bera því gjarnan meira traust til lögreglu í móttökulandinu. Þeir hafa þá einungis samanburð við sitt fyrra heimaland og treysta því réttlátari og mildari lögreglu betur, en þeirri sem þeir bjuggu við áður og upplifðu sem mjög slæma.

Lögmæti myndast ekki eingöngu með beinum samskiptum almennings við lögreglumenn, heldur spilar félagsleg- og efnahagsleg staða einstaklinga í samfélaginu einnig inn í upplifun þeirra af lögreglunni. Niðurstöður rannsóknar Bradford og Jackson (2018) sýna til að mynda að innflytjendur sem fluttu til viðkomandi lands sem fullorðnir einstaklingar, að því gefnu að það hefði verið fyrir 15 árum eða fyrr, veita lögreglu meira traust en innfæddir einstaklingar. Aðrir hópar innflytjenda veita lögreglu ekki eins mikið lögmæti og mest áberandi eru þar innflytjendur sem fluttust til viðkomandi lands sem börn. Fólk sem flytur frá fátækari löndum með óskilvirkara og oft spilltara dómskerfi, gefur lögreglu meira lögmæti í landinu þar sem dóms- og réttarkerfi er skilvirkara og árangursríkara. Það gefur sterklega til kynna að lögmæti lögreglu sé jákvætt þegar lítið er um óeirðir og uppþot í hverfum og samheldni er á meðal íbúa. Til þess að fá dýpri skilning á því hvaða sess lögmæti skipar í samfélaginu er mikilvægt að skoða lögmætiskenningar.

2.1. Lögmætiskenning Weber og þrískipting ríkisvalds

Margir fræðimenn hafa velt fyrir sér skilgreiningu lögmætis og hvernig slíkt mat fer fram í samfélaginu. Max Weber, einn af upphafsmönnum félagsfræðinnar, var einn þeirra sem skoðaði lögmæti lagakerfisins og hvað þarf að vera til staðar til þess að lögmæti sé til staðar í samfélaginu (Weber, 1978). Rætur þess hvernig lítið er á lögmæti í nútímasamfélögum má rekja til rannsókna Weber. Hann hélt því fram að hæfileikinn til þess að gefa fyrirmæli sem fólk hlýði

hvíli ekki einungis á valdheimildinni sjálfri. Það er lögmæti yfirvaldsins sem verður til þess að fólk hlýðir sjálfviljugt skipunum. Framsetning hans á lögmætiskenningunni er mikilvæg, því hún útskýrir hvers vegna einstaklingar hlýða yfirvaldinu og fylgja því eftir (Tyler, 2004).

Weber taldi að trú á tilvist lögmætra fyrirmæla fæli í sér að álit væri talið bindandi og afleiðing þess að þeir sem samþykkja lögmæti réttarkerfisins sjái reglur sínar gildandi og fylgi þeim eftir. Með öðrum orðum, þeir sem samþykkja yfirvald verða að gera sér grein fyrir því að fyrirmæli þess er bindandi og ber að fylgja því eftir. Fyrsta markmiðið með lögmætiskenningu Weber var að greina félagslega samninga og reglur frá lögunum. Samkvæmt Weber fela brot á félagslegum reglum og samningum í sér viðurlög, svo sem sniðgöngu í samfélaginu, sem kunna oft á tíðum að vera meira íþyngjandi en lagaleg viðurlög. Weber taldi að fólk fylgdi þessum samningum vegna þess að öðrum kosti yrði því hafnað af öðrum samfélagsþegnum (Weber, 1978).

Á hinn bóginn er tryggt að farið sé að lögum með því að sérhæfa fólk í því að viðhalda fullnustu laga og eru slíkir starfsmenn meðal annars dómara, saksóknara, embættismenn og lögreglumenn. Til þess að fylgja slíkum reglum verður það að vera fullvíst að þeir sem viðhalda og hafa eftirlit með þessum viðurlögum muni nota refsingar ef einstaklingur brýtur þessa samninga. Þar með verður þessum reglum ekki fylgt nema það sé ákveðið eftirlit í gangi og að einstaklingar viti sjálfir að refsingar eru til staðar (Weber, 1978).

Fyrir Weber var sérstaða lögmáls eða lagalegrar viðmiðunar að það væri gefið af sérhæfðum starfsmönnum sem væru ábyrgir fyrir slíkum samningum og sæju um að þeim væri fylgt eftir. Skilgreining hans á lögunum er frábrugðin lögfræðilegum skilgreiningum á tvennan hátt (Hermann, 1983).

Í fyrsta lagi taldi Weber að óhóflega mikil jákvæðni í lagalegum skilningi, væri jafngild þvingunarleið á viðurlögum sem styðja lögmál með valdbeitingu. Hann hélt því fram að tiltekin form af þvingunum væru ekki alltaf nauðsynleg og bendir á að „bróðurleg ráð“ og „vinalæg áminning“ sé réttlætánleg sem þvingunaraðferð (Hermann, 1983).

Seinni flokkurinn sem hann nefndi var að hans mati mikilvægari og það er þegar tilvist hvers kyns uppruna eða stofnun réttarríkis er afneitað. Hann hafnaði þeirri fræðilegri kröfu að lög væru ekki til staðar í fullvalda ríki. Þá er aðallega lögmálið skoðað og með hvaða hætti það er gefið út. Fyrir Weber var sérstaða lögmáls eða lagalegrar viðmiðunar að það væri gefið út af sérhæfðum starfsmönnum sem væru ábyrgir fyrir því og að eftirlit væri á því (Hermann, 1983).

Weber skilgreindi vald (e. power) sem eiginleikann að geta fengið vilja sínum framengt, þrátt fyrir andstöðu annarra (heimild). Vald birtist á mismunandi hátt og spannar frá þvingun (e. force) og til yfirráða (e. authority). Þvingun vísar til þess þegar einstaklingar og

hópar eru beittir valdi og látnir undirgangast eitthvað gegn vilja sínum. Aftur á móti vísa yferráð til þess þegar einstaklingar og hópar samþykkja tiltekinn valdhafa sem lögmætt yfirvald (Witt, 2014)

Til þess að greina hugtakið lögmæti, skipti Weber lögmætu yfirvaldi í þrjár tegundir, eftir því hvaðan valdhafi myndi aðallega sækja vald sitt (sbr. uppspretta valds). Hafa ber í huga að umræddar þrjár tegundir lögmæts yfirvalds eru kjörmyndir (e. ideal types), sem fyrirfinnast ekki í sinni tærustu mynd í samfélaginu (Weber, 1949). Kjörmyndir eru fyrst og fremst hugsáðar til þess að draga fram og undirstrika ákveðin einkenni tiltekins félagslegs fyrirbæris.

Í fyrsta lagi má nefna náðarvald (e. charismatic authority) sem er bundið einstaklingi og persónu hans og byggir aðallega á heillandi eiginleika leiðtogans, sem sýnir að hann hefur réttinn til þess að leiða hópinn með kröftum, spádómum, hetjudómi og öðru slíku. Fylgjendur hans virða rétt hans til þess að leiða hópinn vegna persónuleika hans, en ekki vegna þess hvaða hefðir og lagareglur eru til staðar. Þessi tegund af valdi er einungis tímabundin (Weber, 1949).

Í öðru lagi er hefðarvald (e. traditional authority), eða með öðrum orðum hefðbundin yferráð, sem er byggt á kerfi þar sem valdhafi er álitinn lögmætur vegna þess að hann tilheyrir hópi sem hefur „alltaf“ eða lengi verið við stjórnvölinn eða fellur með öðrum hætti að hefðbundnu fyrirkomulagi. Dæmi um þetta væru einstaklingar sem erfa valdastöðu frá foreldrum sínum í einhvers skonar aðalsskipulagi. Opinberir starfsmenn í hefðarvaldi erfa stöðu sína og eru til staðar vegna ættkvísla eða persónulega tryggðum böndum við fjölskyldu með völd (Weber, 1949).

Loks er regluvaldið (e. rational-legal authority), eða með öðrum orðum hagsýn og lögbundin yferráð, sem byggir á lögum og reglum sem beitt er í stjórnsýslunni og dómskerfinu. Þeir sem setja þessi lög og reglur eru skipaðir eða kjörnir í samræmi við lög. Yfirmenn eru háðir reglum sem takmarka vald þeirra og eiga þar með að skilja einkalíf sitt frá opinberum skyldum. Í regluvaldi eru skrifleg lög og formlegir hættir á því hvernig á að móta og viðhalda ríkisvaldinu. Þjóðfélagsþegnar eru bundnir slíkum lögum og birtist þessi kjörmynd okkur meðal annars hér á Íslandi nútímans (Weber, 1949).

3. Íslenska lögreglan og lögmæti

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn, sbr. 1. gr. stjórnarskrárinnar (nr. 33/1944). Þegar um er að ræða lýðveldi er vísað til þess að þjóðhöfðinginn sé forseti sem kjörinn er af þegnum. Þegnar lýðveldisins kjósa sinn höfðingja ásamt löggjöfum og kemur valdið því frá þeim. Kosningarréttur er veittur þeim sem hafa náð 18 ára aldri og hafa íslenskan

ríkisborgararétt. Það er einnig skilyrði að hafa lögheimili á Íslandi þegar kosning fer fram, nema undantekningar séu ákveðnar í lögum, sbr. 33. gr. stjórnarskrár Íslands (nr. 33/1944). Að tala um það að á Íslandi sé þingbundin stjórn þýðir að hér er stjórnarskrárhelgað þingræði og að ráðherrar skuli vera háðir Alþingi með einhverjum hætti (Eiríkur, Björg, Gunnar og Kristján, 2005).

Löggjafinn, þ.e. Alþingi, veitir síðan lögreglunni í krafti ofangreinds sérstakar valdheimildir sem aðrir í samfélaginu fá ekki og þaðan kemur lögmæti lögreglumanna að stærstum hluta, samkvæmt kenningu Weber (1978) um hagsýn og lögbundin yfirráð (e. rational-legal authority).

Lögmæti er sú sannfæring að yfirvöldum, sem fara með löglegt vald, beri siðferðisleg skylda til að hafa umsjón með og framfylgja lögunum og að almenningi beri skylda til að hlýða lögunum. Komið hefur í ljós að þessi sannfæring hefur bein tengsl við vilja almennings til að hlýða lögunum og vinna með yfirvöldum. Fólki sem finnst að komið hafi verið fram við það af virðingu og réttlæti af hálfu lögreglunnar, er mun líklegra til að telja löggæslustofnanir traustsins verðar og að þær fari með lögmætt vald (Bolger og Walters, 2019). Það er því mikilvægt að skoða þróun íslensku lögreglunnar til þess að fá ákveðna mynd af því hvenær og hvernig lögmætið kom fram hér á landi.

3.1. Söguleg þróun lögreglunnar á Íslandi

Íslenska orðatiltækið „með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða“ á upphaf sitt að rekja til Brennu-Njáls sögu. Þar segir frá því þegar Mördur Valgarðsson sakar Gunnar Hámundarson (höfðingja og stórbónda á Hlíðarenda) um að hafa rofið sátt sem gerð hafði verið. Njáll Þorgeirsson (lögspekingur og stórbóndi á Bergþórshvoli) svaraði því sem hér segir: „Eigi er það sættarrof ... að hver hafi lög við annan því að með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða.“ Halda mætti því fram að þetta hafi markað einhvers konar upphaf laga hér á landi, þar sem markmið og friður voru að leiðarljósi (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Lögreglan hefur ekki alltaf verið til í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag, þ.e.a.s. sem ríkisstofnun með valdheimildir og umboð til að stemma stigu við og rannsaka afbrot og óreglu og með það sem meginhlutverk að halda uppi lögum og reglu (Carrabine o.fl., 2014). Engin eiginleg lögregla var til staðar fyrr á öldum og réði hefndarþorstinn oftast en réttlæti í formi laga og reglna.

Á þjóðveldistímanum (930-1262) voru til lög en ekki skjalfest á blaði, heldur þuldi lögsögumaður lögina upp á Alþingi eftir minni. Samkvæmt Íslendingabók var ákveðið á Alþingi

árið 1117 að skrá skyldi niður lög in í heild sinni. Elsta lögbók Íslendinga, sem var í gildi á þjóðveldistímanum, gekk undir nafninu Grágás og gerði ekki ráð fyrir líkamlegum refsingum. Algengustu refsingar samkvæmt bókinni voru fjársektir en þyngsta refsingin var útleð, þ.e. sá seki var réttðræpur og útskúfaður úr samfélaginu. Fullnusta mála var sett í hendur almennings, sem átti að útkljá sín mál á eigin spýtur. Sem dæmi um það er að ef að maður var veginn, þá var það sett á herðar aðstandenda að ná fram hefndum (Guðmundur Guðjónsson, 2003, bls. 3).

Refsingarstigin voru þrjú í Grágás. Vægasta refsingin var fjársekt, næst vægasta refsingin var fjörbaugsgarður sem fól í sér brottvísun frá Íslandi í þrjú ár og ef viðkomandi fannst á Íslandi á meðan hann átti að vera í útleð, var sá hinn sami réttðræpur. Þyngsta refsingin kallaðist skóggangur, sem var ævilöng útleð frá Íslandi og mátti enginn gefa þeim sem þann dóm hlaut mat, húsaskjól né aðstoða hann við að komast til útlanda (Íslendingasögur, e.d.; Torfi H. Tulinius og Marion Poilvez, 2017).

Í kjölfar tilkomu lögbókanna var framkvæmdavaldið falið umboðsmönnum konungs, sakamál gerð opinber og blóðhefndir voru afnumdar. Aftur á móti komu líkamsmeiðingar og dauðarefsingar inn í staðinn fyrir blóðhefndina. Þessar refsingar áttu að vera fælingarmáttur gegn afbrotum almennings og draga úr löngun þolanda til þess að hefna sín. Dauðarefsing átti að sjá til þess að samfélagið væri alfarið laust við viðkomandi aðila sem braut af sér (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Fyrst voru valdsmenn nefndir í lögbókum og þeirra fyrst getið í Járnsíðu. Í réttarbók frá 1280 var talað um sýslumenn sem handhafa löggæsluvalds og í Jónsbók var bæði talað um sýslumenn og valdsmenn, og er talið að það sé samnefnari yfir starfsheitin. Tímabil Jónsbókar stóð yfir frá 1281 og alveg fram á 18. öld (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Margt er líkt með störfum lögreglunnar í dag og hinna svokölluðu sýslumanna fyrri alda. Sem dæmi þá var handtaka brotamanna hluti af starfslýsingu sýslumanna, vistun brotamanna þar til máli lauk, eftirlit með verslun, rannsókn á málum, yfirheyrslur á vitnum og leit að sjónarvottum. Þar sem að sýslumennirnir eða valdsmennirnir voru ekki margir, gátu þeir kallað til bændur sér til aðstoðar og gátu bændur ekki skorast undan því kalli (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Leifar af þessu ákvæði eru lögfest enn þann dag í dag, því þetta er skráð í 1. mgr. 20. gr. lögreglulaga (nr. 90/1996), en þar er kveðið á um að lögregla geti kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann ef nauðsyn krefur og getur sá hinn sami ekki skorast undan því nema að lífi eða heilsu hans eða fjölskyldu hans sé ógnað.

Árið 1761 var byrjað að byggja nýtt tukthús og voru fangar fengnir í vinnu við að reisa tukthúsið í stað refsingar. Í dag köllum við refsingar á borð við þessar samfélagsþjónustu og er

hún enn við lýði. Samfélagsþjónusta er ólaunað starf sem kemur í stað fangelsisvistar og er framkvæmd þeirra í höndum Fangelsismálastofnunar (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.).

Fyrsta tukthúsið var tekið í notkun á Arnarhóli árið 1764. Fyrir þann tíma voru fangar sendir í þrælkunarvinnu til Kaupmannahafnar. Árin 1751-1758 einkenndust af mikilli fátækt og var mikið um þjófnaði. Fangar voru geymdir af sýslumönnum þar til að pláss var fyrir þá á skipum til þess að senda þá út til Danmerkur í þrælkunarvinnu, með tilheyrandi kostnaði í kringum það. Þá sendu sýslumenn konungi bréf árið 1757 og báðu um leyfi fyrir því að hengja fangana í stað þess að senda þá út til þrælkunar, enda væri það hagstæðara og þeim til þægindaauka. Kröfunni var hafnað en samt sem áður eru einhver dæmi um að sýslumenn hafi aflífað einhverja fanga. Árið 1813 var matarskortur og því varð að sleppa öllum föngum á Arnarhóli út. Þar með varð mikil afturför í fangelsismálum, en umbætur urðu svo aftur þegar að hegningarhúsið á Skólavörðustíg var reist árið 1873 (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Í kjölfar stórbrunans, þann 27. mars 1764 í iðnaðarhúsnæði Innréttinganna sem var í eigu Skúla Magnússonar fógeta (Gunnþóra Gunnarsdóttir, 2018) og með tilkomu tukthússins voru ráðnir inn vaktarar. Það er alls óvíst hvenær vaktarar nákvæmlega hófu störf, en erindisbréf var sett árið 1778. Hlutverk þeirra var að vakta húsnæði og eignir Innréttinganna, fylgjast með öllu sem gat þótt óeðlilegt á þeim tíma og sungu þeir vaktavers á klukkutíma fresti. Með því voru þeir að tilkynna að allt væri í góðu lagi og einnig hvað tímanum liði. Vaktararnir voru vopnaðir morgunstjörnu, sem var langur stafur með göddóttum hnúð ásamt því að bera lukt og stundarglas á sér (Benjamín Julian, 2017).

Þann 4. júní 1791 var næturvarsla Innréttinganna lögð af, en svo réði Reykjavíkurkaupstaður vaktara aftur í vinnu þann 10. nóvember 1791 og var það fyrsti starfsmaður kaupstaðarins (Guðmundur Guðjónsson, 2003). Fyrst um sinn voru lögreglumenn í Reykjavík langflestir drykkjumenn og óábyrgir og beittu fanga stundum harðræði og ofbeldi (Benjamín Julian, 2017).

Þann 15. apríl 1803 varð Reykjavík sérstakt lögsagnarumdæmi. Það sama ár var ráðinn bæjarfógeti til starfa, Rasmus Frydensberg, og tók hann við lögreglustjórn bæjarins. Þá voru einnig tveir danskir lögregluþjónar, þeir Ole Biörn og Vilhelm Nolte, ráðnir til starfa og áttu að vera Rasmus til halds og trausts. Jón Benjamínsson var svo fyrsti íslenski lögregluþjónninn og tók hann við af Ole Biörn. Hann hóf störf árið 1814 en hætti ári síðar. Magnús Jónsson var næsti íslenski lögregluþjónninn og starfaði hann í Reykjavík frá árunum 1826-1839. Eftir 1859 varð löggæslan á Íslandi alíslensk og danskir menn ekki lengur ráðnir til starfa (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

3.2. Yfirlit yfir ráðningu og fjölda lögregluþjóna

Þróun lögregluembættanna á Íslandi hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina. Breytingarnar hafa verið margar og jafnvel lögðust stundum embættin af vegna vangoldinna launa eins og gerðist á Akureyri. Starfsmannafjöldi lögreglunnar var breytingum háð og stundum einungis lögreglumenn á næturvöktum en enginn á daginn. Hér á eftir verður þessum breytingum gerð skil og þróun embættanna sýnd.

- Árið 1809 var sent erindisbréfið „Hreppstjórainstrúx“, þar sem hreppstjórar voru gerðir að starfsmönnum ríkisins og sinntu m.a. löggæslu undir stjórn sýslumanna utan höfuðborgarinnar
- Árið 1820 var sá háttur hafður á Akureyri að ráðinn var inn lögreglumaður til þess að hafa umsjón með ölvun á almannaferi og vakta aðra ólögsmæta háttsemi. Kaupmönnum bæjarins var gert að greiða lögreglumanninum laun og lagðist því embættið af eftir að hægt og rólega dró úr launagreiðslum
- Árið 1854 þurfti aftur að ráða inn lögreglumenn á Akureyri í kjölfar verslunarfrelsis, þar sem tíðari skipakomur voru þar í höfn
- Árið 1855 var lögreglumönnum í Reykjavík fjölgað í þrjá, en 1874 fækkaði þeim aftur í tvo og 1905 urðu þeir aftur þrír
- Árið 1880 var hreppstjórainstrúxið fellt úr gildi og voru settar reglugerðir. Í reglugerðunum var m.a. fjallað um rannsókn á málum og eftirlitsskyldu lögreglumanna á brotamönnum
- Árið 1891 voru sett lög á Alþingi um lögreglusamþykktir og voru þá ráðnir inn lögregluþjónar í helstu þéttbýlum utan höfuðborgarinnar
- Árið 1894 var ráðinn lögregluþjóni á Ísafirði og árið 1901 var bætt við lögregluþjóni á næturnar
- Árið 1908 voru tveir lögregluþjónar ráðnir í Hafnarfirði. Árið 1910 fækkaði þeim aftur í einn en 1917 var þeim aftur fjölgað í þrjá.
- Árið 1915 voru þrír næturverðir skipaðir á Siglufirði
- Árið 1915 var ráðinn lögreglumaður á Ísafirði á næturnar yfir vetrartímamann
- Árið 1923 var lögreglustöðin í Reykjavík opin allan sólarhringinn
- Árið 1918 var lögregluþjónum í Reykjavík fjölgað í níu
- Árið 1929 var lögregluþjónum í Reykjavík fjölgað í 15
- Árið 1920 var lögregluþjónum í Reykjavík fjölgað í 28

- Árið 1933 var lögregluþjónum í Reykjavík fjölgað í 41
- Árið 1937 var lögregluþjónum í Reykjavík fjölgað í 60

Samkvæmt lögreglusamþykkt frá 1891, sem gildi allt til 1919, mátti refska börnum sem voru á aldrinum 10-15 ára með allt að 15 vandarhöggum eða fangelsisvist í allt að átta daga. Þar sem að það kom í hlut lögreglunnar að framfylgja þessum ákvæðum í samþykktinni, þá stóð börnum ógn af lögreglunni. Lögreglan var máluð upp sem grýla, sem myndi koma og hirða þau ef þau myndu haga sér illa. Því hefur lögreglan ekki verið að sinna því traustvekjandi og umhyggjusama hlutverki sem við þekkjum í dag, heldur verið sem ógn og óvinur ef börnin gerðu eitthvað af sér (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Hermann Jónsson var lögreglustjóri í Reykjavík árið 1929. Hann setti reglur fyrir lögregluna í hans tíð og eru mörg ákvæðin grunnur að reglum sem gilda enn þann dag í dag (Guðmundur Guðjónsson, 2003, bls. 23).

Í kjölfar þess að rannsóknarlögreglan tók að starfa þann 1. júlí 1977, færðust rannsóknir brotamála frá Sakadómi Reykjavíkur og lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu til sjálfstæðrar stofnunar (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

3.3. Lögreglan á Íslandi í dag

Störf lögreglunnar í dag eru að mörgu leyti ólík því sem var fyrr á tíðum. Samhliða því að ný lögreglulög tóku gildi 1. júlí 1997 var rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og flest verkefni hennar færð til lögreglustjóra í héraði og embættis ríkislögreglustjóra. Með þessari nýju löggjöf leysti hún eldri lögreglulög og lög um rannsóknarlögreglu ríkisins af hólmi (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Lögreglulögin endurspeglu einna best hvernig nútíma lögreglan er og hennar hlutverk. Í lögnum má m.a. finna hvert hlutverk ríkislögreglustjóra er, skiptingu lögregluumdæmanna, menntun lögreglu, skipulag lögreglu og æðstu stjórn, ásamt því að fjalla um skyldur lögreglumanna og valdbeitingu hennar. Hlutverk lögreglu er skilgreint í 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, meðal annars sem svo:

„að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi og að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota, greiða götu borgaranna og veita

yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu“.

Í 6. gr. lögreglulaga er lögregluembættunum skipt niður í níu umdæmi sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
3. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.
4. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.
5. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
6. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
7. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
8. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
9. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum.

Í 9. gr. laganna er fjallað um handhafa lögregluvalds, en það eru ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri, héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, lögreglustjórar, aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn, sem og fara þeir sem kvaddir eru til að aðstoða lögreglu með lögregluvald. Ráðherra getur í undantekningartilvikum falið öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum. Einnig hafa áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla, tollstjóri og löglærðir fulltrúar hans ásamt tollvörðum lögregluvald á sínu starfssviði þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu. Héraðslögreglumenn og lögreglunemar fara með lögregluvald og hafa sömu réttindi og skyldur þegar þeir sinna lögreglustörfum (Lögreglulög nr. 90/1996). Lögreglan ber einnig ábyrgð gagnvart borgurum jafnt sem yfirvöldum (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Lögreglu ber í störfum sínum „að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttisni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og þekkingu“ (Lögreglan, 2014). Þá er lögreglu skylt að þekkja sínar skyldur, réttindi og ábyrgð. Einnig þarf lögreglan að gæta þess að beita vægasta úrræði hverju sinni þegar hún þarf að beita valdi skv. meðalhófsreglunni, ásamt því að vera óhlutdræg og samviskusöm með það markmið að rannsaka öll mál af kostgæfni til þess að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli fyrir sig, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Lögreglu er heimilt að kveða sér hvern fulltíða mann ef nauðsyn þykir, til aðstoðar (Guðmundur Guðjónsson, 2003) og er það ákvæði lögfest í 20. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu, sbr. 8. gr. laga nr. 90/1996 og 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Menn eru þá skyldugir að bregðast við skipun lögreglunnar og veita

henni aðstoð, svo lengi sem það stofnar hvorki lífi þeirra eða þeirra nánustu, heilbrigði þeirra, velferð eða verulegum hagsmunum í hættu. Þeir fara þá með lögregluvald og njóta sömu verndar og lögreglumenn, sbr. 20. gr. lögreglulaga.

Þann 31. maí árið 2016 samþykkti Alþingi frumvarp um breytingu á menntun lögreglu. Þetta hófst allt á því að þann 14. maí 2014 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögnum nr. 90/1996, sem varð þá að lögum nr. 51/2014. Í kjölfar þess skipaði innanríkisráðherra sérstakan starfshóp til þess að endurskoða Lögregluskóla ríkisins, skipulag hans og starfsemi og átti hópurinn að skila af sér tillögu um framtíðarskipan að menntun lögreglunnar. Skýrsla frá þessum hópi barst þann 15. september 2014. Í lok febrúar 2015 var annar starfshópur skipaður og átti hann að endurskoða lögreglunámið á Íslandi, svo sem grunnmenntun, símenntun og sérmenntun. Síðar átti starfshópurinn að setja fram tillögur um það hvernig mætti efla lögreglunámið.

Niðurstaða beggja hópanna var sú að setja ætti námið á háskólastig en þeir vildu samt sem áður að sérstök eining innan lögreglunnar yrði starfrækt í þeim tilgangi að tengja fræðilega og verklega hluta námsins saman og kom þá mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu til sögunnar (MSL), sem á jafnframt að sinna rannsóknar- og fræðslustarfi innan lögreglunnar. Þetta varð til þess að Alþingi samþykkti frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 sem varð að lögum nr. 61/2016.

Háskólanum á Akureyri var á endanum falið að sinna kennslu og rannsóknum á sviði lögreglufræða í grunnnámi verðandi lögreglumanna, í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (Margrét Herdís Jónsdóttir, 2017). Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. lögreglulaga er hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs m.a. eftirfarandi:

„... annast starfsnám nema í lögreglufræðum við háskóla, hafa umsjón með símenntun lögreglumanna innan lögreglu, annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs, vera stjórnvöldum til ráðgjafar um menntun lögreglumanna, annast alþjóðasamskipti á vettvangi lögreglumenntunar og annast önnur verkefni er lúta að menntun og fræðslu lögreglu“.

Lögreglunámið er búið að þróast í gegnum árin og með því að setja það á háskólastig er Ísland að komast á sama stað og aðrar Norðurlandþjóðir. Það opnar ýmsar leiðir fyrir einstaklinga sem ljúka háskólanámi í lögreglufræðum þar sem framhaldsnám stendur til boða. Reynsla, þekking og nám spilar þátt í að lögmæti sé til staðar en einnig er mjög mikilvægt að skoða álit almennra borgara.

4. Samfélagssáttmáli Locke

Samkvæmt túlkunum Bradford, Jackson og Hough (2013) á hugmyndum Locke um samfélagssáttmála (e. social contract), þá er talið að almenningur sé þeim mun líklegri til þess að hlýða fyrirmælum lögreglu þegar hann upplifir að lögreglan hafi stjórn á aðstæðum og standi vörð um sameiginleg gildi, reglur og stöðugleika í samfélaginu. Hér væri hægt að færa rök fyrir því að eftir því sem meiri félagslegur óstöðugleiki ríkir í viðkomandi umhverfi, muni það ýta undir neikvæða upplifun af störfum lögreglunnar, sem hefur áhrif á getu lögreglunnar til að halda uppi reglum. Dæmi um slíkan óstöðugleika gæti verið að ungt fólk hangi langt fram eftir nóttu og valdi íbúum miklu ónæði með látum og eignarspjöllum, án þess að lögreglan geri nokkuð í því. Hér gæti svo farið að almenningur liti svo á að lögreglan hefði ekki stjórn á aðstæðum eða að lögreglan hefði ekki sameiginlegra gilda eða hagsmuna að gæta með almenningi, sem myndi koma niður á lögmæti valds lögreglunnar (Bradford, Jackson og Hough, 2013).

Með því sem fjallað er um hér að ofan er verið að uppfylla það sem Locke taldi, að það sé almenningur sem gefi lögreglu heimild til þess að stjórna (Bradford, Jackson og Hough 2013), meðal annars með kosningum og veitingu valdafulltrúa eins og fjallað var um í kafla þrjú. Það er samvinnan sem er lykilatriði og án stuðnings frá almenningi er mikið um félagslegan óstöðugleika í samfélaginu. Samkvæmt Locke þurfa yfirvöld að vera nógu kraftmikil til þess að geta beitt sér þegar ágreiningur verður en jafnframt bregðast við af hlutleysi og sanngirni, gangi faglega til verks og taki ekki afstöðu. Það skiptir máli að yfirvaldið sé hæft til þess að beita íhlutun í átökum eða deilum án þess að taka þátt í þeim. Ef yfirvöld geta ekki beitt slíku hlutleysi ógnar það lögmæti þeirra, sem getur ýtt undir ákveðið stjórnleysi.

Locke bendir á að í raun sé ekki neitt æðra vald en borgararnir sjálfir. Sé það samþykkt af samfélaginu að þar sé sameiginleg stjórn, þá sé ekki hægt að aðskilja vald frá þeim einstaklingum sem þurfa að lúta því. Beiting valds verði að vera á sama grundvelli og samfélagið hefur samþykkt. Sé það ekki raunin, gæti beiting valds grafið undan frelsi og jafnrétti. Það skipti máli fyrir fólk að upplifa sig tilheyra sama hópi og yfirvöld, t.d. að það sé ekki „við og þeir“ eða „við á móti þeim“, heldur að það séum „við“ sem stöndum saman (Näsström, 2007).

Ef einstaklingar upplifa að lögreglan eða ríkið standi ekki vörð um hagsmuni þeirra, getur það orsakað að viðkomandi líti svo á að það sé réttlæt看legt að verja sína eigin hagsmuni sjálfur (sbr. að taka lögin í sínar eigin hendur). Lawson (1990) bendir á að þetta geti einkum átt

sér stað í hverfum þar sem íbúar upplifa háa glæpatíðni og lítil viðbrögð eða lítil geta er hjá lögreglu til þess að sporna við vandamálinu.

Lawson (1990) taldi að í *The Second Treatise of Government* eftir Locke séu ábendingar um að hræðslan við að verða fórnarlamb glæps, sérstaklega fyrir íbúa í hverfum með háa glæpatíðni, geti valdið því að þeir telji að þeim beri ekki skylda til þess að fara eftir lögum og reglum til þess að verja sig. Lawson túlkar orð Lockes á þann hátt að þegar slík þróun eigi sér stað, sé hvorki um borgaralega óhlýðni að ræða eða „vigilantism“. Lawson telur að þetta kalli á endurmat á hugtakinu um vernd og hvað borgararnir telji að ríkið geri til þess að vernda þá og einnig hvað ríkið telji sig gera til þess að vernda borgarana.

Lawson (1990) fjallar um túlkanir Locke á því að sé traust til ríkisins til staðar, sé það í höndum borgaranna sjálfra að ákveða hvort að slíkt rof hafi átt sér stað. Ef borgararnir ákveða að traust til ríkisins sé ekki lengur til staðar, þá hafa þeir siðferðislegan rétt á að verja sig. Locke telur að borgararnir hafi ávallt þennan rétt til sjálfsvarnar, ef þeir telji að ríkið geti ekki lengur varið þá og á hvaða hátt þeir geri það. Standi borgararnir frammi fyrir því að þeir telji ríkið ekki verja sig nægjanlega vel, þá stendur val þeirra á milli tveggja leiða. Annars vegar að ýta á ríkið og gera kröfur um að það beiti sér meira í því að vernda sig, eða taka málin í sínar hendur, stofna ríki í ríkinu, og uppfylla þannig þær kröfur um vernd sem þeir óska eftir, frá eigin hendi, en ekki hendi ríkisins.

Hér mætti benda á að Lawson heldur því fram að þrátt fyrir að borgarar telji að ríkið sé ekki að uppfylla skyldur sínar til að verja þá nægjanlega vel, þá hafi þeir ekki óskorðaðan rétt til þess að taka málin í sínar eigin hendur. Það sé í raun í höndum ríkisins og viðbrögð þess við kvörtunum borgaranna skeri úr um það hvort að borgararnir telji sig njóta fullnægjandi verndar. Með þetta í huga má leiða að því líkur samkvæmt Locke að það skipti miklu máli að vernd ríkisins á borgurum sínum sé einn af grunnkostum samfélagssáttmálans. Séu ekki allir borgarar jafnir, þá vakni upp efasemdir um aðild að samningunum og glæpir séu afrakstur þess að þeir sem telja sig berskjaldaða fara að efast um skyldur sínar gagnvart ríkinu og þar með skilning samfélagsins á kenningunni um samfélagssamninginn (Lawson 1990).

5. Réttlát málsmeðferð

Allir eiga að hafa sömu réttindi og sömu möguleika til þess að taka mál fyrir dóm og vera jafn réttháir aðilum ríkisvalds. Rétturinn til réttlátra réttarhalda byggir á mörgu, eins og því hvernig sönnunargögnin eru kynnt, hegðun réttarmeðlima, almennings og fjölmiðla (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Eins og áður hefur komið fram, samanstendur hlutverk lögreglu af löngum lista af verkefnum og skyldum sem eru samþykkt af samfélaginu. Það er lögfest í lögum að handhafar lögregluvalds mega ekki beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila, né að beita ólögmætri þvingun í orði eða verki. Heimild til valdbeitingar þarf að vera innan marka og fer það gegn lögum að nota meira vald en nauðsynlegt er hverju sinni, sbr. lögreglulög (nr. 90/1996).

Samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (nr. 62/1994), sbr. 70. gr. stjórnarskrár Íslands (nr. 33/1944), á aðili sem er borinn sökum um refsivert brot rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli. Þessi regla nefnist réttlát málsmeðferð og er varðveitt í æðstu heimild laga hér á landi. Reglan tekur bæði til vinnu lögreglunnar við rannsókn mála sem og dómstóla þegar rannsókn er lokið og er talin vera ein af grundvallarreglum réttarríkisins. Rannsókn skal fara þannig fram að öllum gögnum er safnað til þess að leiða hið sanna í ljós, óháð því hvort það sé sakborningi í hag eða óhag (Mannréttindasáttmáli Evrópu nr. 62/1944)

Lögreglan skal ávallt sýna árvekni í starfi og þekkja skil á skyldum sínum og ábyrgð þeirri sem fylgir starfinu og þarf hún einnig að gæta hlutlægni, sbr. 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (nr. 62/1944). Það er síðan starf dómstóla sem taka á móti gögnum að komast að því hvort einstaklingur sé sekur eða saklaus sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar (Guðmundur Guðjónsson, 2003).

Samkvæmt hugmyndum Tylers (Bradford, Jackson og Hough, 2013) um réttláta málsmeðferð (e. procedural justice), hefur framkoma lögreglu í garð almennings mikil áhrif á það hvort lögreglan sé álitin lögmætt yfirvald eður ei. Sem dæmi má nefna að það er talin réttlát málsmeðferð þegar almenningur upplifir að lögreglan komi fram af virðingu, að lögreglan sé aðgengileg og vinaleg, taki sér tíma til að útskýra og hlusta, ásamt því að fólk upplifir réttlæti og sanngirni. Réttlát málsmeðferð getur endurspeglast í því að sá sem brýtur af sér, upplifir að þrátt fyrir brot sitt komi lögreglan fram við hann sem manneskju (Bradford, Jackson og Hough, 2013). Tyler fullyrðir að réttlát málsmeðferð leiði til skoðana um lögmæti stofnana, sem er lögfest í lögum og með samvinnu við lögregluna. Í samhengi við skrif Tylers benda rannsóknir til þess að fólk sem upplifir að lögreglan hafi réttláta málsmeðferð í hávegum í störfum sínum, er líklegra til þess að fara eftir lögnum og að vinna með yfirvöldum, en fólk sem skynjar að lögreglan starfi ekki á réttlátan og sanngjarnan hátt (Bolger og Walters, 2019).

Niðurstöður rannsóknar Tyler og Lind (1988) bentu til þess að það að gefa einstaklingum tækifæri til að tjá sig, getur verið nóg til þess að líta á ferlið sem sanngjarnt af þeirra hálfu, þó svo að niðurstöður málsmeðferðar séu ekki þeim í hag.

Niðurstöður rannsóknar Bolger og Walters (2019) renna frekari stoðum undir hugmyndir Tylers (2003, 2006) og það ferli sem hann telur að lögmætisferlið byggist á. Nánar tiltekið, þá er það fólk sem trúir því að það hafi verið meðhöndlað af virðingu af lögreglunni, líklegra til að sjá lögboðnar stofnanir og lögaðila sem trúverðugar og lögmætar stofnanir. Enn fremur auka jákvæðar skoðanir á lögreglunni líkur á því að almennir borgarar tilkynni glæpastarfssemi til löggæslustofnana. Þetta styður við niðurstöðu Tylers (Bradford, Jackson og Hough, 2013) að þrátt fyrir að einstaklingur brjóti af sér og náist (e. caught) af yfirvaldinu, þá upplifi hann samt sem áður réttláta og sanngjarna málsmeðferð.

Í nýlegri samantektarrannsókn (e. meta-analysis) hafði lögmæti meri áhrif á samvinnu við almenning en lög og reglur, einkum þegar langtímagögn voru til staðar. Meirihluti rannsókna styður þá hugmynd að upplifun af sanngjarnri meðferð lögreglunnar spái fyrir um skoðanir á lögmæti þeirra og að skoðanir um áreiðanleika lögreglunnar við að stemma stigu við afbrotum (Bolger og Walters, 2019).

Bolger og Walters (2019) komust jafnframt að því með rannsókn sinni að aldur, það að tilheyra minnihlutahópi og menntunarstaða, hafi áhrif á það hvort einstaklingar telja lögregluna vera lögmæta og vilji samvinnu við hana. Bæði yngri þátttakendur og minnihlutahópar eru samvinnufúsir þegar lögreglan starfar af sanngirni og lögmæti. Ungt fólk er líklegra til að lenda í höndum lögreglu vegna þess að það er líklegra til þess að taka þátt í afbrotum en þeir sem eldri eru. Minnihlutahópar búa oft á svæðum þar sem glæpastarfssemi er yfir meðallagi og lögreglan er því meira áberandi.

Réttlætislíkan Tylers segir okkur einnig að karlar séu líklegri til þess að fremja ofbeldisbrot en konur (Bolger og Walters, 2019), vegna þess að þær hafa ákveðna tilhneigingu til þess að gæta þess að halda samþykki lögreglunnar (Miller og Davis, 2008) og eru líklegri til þess að tilkynna glæpi en karlar (Kochel, 2018). Sambandið á milli lögreglu og minnihlutahópa hefur verið mjög áhugavert rannsóknarefni á meðal afbrotafræðinga í því skyni að greina ákveðnar vísbendingar um lykilatriði í löggæslu (Bradford, Jackson og Hough, 2017). Umfjöllun okkar í þessum kafla undirstrikar að það er nauðsynlegt að lögreglan komi fram af sanngirni og réttlæti við alla, óháð samfélagslegri stöðu, sérstaklega þar sem það getur skipt máli fyrir samstarf hennar við borgarana. Óréttlát málsmeðferð getur haft margvísleg alvarleg eftirköst, eins og fram hefur komið. Þar sem réttlát málsmeðferð endurspeglar lögmæti og traust almennings til almennings, er hægt að segja að óréttlát málsmeðferð sé í andstæðu við það.

5.1. Afleiðing óréttlátrar málsmeðferðar

Stofnanir samfélagsins þurfa að vera álitnar lögmætar af almenningi til þess að geta þróast. Það sama á einnig við um lögregluna sem stofnun. Lögmæti við störf og opinbert samþykki eru nauðsynleg skilyrði réttlætanlegrar beitingar ríkisvalds. Þeir sem eiga að fylgja fyrirmælum lögreglu verða að sjá hana sem lögmæta og réttláta (Tyler, 2004).

Hvati fólks til þess að fylgja lögum og fyrirmælum lögreglu liggur í því hvernig almenningur upplifir lögregluna. Í fyrsta lagi reynir á upplifun um óréttmæta málsmeðferð, þegar um er að ræða virðingarleysi og ósanngjarna ákvörðunartöku af hálfu yfirvaldsins. Yfirvaldið, reglur, framkoma og valdbeiting tákna lögmæti og skiptir það miklu máli hvernig einstaklingar eru meðhöndlaðir af því (Jackson, Bradford, Hough og Quinton, 2012).

Í öðru lagi skaðar óréttlát málsmeðferð ekki einungis viðhorf einstaklinga til lögreglunnar, heldur einnig tengsl á milli borgara, lögreglunnar og embættis lögreglustjóra. Með því að koma fram við aðila á ósanngjarnan hátt eru skilaboð lögreglunnar til almennings skýr, „einstaklingurinn er ekki metinn í samfélaginu“. Vanvirðing og ósanngjörn ákvörðunartaka lögreglu getur grafið undan upplifun almennings af lögreglu sem lögmæts yfirvalds og leitt til þess að einstaklingar spyrja sig hvort stjórnvaldinu sé treystandi fyrir löggæslunni (Jackson, Bradford, Hough og Quinton, 2012).

Álit á lögreglunni mótast af upplifun, persónulegri reynslu, sögusögnum og umfjöllun um stofnunina. Samkvæmt Greenfeld, Langan, Smith og Kaminski (1997) á ungt fólk það til að meðtaka fleiri ósannindi en eldri aldurshópar um hegðun lögreglu og reynslu af henni.

Í rannsókn Weitzer (2002) kemur fram að þeir sem búa í fátækum hverfum hafa tilhneigingu til að tilkynna um fleiri atvik um neikvæða persónulega reynslu, athuganir og tjá skoðanir sínar á lögreglunni fremur en þeir sem búa í millistétt.

Það er hins vegar ekki einungis persónuleg reynsla af lögreglunni sem spilar inn í vantraust á henni, heldur einnig orðrómur og frétttaflutningur af einstökum dæmum um ólögmæta starfssemi. Í rannsókn Weitzer og Tuch (2005) virðist viðhorf til lögreglunnar vera undir miklum áhrifum frá fjölmiðlum, ekki síst hvað varðar umburðarlyndi um atvik hverju sinni. Neikvæð viðhorf til lögreglu aukast á meðan frétttaflutningur á sér stað og strax eftir frétttaflutning, þegar um er að ræða misferli af hálfu lögreglunnar og skiptir það einnig miklu máli hversu oft er fjallað um málið.

Sem dæmi um þetta má nefna að í mars árið 2002 var Patrick Dorismond skotin til bana í New York eftir að hann var handtekinn af leynilögreglunni. Dorismond neitaði að selja lögreglumanninum ákveðna tegund lyfja, með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn skaut

hann til bana, óvopnaðan. Þessi atburður fékk mikla umfjöllun í fréttum víða um heim og því myndaðist neikvæð skoðun á lögregluna sem stofnun, þar sem um var að ræða ójafnrétti og ólögmati (Weitzer, 2002). Hér á landi eru svipuð dæmi, þar sem neikvæð umfjöllun um lögregluna veldur því að ákveðinn hóp af fólki treystir henni ekki. Það er til dæmis ekki langt síðan að myndskreiði af mótmælum við Austurvöll var dreift víða á samskiptamiðlum og í fréttum. Þar var tekinn upp bútur þar sem lögreglan þurfti að beita valdi til þess að stemma stigu við þeirri óeirð sem var að myndast í kringum mótmælin. Margvíslegar skoðanir komu fram um þetta og sérstaklega neikvæðar skoðanir í garð lögreglunnar.

Út frá könnun sinni komust Weitzer og Tuch (1999) að því að viðhorf til lögreglunnar virðist hafa neikvæð áhrif ef um spillingu er að ræða, óháð því hvort persónuleg reynsla sé til staðar eða ekki. Mest truflandi atvik gleymast seint og sérstaklega þegar að umfjöllun um tiltekinn verknað má skýra með kynþáttafordómum (e. racism) eða sem hatursglæp (e. hate-crime).

Ólögmat starfsemi af hálfu lögreglunnar getur leitt til þess að samvinna almennings við lögregluna verði enginn. Árið 2004 gerðist sá atburður að lögreglumenn við störf sín ásamt lögreglumönnum sem voru ekki á vakt þennan dag, börðu Frank Jude til óbóta, en hann var af afrískum-amerískum uppruna. Afleiðingar barsmíðanna voru meðal annars nefbrot, blæðing úr eyra þar sem penna var troðið þar inn og niðurlægning. Hann var skilinn eftir nakinn að ofan í sínum eigin blóðpolli. Þetta gerðist vegna þess að Jude rænda lögreglumerki af einum lögreglumanninum. Þetta atvik hafði ekki einungis áhrif á fórnarlambið sjálft og lögreglumennina sem voru sóttir til saka, heldur einnig aðra einstaklinga í samfélaginu sem eru taldir vera í minnihlutahóp samkvæmt rannsókn Desmond, Papachristos og Kirk (2016). Slíkur atburður, þar sem um misferli lögreglu er að ræða, veldur því að einstaklingar vilja ekki vinna með lögreglunni og eru meðal annars hræddir við að hringja inn tilkynningar í neyðarlínu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 17% færri símtöl komu til lögreglunnar, borið saman við fjölda símtala áður en þessi atburður átti sér stað. Þrátt fyrir að þeir lögreglumenn sem hófu ólögmeta árás hefðu verið sóttir til saka, héldu slíkar tölur áfram að berast, þar sem fólk átti erfitt með að öðlast traust til löggæslunnar að nýju (Desmond, Papachristos og Kirk, 2016). Traust til lögreglunnar skiptir afar miklu máli til þess að efla samvinnu og að halda uppi lögmætri stofnun í samfélaginu sem fólk getur reitt sig á. Einstaklingar hætta að treysta lögreglunni ef um ólögmati er að ræða og þar má einnig nefna það ef valdheimildir eru misnotaðar.

5.2. Valdheimildir lögreglu og lögmæti í lagaframkvæmd

Lögreglumenn gegna mikilvægu hlutverki sem fyrstu viðbragðsaðilar á vettvang (heimild). Þeir vita oft ekki við hverju á að búast eða hvernig aðstæðurnar hafa þróast. Þegar við skoðum lögmæti í lagaframkvæmd og hvernig beita megi valdbeitingarheimildum, er nærtækast að skoða III. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sem ber nafnið „Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa“. Þar er tekið skýrt fram hvernig starfshættir skulu vera. í 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga:

„Handhafa lögregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samvirkusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á móttþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.“

Neikvætt samband getur leitt til tjóns á lögreglunni og minnkað traust almennings til hennar. Sumar aðstæður sem lögreglan fer í þarfnast valdbeitingar til þess að stemma stigu við því sem er að gerast og erfitt getur reynst að taka ákvarðanir á augnabliki án þess að nota einhvers konar valdheimildir (Zakrison, Hamel og Hwang, 2004). Í 14. gr. lögreglulaga segir að handhafar geti notað vald til að sinna skyldum sínum, en megi aldrei ganga lengra en þörf er á hverju sinni. Þessi meginregla kallast meðalhófsreglan og er einnig lögfest í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í ljósi þess að lögreglumönnum er heimilt að nota valdbeitingu við störf sín, er sérstaklega tekið tillit til þess hvert markmið sé hverju sinni. Valdbeiting lögreglunnar getur verið mikilvæg til þess að stemma stigu við atburðum sem eiga sér stað, án þess þó að fara út fyrir heimildina. Búsáaldabyltingin er gott dæmi um góð störf lögreglunnar vegna mótmæla, þar sem valdbeiting var til staðar og talin vera nauðsynleg.

6. Búsáaldabyltingin

Búsáaldabyltingin, sem átti sér stað í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008, varð til þess að auka traust til lögreglunnar að mati margra. Búsáaldabyltingin hófst í kjölfar falls íslensku bankanna. Mótmælendur vildu að stjórn Seðlabankans og þáverandi ríkisstjórn segðu af sér, þar sem traust almennings var ekki lengur til staðar.

Þegar heildarsamhengið er skoðað í samantekt á skipulagi lögreglu við mótmælin í kjölfar efnahagshrunsins frá október 2008 til janúar 2009, má sjá að aðeins minniháttar meiðsl urðu á lögreglumönnum við störf sín. Traust almennings til Alþingis féll í kjölfar hrunsins en að sama skapi jókst það í garð lögreglunnar (Tómas Bjarnason, 2014). Búsáaldabyltingin hafði því meðal annars táknað áhrif. Lögreglan átti þó undir högg að sækja og lögreglumönnum var stofnað í hættu. Grjóti, flöskum, matvælum og alls kyns aðskotahlutum var kastað í hús Alþingis, þar sem lögreglan stóð vörð, en færri slösuðust þó en reiknað var með (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Hlutlæg efnahagsstaða einstaklinga í samfélaginu, svo sem tekjur og greiðsluferfiðleikar, höfðu engin marktæk tengsl við þátttöku í mótmælunum, samkvæmt rannsókn Jóns Gunnars Bernburg, Berglindar Sigurðardóttur og Sigrúnar Ólafsdóttur (2010). Einstaklingar sem höfðu neikvæðar væntingar um stöðu sína og lífskjör í samfélaginu næstu árin, voru aftur á móti líklegri til þess að mæta oftar en einu sinni á mótmæli. Þessi niðurstaða styður við kenningar Davies (1962), um að bylting eigi sér stað þegar bilið á milli þess sem fólk vill og þess sem það fær eykst og verður óþolanlegt til lengri tíma. Hér er sérstaklega vísað til lífskjara og gæða í samfélaginu.

Búsáaldabyltingin vakti mikla athygli fyrir það hve lítið líkamlegt ofbeldi átti sér stað, þrátt fyrir mikið áreiti sem lögregla mátti þola, mannmergð og hve sterkar tilfinningar réðu för mótmælenda. Sögulega séð hefur íslenska lögreglan ekki mikla reynslu af pólitískum óeirðum eins og þeim sem áttu sér stað í búsáaldabyltingunni. Lögreglan hefur því mjög takmarkaða reynslu af því að takast á við svo stórar mótmælaaðgerðir. Þá þykir áhugavert hversu margir áhrifaþættir voru til staðar sem geta ýtt undir eða kallað fram líkamlegt ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Dæmi um áhrifaþætti sem hér er verið að ræða um eru ögrun (Green, 2001), mannþröng (Lawrence og Andrews, 2004), líkamleg óþægindi (Anderson o.fl., 2001), hávaði (Glass og Singer, 1973) og hiti (Anderson, 2001). Allir þessir þættir voru til staðar í mótmælunum. Þá þykir þreyta einnig vera líklegur áhrifaþáttur til að kalla fram ofbeldi. Samkvæmt Ingólfi er nóg að notast við tvo af þessum áhrifaþáttum til þess að ýta undir árasakennda hegðun. Síðan eykst hættan með hverjum áhrifaþætti sem er til staðar á sama tíma. Þrátt fyrir að allir þessir þættir væru til staðar, virtist lögreglan þó hafa samúð með mótmælendum og upplifði sig ávallt með stjórn á aðstæðum. Svo virðist sem þjálfun lögreglumanna í mannfjöldastjórnun ásamt „afpersónugeringu“ og stjórnun yfirmanna, teljist lykilþáttur í því að ofbeldið varð eins lítið og raunin var í búsáaldabyltingunni (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Þrátt fyrir að allir þeir þættir sem lýst var hér væru til staðar í búsáhaldabyltingunni og hefðu auðveldlega átt að geta kallað fram ofbeldi, þá gerðist það ekki svo heitið geti. Þó var barið í hjálma lögreglumannanna sem voru einnig klæddir þungum brynjum. Mikill hiti myndaðist undir brynjunum og aukið álag varð á líkama lögreglumanna, þar sem brynjurnar voru töluvert þungar. Lögreglumennirnir voru sumir hverjir búnir að standa þarna í 12-13 klukkutíma og náðu margir hvorki að borða né drekka í langan tíma. Það er ljóst að stundum mátti litlu muna að til átaka kæmi og að ofbeldi og valdi væri beitt. Yfirmenn þeir sem stjórnðu aðgerðum voru þó fljótir að sjá ef að menn voru að gefa sig og kipptu þeim úr línunni til þess að leyfa þeim að róa sig niður og ná áttum (Ingólfur V. Gíslason, 2014). Þá er einnig nefnt að lögreglumenn hefðu aldrei upplifað það að þeir réðu ekki við stöðuna og að þeir hefðu geta sett sig í spor mótmælenda. Lögreglumennirnir tóku árásum á sig yfirleitt ekki persónulega og höfðu fullan skilning á kröfum mótmælenda, áhyggjum og reiði (Ingólfur V. Gíslason, 2014). Sem mælikvarði um hve mikilvægt það er að lögreglan vandi til verka, má benda á að traust til lögreglu jókst í kjölfar Búsáhaldarbyltingarinnar (Tómas Bjarnason, 2014).

Viðmælendur Ingólfs V. Gíslasonar (2014), þ.e. lögreglumenn sem stóðu vaktina í búsáhaldabyltingunni, skiptu mótmælendum í þrennt og í raun áhættugreindu einstaklingana eftir ógn og þeirri hættu sem gæti stafað af þeim:

„Það má kannski skipta þessu í þrennt, þessum mótmælum. Í fyrsta lagi er það þessi almenni borgari sem, sko, hann var bara vondur og kom bara þarna og mótmælti með nærveru sinni. Svo eru það anarkistarnir, og þeir fara alltaf eins langt og þeir geta sko, en okkur stendur engin ógn af þeim þannig, þeir eru ekki með neitt ofbeldi gagnvart okkur eða þannig. Og svo er það svona þriðji hópurinn sem er svona á jaðrinum við ... glæpaliðið og það er kannski liðið sem okkur stendur ógn af.“

Viðmælendur nefndu að undir lok átakanna hafi það verið góðkunningjar lögreglunnar, eða glæpaliðið með öðrum orðum, sem áttu það til að nýta sér mótmælin til þess að hefna sín á þeim. Slíkt flokkast sem persónuleg árás í garð lögreglunnar. Með byltingunni opnaðist ákveðið rými fyrir þessa einstaklinga til þess að jafna út það sem lögreglan gerði þeim, með því að mæta og mótmæla henni ásamt því að kasta hlutum. Það var einnig talin vera persónuleg árás í kjölfar byltingarinnar, þegar mótmæli voru hafin við lögreglustöðina. Einstaklingur sem hafði verið að mótmæla áður var handtekinn, en þó ekki vegna mótmælaaðgerðanna sjálfra og því var rofin þessi friðsemdarpólitík sem var í gangi, til þess að frelsa þennan einstakling sem tekinn var í varðhald. Rúður í lögreglustöðinni voru brotnar og mótmælendur brutu sér leið inn í anddyri

stöðvarinnar. Það sem myndaðist í kjölfar þess var samúð gagnvart lögreglunni ásamt því að traust varð sýnilegra (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Traust er sálfræðilegt ástand sem felur í sér ætlun til þess að taka á við varnarleysi sem byggist á jákvæðum væntingum um fyrirætlanir og hegðun annarra. Þar með er áhætta og gagnkvæm tengsl nauðsynlegt skilyrði fyrir því trausti, þar sem þeir sem treysta geta þurft að taka afleiðingum af því (Rousseau o.fl., 1998). Í rannsókn Tómasar Bjarnasonar (2014) voru niðurstöður þær að á meðan ríkisstjórnin missti traust almennings í kjölfar búshaldabyltingarinnar, þá jókst traustið til lögreglunnar á sama tíma. Þegar skoðað er traust til lögreglunnar árið 2012, eftir að efnahagshruninu var lokið, er hægt að sjá að 84,9% bera traust til hennar, en aðeins 11,4% bera traust til Alþingis.

6.1. Stofnanatraust

Hugtakið stofnanatraust er oftast skýrt út á þann veg að traust feli í sér ákveðið samþykkt varnarleysi. Það þýðir að fólk felur ákveðinni stofnun sem er treyst af þeirra hálfu til þess að uppfylla væntingar þeirra um ákveðin gefin loforð eða til einhvers sem gefið var í skyn. Með öðrum orðum veitir fólk ákveðinni stofnun vald til þess að framkvæma eitthvað sem einstaklingurinn sjálfur, einn og sér, getur ekki gert. Þar með er stofnuninni treyst til þess að leysa ákveðin verkefni á heiðarlegan hátt. Vantraust þýðir þá að fólk telur að kerfið hafi brugðist og hafi ekki getu til þess að ráða fólk til starfa sem er heiðarlegt og að hægt sé að treysta (Tómas Bjarnason, 2014).

Í fjölbreytugreiningu þar sem 47 þúsund þátttakendur í 17 ríkjum tóku þátt, voru áhrif ýmissa þátta á traust skoðuð. Þar kom í ljós að tengsl voru á milli stéttarstöðu fólks og trausts til lögreglu. Tengslin voru jákvæð, en samt sem áður veik. Einnig kom í ljós að aldur, félagslegt traust og ánægja með lífið tengdist trausti til lögreglu, ásamt því að konur voru örlítið líklegri en karlar til þess að treysta lögreglu (Tómas Bjarnason, 2014).

6.2. Stofnanaréttlæti

Hugtakið stofnanaréttlæti (e. organizational justice) var í fyrstu notað til þess að útskýra það hvernig fólk upplifir sanngirni á vinnustað (Greenberg, 1987). Hugtakinu má skipta í þrjár víddir; jafnaðar- (e. distributive), formfestu- (e. procedural) og samskiptaréttmæti (e. interactional). Jafnaðaréttmæti tekur til upplifunnar á sanngirni niðurstöðu eða ákvörðunar. Formfesturéttmæti tekur á ferlinu við að komast að niðurstöðu eða ákvörðun og samskiptaréttmæti tekur á samskiptum og framkomu, t.d. yfirmanna gagnvart undirmönnum og

sanngirni í samskiptum og ferlum innan stofnunar. Stofnanaréttmæti í heild sinni tekur á því hvað starfsmenn telja vera sanngjarna framkomu innan sinnar stofnunar og hvernig þeirra skynjun á því hefur áhrif á þætti eins og frammistöðu og framkomu (Reynolds og Hicks, 2015).

Margar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á áhrifum framkomu lögreglu í garð almennings og hvort almenningur upplifi réttláta málsmeðferð. Lítið hefur verið rannsakað hvort lögreglan upplifi eða hvort hún njóti í raun réttlætis á sínum vinnustað. Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á stofnanaréttlæti (e. organizational justice) innan lögreglustofnana, benda niðurstöður til þess að ef lögreglumenn upplifa sanngirni, jákvætt viðhorf og æskilega hegðun í sinn frá garð frá vinnuveitanda og yfirmönnum, ýti það undir að lögreglumenn endurspegli slík viðhorf í samskiptum við aðra. Að sama skapi er hægt að sýna fram á að ef lögreglumenn upplifa ósanngirni og neikvætt viðhorf frá fyrrgreindum aðilum, þá séu þeir líklegri til að sýna slíka hegðun í garð almennings. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að lögreglumenn sem upplifa ferla innan lögreglustofnunarinnar sanngjarna, séu ólíklegri en aðrir til þess að taka þátt í einhverju misjöfnu (Reynolds og Hicks, 2015).

Í rannsókn Nix og Wolfe (2017) er stofnanaréttlæti talið einn af þremur þáttum sem hafa áhrif á sjálfslögmæti lögreglunnar (e. police self-legitimacy). Sjálfslögmæti er fólgið í því hversu öruggir lögreglumenn eru með vald (e. authority) sitt. Aðrir þættir sem hafa einnig áhrif eru samband lögreglumanna við samstarfsmenn og stuðningur almennings.

Samband lögreglumanna við samstarfsmenn getur haft eitthvað að segja þegar kemur að sjálfslögmæti einstakra lögreglumanna. Þó er tekið fram að samskipti við samstarfsmenn hafi tiltölulega minni áhrif á sjálfslögmæti en samskipti við yfirmenn, þó samskipti við samstarfsfélaga séu í flestum tilfellum reglulegri en við yfirmenn. Fjallað er um mikilvægi liðsheildar innan lögreglunnar og að þeir lögreglumenn upplifi aukið sjálfslögmæti sem treysta samstarfsfélögum, beri virðingu fyrir þeim og hafi ánægju af því að vinna með þeim. Það megi rekja til þess að þó að viðhorf almennings og yfirmanna geti verið neikvætt, þá upplifa þessir aðilar stuðning frá samstarfsmönnum sínum.

Hvað varðar stuðning almennings til lögreglu, þá segja Bottoms og Tankebe (2012) að lögreglumenn eigi reglulega í samskiptum við almenning um lögmæti, sem annaðhvort fylgir fyrirmælum þeirra eða efast um lögmæti þeirra til þess að gefa fyrirmælin. Þessi samskipti lögreglumanna við almenning bjóða upp á lærdómstækifæri fyrir báða aðila. Það er fyrir almenning sem þarf að meta hversu sanngjörn meðferð lögreglunnar er og fyrir lögregluna að meta viðbrögð almennings við fyrirmælunum og lögmæti þeirra. Þeir lögreglumenn sem upplifðu jákvætt viðhorf almennings og litla mótstöðu við fyrirmæli, upplifðu aukið sjálfslögmæti. Nix og Wolfe (2017) telja þennan þátt, stuðning almennings, vera vanmetinn og

að hann hafi mikil áhrif á sjálfslögmæti lögreglumanna. Ef lögreglumenn upplifa að þeir hafi ekki stuðning almennings, til dæmis í gegnum neikvæða umræðu frá fjölmiðlum, getur það orðið til þess að þeir upplifi minni metnað til þess að sinna skyldum sínum. Slíkt getur jafnvel orsakað það að lögreglumenn upplifi óöryggi í starfi. Þeir sem töldu sig hafa gott samstarf við aðra innan stofnunarinnar höfðu einnig hærra sjálfslögmæti. Niðurstöður leiddu í ljós að réttlæti innan stofnunarinnar hafði mest að segja um sjálfslögmæti lögreglumanna og var um það bil tvöfalt veigameira en neikvæð ummæli í fjölmiðlum, þó að niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að slík umræða hefði áhrif (Nix og Wolfe, 2017).

7. Áhrif lögmætis á samfélagið

Árið 2011 birti The National Police Improvement Agency samantekt yfir rannsóknir þar sem lögmæti valds var til skoðunar. Í niðurstöðunum var skýr vísbending um að lögmæti væri einn mikilvægasti áhrifavaldur varðandi aukna samvinnu almennings og lögreglu, ásamt því að almenningur var líklegri til þess að fara eftir lögum ef hann upplifði að valdið væri lögmætt. Þeir töldu einnig að aðal áhrifaþættir lögmætis væru traust og sameiginleg gildi. Lögmæti lögreglunnar í augum almennings var fyrst og fremst byggt á því að fólk telur að lögreglan meðhöndli einstaklinga með virðingu, taki sanngjarnar ákvarðanir og taki tíma til þess að útskýra fyrir almenningi, ásamt því að vera vingjarnleg og aðgengileg (Myhill og Quinton, 2011). Hér mætti einnig vekja athygli á því að lögmæti byggist fyrst á því að almenningur telji að lögreglan muni koma fram við hann af sanngirni og virðingu. Einnig er gert ráð fyrir því að ef fólk upplifir ósanngirni eða vanvirðingu af hálfu lögreglunnar gæti það leitt til þess að fólk upplifi vald lögreglunnar sem ólögmætt. Slíkar aðstæður gætu haft neikvæð áhrif á samskipti lögreglu og almennings og jafnvel ýtt undir að fólk sé líklegra til þess að fara ekki eftir lögum (Tyler og Fagan, 2008). Af þessum sökum er mikilvægt að vanmeta ekki að neikvæð reynsla getur haft áhrif á lögmæti lögreglunnar.

Í niðurstöðum rannsóknar, sem Jackson og Bradford (2018) framkvæmdu, segir að viðhorf til lögreglunnar feli í sér valdsvið hennar, félagslega samninga og öryggistilfinningu. Mikilvægt sé að lögreglan skilji þarfir samfélagsins, meðhöndli fólk með virðingu og reisn, veiti upplýsingar og leyfi meðlimum samfélagsins að tjá sig um ákveðin mál. Jackson og Bradford rannsökuðu mismunandi tegundir lögmætis, annars vegar heildartraust á aðgerðir lögreglu, sanngirni og samfélagsþátttöku og hins vegar almennt traust á skilvirkni lögreglunnar sem stofnunar og traust á réttlæti hennar. Tyler og Hough (2002) benda á að almenningur skapi sér ákveðna tilfinningu fyrir eðli lögreglunnar. Slíkt byggist á því hvort lögreglan sé talin hafa

hagsmuni samfélagsins í hjarta sér og er forsenda þess hvort einstaklingar treysta á lögregluna eða ekki. Tilfinningin um það að lögreglan sé að vinna fyrir hönd samfélagsins, tákna réttláta málsmeðferð í garð samfélagsþegna og eykur líkur á því að fólk tilkynni brot til lögreglunnar og hefji ákveðna samvinnu við hana.

Hvernig er hægt að gera ráð fyrir því að almenningur fái upplýsingar um góð störf lögreglunnar, meðal annars varðandi glæpi og raskanir? Opinber umfjöllun um störf lögreglunnar skiptir miklu máli fyrir tilfinningu borgaranna um lögregluna og hvetur þá hugmynd að lögreglan sé í takti við einstaklinga samfélagsins. Í raun er þetta samvinna þar sem sömu gildi og markmið eru til staðar. Samkvæmt Jackson og Bradford virðist almenningur ekki einungis líta á lögregluna sem einstaklinga að berjast gegn glæpum, heldur fá þeir tilfinningu að það sé verið að berjast gegn glæpum fyrir þeirra hag. Það er því mikilvægt af hálfu upplýsingafulltrúa lögreglunnar að veita sýnilega og aðgengilega upplýsingamiðlun, til þess að einstaklingar séu upplýstir um störf lögreglunnar og sjái að störf hennar eru í þágu þeirra. Eins og fram hefur komið, er einnig mikilvægt að lögreglan komi fram við sakborninga og fórnarlömb með sömu jafnræðiskenningum. Það þýðir að lögreglan meðhöndli fólk á sanngjarnan hátt skv. meðalhófsreglunni og að valdheimildir eigi sér stoð í lögum, sbr. lögmætisreglan. Það styrkir einnig siðferðislegu tengslin á milli fólks og lögreglunnar og hvetur þannig til aukinnar borgaralegrar og virkrar þátttöku almennings á sviði öryggismála, löggæslu og lífsins í samfélaginu.

7.1. Áhrif lögmætis vegna persónulegra samskipta við lögreglu

Lögmætt yfirvald, þegar það er til staðar, hefur einstakt og mikilvægt forskot þegar það hvetur til frjálstrar samvinnu sem er ekki háð skilyrðum. Með öðrum orðum er það ekki háð skoðunum (e. judgement) fólks um þá umbun eða refsingu sem líklegt er að fylgi í kjölfar þess að efla til samvinnu við lögregluna. Að því marki sem fólk hefur áhyggjur af lögmæti, fylgir fólk fyrirmælum vegna þess að það telur að það sé rétt, en ekki vegna þess að fólk haldi að það græði eitthvað á því eða óttast að tapa einhverju. Þetta sjónarmið hefur verið metið með gögnum af félagsfræðingum og niðurstöður rannsókna benda til þess að lögmæti byggist á dómgreind um réttlátar aðgerðir stjórnvalda og yfirvalda (Tyler og Hou, 2002)

Réttlát málsmeðferð er til staðar þegar að lögreglan getur byggt upp lögmætissjónarmið á meðal almennings með því að koma eins fram við alla í persónulegum samræðum. Slík rök byggjast á tveimur forsendum. Fyrri forsendan er sú er að fólk meti persónulega reynslu af lögreglunni með því að huga að sanngirni og réttlæti sem það upplifir frá henni. Önnur

forsendan er sú að með því að nota sanngjarna málsmeðferð getur lögreglan aukið lögmæti þeirra, jafnvel þó að lögregluverkefnið feli í sér að takmarka jafnrétti einstaklinga, svo sem með frelsissviptingu eða því að refska fólki sem lögreglan hefur afskipti af. Einstaklingar telja almennt að refsingin sé samkvæmt lögum og það er lögreglunnar að koma fram við brotlegan einstakling af virðingu (Tyler og Hou, 2002).

7.2. Hlutverk samvinnu almennra borgara við lögregluna

Lögreglan leggur mikla áherslu á samvinnu við almenning til þess að geta sinnt starfi sínu með sóma. Ef ekki væri fyrir borgara sem tilkynna um glæpi eftir að þeir eiga sér stað, myndu mun fleiri glæpir vera óséðir af löggæslunni (Justin Nix, 2017). Rannsóknir benda til þess að besta leiðin til þess að lögreglan geti aukið líkurnar á því að almenningur fylgi löggæslunni, er það þegar þeir líta á hana sem lögmætt yfirvald. Borgarar eru líklegri til þess að líta á lögregluna sem lögmæta, þegar hún nýtir vald sitt á réttan hátt (Jackson, Bradford, Stanko og Hohl, 2012). Þegar lögreglan tekst á við glæp í samfélaginu, verður hún að treysta á samstarf við borgarana að vissu marki. Hún getur ekki verið alls staðar í einu og því skipta öll augu miklu máli. Á svipaðan hátt treysta lögreglumenn að miklu leyti á vitni og fórnarlömb sem veita upplýsingar sem geta hjálpað þeim að leysa einstök mál. Ef borgarar eru ekki hneigðir til að veita lögmætar upplýsingar til lögreglunnar, verður starf hennar miklu erfiðara. Lögreglan hefur því áhuga á samvinnu við almenning, þannig að hún geti sinnt starfi sínu sem best (Justin Nix, 2017).

Samkvæmt Bottoms og Tankebe (2012) felur lögmæti í sér tvær nálganir; valdhafar og áhorfendur. Áhorfendum er hér lýst sem almennum borgara sem metur lögmætið. Til þess að skilja lögmæti, verða vísindamenn að hugsa um það sem áframhaldandi viðræður á milli þessara tveggja aðila og þeirra samstarf. Valdhafar, t.d. lögreglan, eiga fyrst kröfu um lögmæti. Áhorfendur, t.d. samfélagið, bregst síðan við þeirri kröfu á annað hvort jákvæðan eða neikvæðan hátt. Valdhafar fylgjast síðan með viðbrögðum áhorfenda við kröfu sinni á lögmæti og mega ákveða hvort þeir breyta kröfunni eða halda henni (Justin Nix, 2017). Ef lögreglan gerir kröfu um lögmæti, sem er ekki í samræmi við það sem almenningur þarfnast, er líklegt að almenningur muni ekki viðurkenna lögregluna sem lögmætt yfirvald. Þannig þarf að meta skilning lögreglunnar á grundvelli lögmætis þeirra í augum almennings. Þetta er lykilatriði í velgengni aðferðarfræðinnar (e. Process-based model). Til þess að líkanið virki verður lögreglan að skilja að réttlát málsmeðferð og sanngirni er lykill að því að auka langtímasamstarf.

Jackson, Bradford, Stanko og Hohl (2012) skilgreina lögmæti sem tilfinningu fyrir siðferðilegri samræðu við lögregluna auk þeirri tilhneigingu að hlýða fyrirmælum, þ.e. lögreglan starfar venjulega á þann hátt sem samræmist eigin hugmyndum um hvað er rétt og rangt. Þeir telja einnig að með því að fylgja lögunum sé maður að framfylgja lögmæti. Tyler (2003) hélt því fram að „finna fyrir skyldu til að hlýða“ sé bein framlenging af hugmyndinni um lögmæti. Bottom og Tankebe (2012) lögðu til að borgarar fyndu skyldu sína til þess að hlýða lögunum og kemur sú skylda fram vegna lögmætis og réttlætis sem þeir finna fyrir. Reglubundin fyrirmynd byggir á því að þegar borgarar skynja lögregluna sem lögmætt yfirvald, eru þeir líklegri til þess að vinna saman. Besta leiðin til þess að lögreglan geti aukið lögmætið þeirra samkvæmt Tyler (1990, 2004), er að nýta vald sitt með réttlátri málsmeðferð í samskiptum við almenning. Leventhal (1980) lagði einnig til sitt framlag til þess að móta réttláta málsmeðferð og skýrði frá sex viðmiðunum um réttlætisferli. Hann taldi að til þess að málsmeðferð geti talist réttlát, þurfi hún að vera sanngjörn, sjálfri sér samkvæm, nákvæm, óhlutdræg, siðferðisleg, leiðrétt ef villur eru til staðar og fulltrúar allra aðila þurfi að taka þátt í ákvörðunarferlinu.

7.3. Hvers vegna hjálpar almenningur lögreglunni við að berjast gegn glæpum í samfélaginu?

Tyler og Fagan (2008) gerðu rannsókn á lögmæti með því að kanna áhrif samvinnu lögreglunnar og almennra borgara sem berjast gegn glæpum í samfélaginu. Heimildir þeirra segja að á meðal bandaríksk almennings skorti mikið af „trausti og lögmæti“ til dómkerfisins. Þessi skortur á trausti er talinn vera sérstaklega mikill þegar um er að ræða dómstóla og réttarkerfi. Einnig sýna niðurstöður merki um mikinn mun á hópum, þar sem minnihlutahópar sýna minna traust til lögreglunnar en þeir sem eru í meirihluta (Tyler og Fagan, 2008).

Rökin með lögmæti yfirvaldsins byggja á fræðum Weber. Hann bendir á að lögmæti þróist eftir því hvernig valdið nýtist. Weber heldur því fram að leiðtogar mótmæla- og félagshreyfinga njóti góðs af því þegar þeir eru í samvinnu við almenning til þess að hafa stjórn á valdinu og að móta refsiaðgerðir. Einnig er æskilegt að tryggja samvinnu um það hvernig valdi er beitt. Beetham (Beetham, 1991) telur lögmæti felast í samskiptum á milli ríkis og einstaklings, þar sem viðeigandi sé að bæði valdhafi og almenningur deili félagslegum viðmiðum og siðferðislegum rökum sem upplýsa þá um að ríkisvaldið (Tyler og Fagan, 2008).

Það getur verið erfitt fyrir lögregluna að fylgjast með öllu sem gerist í nútímasamfélagi. Mikilvægt getur reynst að hægt sé að reiða sig á almenna borgara sem tilkynna glæpi og aðra vafasama hluti sem verða á vegi þeirra. Það er oft sjálfsagt að hunsa slíka atburði og forðast að hjálpa lögreglunni. Til dæmis geta einstaklingar ákveðið að gefa ekki kost á sér sem vitni eða telja að annar aðili hafi líklegast tilkynnt brotið. Einnig geta vitni hikað við að stíga fram af ótta við að sá grunaði eða sakborningur í málinu, viti hver tilkynnti eða hafi séð til hans og að tilkynnandi gæti þá lent í vandræðum fyrir að segja frá (Fohring, 2015).

Það er samfélagið sjálft sem líður beint og óbeint fyrir glæpi og því ættu flestir einstaklingar að kjósa það að hjálpa lögreglunni við það að stemma stigu við afbrotum og óreglu. Eins og áður hefur komið fram, eru einstaklingar ólíklegri til þess að brjóta löggin ef refsingin vegur meira en ávinningurinn af brotinu sjálfu. Það er ákveðinn fælingarmáttur til þess að sporna gegn afbrotum í samfélaginu, en samt sem áður reynist það ekki nóg til þess að fyrirbyggja afbrot. Þess vegna er mikilvægt að ákveðið samstarf sé í gangi á milli almennings og lögreglunnar.

Samkvæmt Hough, Jackson og Bradford (2013), eru nokkrar ástæður fyrir því að fólk vill almennt vinna með lögreglunni. Í fyrsta lagi treysta flestir því að lögreglan sé að vinna samfélaginu gagn. Flestir vænta aukinheldur réttlátrar málsmeðferðar og að dómskerfið muni á skynsaman og réttlán hátt vinna að því að refsa þeim einstaklingum sem fremja afbrot (þ.e. vernda almannahagsmuni). Svo eru þeir einstaklingar sem telja sig þurfa að hlýða lögreglunni og hafa í raun enga skoðun á því aðra en þá að það sé skylda og að lögreglan sé æðri.

Samkvæmt rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur (2018) kom fram að meirihluti landsmanna, eða u.þ.b. 77%, voru sammála því að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó þeir skilji ekki þær ástæður sem liggja að baki. Það voru einnig 66% sem sögðu að þau myndu fylgja fyrirmælum lögreglu, jafnvel þó að þeim fyndist slík fyrirmæli vera óréttlát. Það mætti þó telja hátt hlutfall, en 36% töldu að það væri ásættanlegt að fylgja ekki fyrirmælum lögreglunnar undir slíkum kringumstæðum.

7.4. Áhrif lögmætis með notkun búkmyndavéla

Samvinna lögreglunnar og almennra borgara er mikilvægur þáttur í skilvirkri löggæslu. Þegar almenningur er reiðubúinn til þess að aðstoða með viðleitni sinni til að sporna gegn glæpum, þ.e. taka þátt í samstarfi við lögregluna og tilkynna meinta glæpi, er hægt að segja að lögmæti sé til staðar og að traust ríki í garð lögreglu.

Tveir meginþættir hafa áhrif á vilja borgarans til að vinna með lögreglunni; traust ríkisborgara á lögreglu og skynjun þess að lögreglan sé lögmæt. Þess vegna þurfa lögreglumenn að leggja sitt af mörkum til að tryggja að almenningur treysti þeim og skynji þá sem hluta af lögmætri stofnun sem framfylgi lögunum. Ein leiðin til þess að auka traust almennings til lögreglu er notkun svokallaðra búkmyndavéla (e. body cameras) (Mazerolle, Antrobus, Bennet og Tyler, 2013). Búkmyndavélar eru mikilvæg viðbót til þess að auka skilvirkni og gegnsæi lögreglunnar. Búkmyndavél tekur upp hljóð og mynd og er staðsett á lögreglubúningnum. Búkmyndavélar eru til þess fallnar að bæta sönnunargögn í dómsmálum, bæta hegðun lögreglumanna, ásamt því að koma í veg fyrir of mikla valdbeitingu. Þær eru einnig mikilvægar til þess að bæta hegðun almennings sem á í samskiptum við eða á í ágreiningi við lögregluna (Jennings, Fridell og Lynch, 2014).

Búkmyndavélar hafa þróast mikið síðustu ár og má segja að íslenska lögreglan sé að komast betur í samband við nútímann, með því að gera notkun búkmyndavéla að skyldu við störf. Búkmyndavélar eru meðal annars taldar ýta undir það að lögreglan sé álitin lögmætt yfirvald, auka líkur á því að einstaklingar fari eftir lögum og að lögreglan fari ekki út fyrir valdheimildir sínar hverju sinni, vegna þess að það er „fylgst með hverju skrefi“. Búkmyndavélar tryggja einnig jafnrétti fyrir bæði lögregluna og samfélagsþegnana, þar sem að í ákveðnum málum getur orð verið á móti orði. Einstaklingar telja sig þá vera jafn rétt háa lögreglunni, því réttlát málsmeðferð sé til staðar, sbr. kenningu Tyler (2012). Upplifun almennings er sú að lögreglan geti ekki misnotað vald sitt, þar sem upptökur eru til staðar (Mazerolle, Antrobus, Bennet og Tyler, 2013).

Í rannsókn Ariel, Farrar og Sutherland (2014) og Sousa, Miethe og Sakiyama, (2017), voru niðurstöður þær að notkun búkmyndavéla drægi úr valdbeitingu af hálfu lögreglunnar þegar upptaka væri í gangi. Kvörtunum borgara í garð lögreglunnar fækkaði einnig. Þessi hegðunarbreyting getur verið þýðingarmikil fyrir lögregluna, sérstaklega þar sem ávinningur búkmyndavéla er til staðar og jákvæður. Þetta staðfesta niðurstöður Mazerolle, Antrobus, Bennet og Tyler (2013). Búkmyndavélar endurspegla tilhneigingu manna til að sýna æskilega hegðun þegar þeir vita að þeir eru undir ákveðnu eftirliti og háðir reglum.

Viðhorf og upplifun almennings hefur áhrif á skoðanir fólks á lögreglunni, óháð því hvar einstaklingar eru staðsettir, þar sem fjölmiðlar eru fljótir að dreifa fréttum og orðrómi um neikvæð sem og jákvæð tilfelli er varða störf lögreglunnar. Upp geta þó komið ýmis vandamál, svo sem siðferðislegar áhyggjur og persónuverndarmál, en hægt er að koma í veg fyrir þau með skipulögðum og vel unnum hætti. Helstu áhyggjurnar varðandi búkmyndavélar eru t.d.

persónuvernd einstaklinga (ManTech Advanced Systems International, 2012), friðhelgi einkalífs, gagnageymsla og aðgangur að myndefni (Police Executive Research Forum, 2014).

Samkvæmt Harvard Law Review (2015) og rannsókn Sousa, Miethe og Sakiyama, (2017) getur ávinningurinn af notkun búkmyndavéla leitt til betri samskipta á milli lögreglunnar og þegnanna sem þeir þjóna. Það er að því gefnu að myndavélar auki virðingu fyrir þegnum og komi í veg fyrir að vald sé misnotað. Þetta á sérstaklega við ef almenningur getur óskað eftir myndefni ef deilur eru um ákveðin atvik. Bandaríkjamenn telja að þeir yrðu öruggari, ef allir lögreglumenn væru með búkmyndavélar til að auka ábyrgð og gagnsæi (Jennings, Fridell og Lynch, 2014).

Það ætti að vera ákveðin forvörn gegn slæmri hegðun og valdbeitingu að upptaka sé í gangi. Einstaklingar eiga það til að bregðast öðruvísi við þegar þeir vita að einhver er að horfa eða mynda það sem er að gerast. Helstu ástæður þess eru tilfinning um skömm, að háttsemin geti orðið refsihæf og ekki sé lengur um að ræða orð á móti orði (Boyd, 2010)

Einnig verndar búkmyndavélin lögreglumenn fyrir röngum ásökunum, því þær sýna það sem gerðist í raun og veru. Það gildir að sjálfsögðu líka í hina áttina og verndar þegnana fyrir lögreglu ef hún misbeitar valdi sínu. Þá eru búkmyndavélar einnig stundum notaðar á vettvangi, til þess að taka upp skýrslu af vitum, brotaþolum og gerendum. Búkmyndavélnar geta einnig haft neikvæð áhrif á samskipti borgaranna við lögreglu. Það getur komið fram í því að einstaklingurinn neiti að tjá sig um ýmislegt sem hann hefði mögulega annars gert, ef upptakan hefði ekki verið í gangi. Einnig getur það orðið til þess að hinn almenni borgari upplifi það að lögreglan treysti honum ekki og því er mögulegt að viðkomandi fari í varnarstöðu (Sousa, Miethe og Sakiyama, 2017).

Í rannsókn (Sousa, Miethe og Sakiyama, 2017) var úrtak Bandaríkjamanna spurt út í viðhorf þátttakenda til notkunar búkmyndavéla. Niðurstöður í þeirri rannsókn voru þær að mikill meirihluti studdi notkun slíkra véla við skyldustörf lögreglumanna (85%). Þátttakendur töldu að óþarflega mikil valdbeiting myndi minnka, sem og að notkun búkmyndavéla gæti aukið gagnsæi í störfum lögreglunnar (91%). Eftir að hafa skoðað nokkra áhrifaþætti lögmætis, er komið að því að skoða viðhorf til lögreglunnar á Íslandi, til þess að sjá og meta hvar lögmætið stendur.


8. Viðhorf til íslensku lögreglunnar

Samkvæmt rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur frá árinu 2018, sem unnin var fyrir embætti ríkislögreglustjóra, telur mikill meirihluti landsmanna, eða um 86,5%, lögregluna skila af sér

mjög góðu eða frekar góðu starfi, á meðan um 13,5% landsmanna telja lögreglu skila af sér mjög lélegu eða frekar lélegu starfi. Samkvæmt könnuninni hefur lítil breyting orðið á ánægju landsmanna með það hversu góðu starfi lögreglan hefur skilað á síðustu árum. Hins vegar er hægt að sjá örlítinn mun á milli ára þegar bornar eru saman rannsóknir síðustu 10 ára.

Ef tafla 1 hér fyrir neðan er skoðuð, er ljóst að hlutfallslega hefur fólk verið ánægðara með störf lögreglu í gegnum árin en árið 2018. Til dæmis má sjá að árið 2009 voru um 91,5% þátttakenda ánægð með störf lögreglu. Ánægja með störf lögreglunnar mældist þó mest árið 2014, en þá voru 91,8% þátttakenda ánægð með störf hennar. Einnig má benda á að óánægja með störf lögreglu mældist hæst 2017, en þá töldu um 15,4% lögreglu skila frekar slæmu eða mjög slæmu starfi. Áhugavert getur verið að skoða meðaltal þeirra sem eru ánægð með starfið. Samkvæmt þeim gögnum sem aðgengileg eru á töflunni hér að neðan, má sjá að 88,2% þátttakenda eru að meðaltali ánægð með störf lögreglu, sem er 1,7% hærra en mældist í síðustu rannsókn (86,5%) (Margrét Valdimarsdóttir, 2018).

Tafla 1. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu, samanburður frá 2008-2017 (Margrét Valdimarsdóttir, 2018)



Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar ber almenningur almennt mikið traust til lögreglu og starfa hennar eins og sjá má á töflu 2. Þar má sjá að um 87% landsmanna bera frekar mikið eða mjög mikið traust til lögreglu sem er 0,5% hærra en ánægja með störf lögreglunnar. Einungis 6% landsmanna voru frekar sammála eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu um að bera traust til lögreglu, þá voru 8% sem voru hvorki sammála né ósammála. Einnig er áhugavert að í sömu rannsókn er fullyrrt að 87% landsmanna séu sammála þeirri fullyrðingu um að lögreglan sé

heiðarleg. Þar voru einungis 3% ósammála og 9% svöruðu hvorki né (Margrét Valdimarsdóttir, 2018).

Tafla 2. Mat landsmanna á trausti til lögreglu (Margrét Valdimarsdóttir,2018)

	Fjöldi eftir vögun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1154	43%	1,8%	43%
Frekar sammála	1192	44%	1,8%	44%
Hvorki né	219	8%	1,0%	8%
Frekar ósammála	68	3%	0,6%	3%
Mjög ósammála	80	3%	0,6%	3%
Fjöldi svara	2713	100%		
Veit ekki	26			
Vil ekki svara	105			
Alls	2844			

Þegar skoðað er hvort landsmenn eru sammála þeirri fullyrðingu að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fylgja skuli fyrirmælum hennar, eru 91% landsmanna fylgjandi á meðan 3% eru ósammála, sjá töflu 3 hér fyrir neðan. Þá eru 6% hvorki sammála né ósammála (Margrét Valdimarsdóttir, 2018).

Tafla 3. Hlutfall landsbúa sem telur lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja (Margrét Valdimarsdóttir, 2018)

	Fjöldi eftir vögun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	1659	61%	1,8%	61%
Frekar sammála	822	30%	1,7%	30%
Hvorki né	154	6%	0,9%	6%
Frekar ósammála	42	2%	0,5%	2%
Mjög ósammála	34	1%	0,4%	1%
Fjöldi svara	2712	100%		
Veit ekki	27			
Vil ekki svara	105			
Alls	2844			

Niðurstöðurnar vekja athygli þegar skoðaður er munur á milli ánægju, trausts og lögmætis, því tölurverður munur er á útkomu þessara þátta rannsóknarinnar. Sem dæmi, ef horft er til þess að 13,5% landsmanna séu óánægðir með störf lögreglu, þá bera einungis 6% landsmanna ekki traust til lögreglu. Hins vegar er munurinn enn þá meiri eða um 10,5% þegar skoðað er hvort lögreglan sé lögmætt yfirvald, en einungis 3% landsmanna telja lögreglu ekki

vera lögmætt yfirvald (Margrét Valdimarsdóttir, 2018). Það er þó mikilvægt að gera eigindlega rýnihóparannsókn sem segir okkur hvers vegna fólk treystir lögreglunni og gefur dýpri skilning á það hvaðan lögmætið kemur og hvers vegna það er til staðar.

8.1. Rýnihóparannsókn á lögmæti og trausti til lögreglunnar

Í þessu lokaverkefni var framkvæmd lítil eigindleg rýnihóparannsókn og niðurstöður hennar bornar saman við niðurstöður meginlegrar könnunar á viðhorfum til lögreglu (Margrét Valdimarsdóttir, 2018). Meginlegrar aðferðir safna tölulegum gögnum um fólk sem tekur þátt í spurningakönnunum (oft á netinu) og eru reiknuð út meðaltöl og dreifingar, sem og hvernig hópar tengjast sín á milli. Rannsakandinn hittir þátttakendur sjaldnast í eigin persónu. Meginlegrar rannsóknir taka alla jafna styttri tíma en eigindlegar rannsóknir. Þær ná yfir breiðara svið en meginlegrar rannsóknir og leyfa rannsakandanum ekki að „kafa“ jafn djúpt ofan í efnið. Hins vegar er hægt að draga almennar ályktanir úr frá meginlegum rannsóknum sem notast við lýsandi úrtök, þar sem þátttakendur er valdir af handahófi (Helga Jónsdóttir, 2013).

Eigindlegar aðferðir byggja á persónulegu samtali rannsakandans og viðmælandans og gera því rannsakandanum kleift að kafa dýpra í efnið en jafnframt skoðar hann þrengra svið. Áhuginn liggur í því að fá upplifun einstaklingsins fram (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Eigindlegar aðferðir eru tímafrekari en meginlegu aðferðirnar og því taka færri þátt í slíkum rannsóknum, auk þess að er ekki hægt að alhæfa um þýðið (Guðmundur Oddsson, 2014). Það sem meginlegrar aðferðir hafa fram yfir þær eigindlegu er að það er hægt að alhæfa yfir þýðið, sem ekki er hægt í eigindlegum aðferðum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Í stuttu máli mætti segja að meginlegrar (e. quantitative) aðferðir ná yfir breiddina, þ.e. yfir víðara svið, en eigindlegar (e. qualitative) aðferðir ná betur dýptinni, þ.e. yfir þrengra svið (Helga Jónsdóttir, 2013). Í ljósi þessa hafa margir fræðimenn gripið til þess ráðs að nota eigindlegar rannsóknaraðferðir, t.d. djúpvíðtöl (e. in depth interviews) og rýnihóparannsókn (e. focus groups) til þess að skoða traust og lögmæti (Stoutland, 2001). Einnig hafa sumir rannsakendur gert bæði eigindlega og meginlegra rannsókn, borið saman gögnin og með því fengið það besta úr báðum aðferðum (Guðmundur Oddsson, 2014).

Stoutland (2001) gerði, til dæmis, etnógrafiska rannsókn um lögmæti og traust til lögreglu með það að markmiði að reyna að varpa ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á samband lögreglu og borgara og hvernig megi bæta sambandið þeirra á milli. Etnógráfía er aðferðarfræði sem lýsir framandi menningu og er gjarnan framkvæmd með viðtölum, þátttöku- og

vettvangsrannsóknum og gagnagreiningu, þar sem leitast er við að skilja sjónarhorn þeirra sem eru rannsakaðir (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, 2009; Stoutland, 2001).

Traust og lögmæti eru margþætt fyrirbæri og getur reynst flókið að mæla, meðal annars vegna þess að traust og lögmæti hvíla á huglægu mati hvers og eins. Í ljósi þessa þarf að vanda vel til verka og velja hentuga aðferðarfræði miðað við hvers konar spurningar rannsakandinn vill fá svör við. Einfaldir spurningalistar, sem teljast til meginlegra rannsókna, geta nýst vel til þess að ná til fleiri á skemmri tíma. Gallinn við þær aðferðir er sá að það vantar dýptina í gögnin (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Í rannsókn sem Margrét Valdimarsdóttir (2018) framkvæmdi, var notuð spurningalistakönnun (meginleg rannsókn) til þess að kanna viðhorf almennings til þjónustu lögreglunnar og starfa hennar. Í þeirri könnun kom í ljós að yfirgnæfandi mikill meirihluti telur að lögregla sé að skila af sér góðu starfi, ber traust til lögreglunnar og telur hana vera lögmætt yfirvald. Í tengslum við þetta lokaverkefni var ákveðið að framkvæma litla rýnihóparannsókn (e. focus groups) til þess að grafast nánar fyrir um birtingarmyndir lögmætis og trausts fólks til íslensku lögreglunnar. Leitast var við að svara og greina það hvaða viðhorf fólk hefur til lögreglu og hvort það treysti henni og fari eftir hennar fyrirmælum.

Ástæðan fyrir því að við framkvæmdum rýnihóparannsókn var sú, sem fyrr segir, að fá dýpri innsýn í það hvernig almennir borgarar sjá fyrir sér lögregluna og hvers vegna þeir treysta henni eða treysta henni ekki og fá hugmyndir um það hvernig lögreglan gæti aukið traust sitt. Einnig höfðum við áhuga á því að bera saman niðurstöður þessarar rannsóknar við niðurstöður fyrri meginlegra spurningalistakannana (Margrét Valdimarsdóttir, 2018). Vegna þess hve úrtakið í rýnihóparannsókninni er lítið, er ekki hægt að yfirfæra niðurstöðurnar á heildina. Það er aldrei hægt að alhæfa í svona rannsóknum og yfirfæra á alla heildina. Þess í stað eru rýnihóparannsóknir til þess gerðar að kafa dýpra í efnið og öðlast dýpri skilning (Háskóli Íslands, 2014a).

Eiginleg rýnihóparannsókn er rannsóknaraðferð sem byggir á hópsamtali rannsakanda við viðmælendur. Rannsakandinn er fyrirfram búinn að gera spurningalista sem hann notar sem viðmið í viðtalinu. Hugmyndin er sú að það verði samræður út frá spurningunum sem rannsakandinn leggur upp með. Samtölin þróast svo í ýmsar áttir eftir viðmælendum og þá getur rannsakandinn spurt spurninga út frá því. Spurningarnar eru í flestum tilfellum opnar, þannig að svigrúm er fyrir ýmsar skoðanir og hugmyndir. Oftast er stuðst við 3-6 manna hóp í rýnihóparannsóknum. Það eru nógu margir til að það skapist umræður um málefnið, en nógu fáir til þess að allir geti komist að og sagt sína skoðun. Hins vegar verður að gæta þess að hafa ekki of fáa þátttakendur, til þess að auka líkur á því að fleiri sjónarmið komi fram (Kristín

Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 20016). Samskipti þátttakenda eru hluti af rannsóknarferlinu, þar sem að félagslegar aðstæður eru skoðaðar (Háskóli Íslands, 2014b; Andrea Hjálmarsdóttir, munnleg heimild, 12. febrúar 2019).

Það sem eigindlegar rýnihóparannsóknir hafa fram yfir megindelegar, er að rannsakandinn getur spurt viðmælendur nánar um það hvað þeir eiga við þegar þeir segja eitthvað ákveðið. Það er í raun verið að líkja eftir venjulegum samræðum í hópi. Þegar um spurningalista er að ræða, þá getur rannsakandinn einungis séð svör við stöðluðum spurningalista frá einhverjum hópi manna, en sér í raun takmarkað hvað liggur að baki svörunum. Það sem rannsakandinn í rýnihópunum getur skoðað betur er t.d. hvers vegna þessi aðili svaraði þessu á þennan ákveðna hátt, í hvernig hugarástandi viðkomandi var, hverjar voru ástæðurnar, hvernig leið viðkomandi o.s.frv. Það er mun frekar hægt að fá innsýn í þessa hluti í rýnihóparannsóknum, þar sem að rannsakandinn greinir ekki aðeins hvað fólk segir, heldur hvernig það segir hlutina, t.d. raddblær, tónhæð, svipbrigði og þess háttar. Einnig hefur rannsakandinn betri stjórn og alltaf þann möguleika að spyrja nánar út í það sem hann hefur áhuga á að vita (Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 20016).

Það er líka hægt að taka einstaklingsviðtöl, en þau eru tímafrekari en rýnihópaviðtöl. Rýnihópaviðtöl veita meiri upplýsingar og fleiri viðmælendur á skemmri tíma. Eigindlegar aðferðir eru oftast notaðar þegar ekki er vitað fyrirfram hverju hægt er að komast að og í þeim tilfellum sem ekki er hentugt að nota megindelegar aðferðir, þar sem að þær byggjast á tölfræðilegum gögnum, þar sem hægt er að mæla, reikna út og fá meðaltöl (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Margir fræðimenn hafa fjallað um lögmæti lögreglu. Á meðal þeirra er Harkin (2015), en hann gerði etnógrafíska eigindlega rannsókn til þess að ná betri skilning á viðfangsefninu. Í greininni sem hann skrifar (Harkin, 2015) kemur fram að til þess að lögregla öðlist meira traust er m.a. fólgið í því að fólk fái útskýringar á ákvörðunum áður en að þeim er hrint í framkvæmd, útskýringar á því hvernig ákvörðun er tekin, svigrúm fyrir fólk til þess að kvarta og að koma fram við fólk af virðingu.

Harkin (2015) nefnir einnig kenningar Weber um lögmæti. Í stuttu máli sagt samkvæmt kenningum Weber, þá virkar kerfið ekki nema að það sé yfirvald til staðar sem kemur með tilskipanirnar og almenningur sem fylgir og hlýðir skipununum og treystir því að verið sé að gæta hagsmuna almennings.

8.1.1 Gögn og aðferðir

Í rýnihóparannsókninni sem framkvæmd var fyrir þetta lokaverkefni, voru tekin upp tvö viðtöl og verður hér eftir talað um viðtal A og viðtal B.

Í rýnihóp A voru valdir fjórir einstaklingar. Þetta var blandaður hópur af viðmælendum, bæði af landsbyggðinni og úr Reykjavík. Aldursbilið var haft dreift til þess að fá breiðara sjónarhorn. Meðalaldur viðmælenda var 41 ár og þarna var um að ræða eina konu og þrjá karla. Viðtalið var tekið upp í gegnum fundarforrit á netinu í hljóð og mynd, hver frá sínu heimili.

Í rýnihópi B var meðalaldurinn tiltölulega lágur eða 21 ár. Alls tóku fjórir einstaklingar þátt í viðtalinu, tveir karlar og tvær konur, öll búsett í litlum bæ á Austurlandi. Viðmælendur hittust í menningarmiðstöð í bænum og var samtalið tekið upp á farsíma og síðan afritað yfir í tölvu. Þetta skilaði 23 blaðsíðum af vélrituðu efni í heild fyrir bæði viðtöl.

Í rýnihóparannsókninni komu fram nokkur meginþemu. Þeim var skipt upp í fjóra flokka. Fyrsti flokkurinn er fagmennska, traust og lögmæti, annar flokkurinn sýnileiki lögreglunnar, sá þriðji um lögreglu á vettvangi mótmæla og sá síðasti um lögregluna í fjölmiðlum. Þessir flokkar komu oftast fyrir í samræðunum og verður hverjum flokki fyrir sig gerð ítarleg skil hér að neðan.

8.1.2 Fagmennska, traust og lögmæti

Það sem mest var fjallað um í hópunum var fagmennska lögreglu og traust til hennar. Fagmennska felst m.a. í réttlátri málsmeðferð, sbr. að lögreglan komi fram af virðingu, sýni af sér hlutlægni og gæti meðalhófs í hvívetna. Það myndi t.d. ekki þykja fagmannlegt að vera með fordóma.

Í rannsóknnum Murphy og Cherney (2018), Hohl (2011) og Stoutland (2001) er fjallað um réttláta málsmeðferð lögreglu. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að fólk treysti yfirvöldum mun frekar ef það fær réttláta málsmeðferð af hennar hálfu. Þá er fólk mun líklegra til að finnast stofnunin lögmæt og hlýða þeim fyrirskipunum sem hún setur. Það vekur traust hjá fólki þegar að lögreglan kemur fram af alúð, sanngirni og almennilegheitum og upplifir að það hafi eitthvað um málið að segja þegar lögreglan hefur afskipti af þeim. Borgararnir eru þá líka almennt sáttari við aðgerðir lögreglu.

Þau viðhorf sem komu fram í rýnihópaviðtölunum, endurspeгла ofangreindar niðurstöður Murphy og Cherney (2018), Hohl (2011) og Stoutland (2001). Dæmi um þetta er eftirfarandi:

VM1: En út af því að lögreglan er partur af herna ... ríkisstjórn? Eða undir þeirra ...

Rannsakandi: Ríkisvaldinu.

VM1: Já, ríkisvaldinu. Ég treysti því ekki ... af hverju ætti ég að treysta einhverjum undirflokk af einhverju sem ég treysti ekki? Einhverju sem er að gera eitthvað bull dags daglega (Viðmælandi 1, viðtal B).

Viðmælandi setur þarna lögregluþyrvaldið í samhengi við ríkisvaldið sem hann segist ekki treysta. Fyrir í viðtalinu kom fram að löggan væri alltaf að stöðva viðmælandann fyrir ekki neitt og þá liði honum illa. Það getur vart talist fagmennska, allavega ekki í huga þess einstaklings sem upplifir hlutina á þennan hátt.

Annar viðmælandi segist bera virðingu fyrir störfum lögreglunnar, þar sem hún sé alltaf fagmannleg og vinni verkin vel og sá einstaklingur treystir lögreglunni.

Það kom fram að fagmennska var almennt talin vera meiri í stærri bæjarfélögum en þeim minni. Upplifun bæjarbúa í smábæjum úti á landi af lögreglunni, var sú að það væri heldur afslappaðra umhverfi. Lögreglan í ákveðnum bæ úti á landi var sögð fara gjarnan heim á lögreglubílunum og nota þá til einkaafnota í ýmis persónuleg erindi. Þá var einnig talað um að lögreglumennirnir væru heima hjá sér í hádegismat, kveiktu á boltanum í sjónvarpinu á sumrin og slöppuðu af á meðan þeir væru á vakt, eitthvað sem myndi vera nánast óþekkt í höfuðborginni. Þannig töldu viðmælendur að landsbyggðarlöggan kæmist upp með meira. Þetta vakti upp þá spurningu í hópnum hvort að lögreglumenn væru tilbúnir til þess að hlaupa undir eins út, ef á þyrfti að halda og töldu þetta fyrirkomulag vera ófagmannlegt.

Lögreglumaður sem starfar á landsbyggðinni er oft einn á vakt með stórt svæði til þess að sinna. Borgarar eiga rétt á faglegru og góðri þjónustu af hálfu lögreglu, en líða oft fyrir það að þjónustustig lækkar við það að hafa aðeins einn mann á vakt. Að sama skapi ertu alltaf lögga, óháð því hvort þú ert á vaktinni eða ekki, hvort sem lögreglumaðurinn er með börnin á fótboltaleik eða í búðinni. Á höfuðborgarsvæðinu klæðir lögreglumaðurinn sig úr löggugallanum og það vita ekkert að viðkomandi manneskja sé lögreglumaður. Lögreglumaður sem er einn á vakt þarf að geta sett sig í ýmis hlutverk, t.d. að vera presturinn, hjúkkan, sálfræðingurinn og jafnvel bifvélavirkinn ef einhver lendir í vandræðum með bílinn sinn (Sigurður Jónasson, 2018).

Eins og lögreglumaður í rannsókn Fenwick (2015) benti réttilega á, er ekki hægt að takast á við aðstæður í smábæjum eins og um væri að ræða stórborg. Þá myndi bæði lögreglumaðurinn á vakt einangrast frá samfélaginu sem og lögregluembættið. Lögreglan reiðir sig á það að borgarar tilkynni mál og með því þarf lögreglan að vera aðgengileg og leysa málið á sem farsælastan hátt. Það að fara eftir bókinni, eins og er algengara í stórborgum, myndi

einfaldlega ekki ganga upp vegna smæðar samfélagsins og nálægðar lögreglu við samfélagið og útheimtir útsjónarsemi og hæfni lögreglumannsins í mannlegum samskiptum.

Flestir viðmælendanna sögðust treysta lögreglunni. Það var mjög áhugavert að tveir viðmælendanna svöruðu því neitandi þegar þeir voru spurðir að því hvort þeir treystu lögreglunni. Þegar lengra var komið inn í viðtalið, voru þeir sömu aftur á móti að lýsa góðum vinnubrögðum lögreglunnar og sögðu lögregluna vera sanngjarna, traustvekjandi og almennilega.

Til þess að auka traust til lögreglunnar er t.d. hægt að halda almenningi upplýstum um gang ákveðinna mála og útskýra hvers vegna lögreglan tekur vissar ákvarðanir. Viðmælandi nefndi dæmi um þetta:

„Eitt gæti verið sniðugt hjá lögreglu að gera. Segjum t.d. bara í dæminu á Austurvelli, það er svona nærtækt, um daginn, að þá hefði verið sniðugt að birta og væri sniðugt núna, það er ennþá hægt að gera það, hægt að birta skýringu, þetta gerðist og svona brugðumst við af því að, af því að ... skiluru. Að hreinlega lista það út fyrir fólki, bara hreinlega stilla því upp í fjölmiðlum“
(Viðmælandi 1 í viðtali A).

Einnig að fólk fái að vita meira hvernig lögreglan afgangið ákveðin vafamál sem hafa komið í fjölmiðlum sem komi fram í auknu gegnsæi í störfum hennar, fólk fái að vita og fylgjast með hvernig málin fara í fjölmiðlum. Dæmi um það er eftirfarandi:

„Mér finnst gott að sjá á undanförunum árum að þetta sem ég var að tala um áðan, að maður fái að vita meira um þegar að lögregla hefur ofbeitt valdi sínu að þetta er samt, maður er farinn að heyra meira af því að einhver sé látinn víkja frá í tiltekinn tíma eða bara hreinlega vikið úr lögreglu eða eitthvað svoleiðis og þetta náttúrulega eykur á traust manns til lögreglunnar, að vita að þau séu að vinna innanbúðarmál skiluru, þeir eru gagnrýnir á sín eigin störf sko“ (Viðmælandi 1 í viðtali A).

Viðmælendur töldu að það gæti aukið traust til lögreglunnar ef meira gegnsæi væri um störf lögreglunnar. Einnig ef meira væri rætt um það opinberlega hvernig ákveðin mál þróast, t.d. þau mál sem sæta gagnrýni á meðal almennings. Þá verði að halda almenningi upplýstum um það í hvaða farveg málin fara og hvort að ákveðnum lögreglumanni sé tímabundið eða alfarið vísað frá störfum á meðan rannsókn stendur yfir og hvaða dóm málið fái að lokum. Þetta sé til

Þess fallið að fólk sjái hvað er í gangi og að stofnunin sé ekki lokuð og enginn viti hvað sé í gangi innandyra og hvort það skipti máli hvernig lögreglumennirnir koma fram.

8.1.3 Sýnileiki lögreglunnar

Það skortir á sýnileika lögreglu hér á landi að mati viðmælenda. Sem dæmi um þetta lýstu viðmælendur því að oft ækju þeir landshlutanna á milli án þess að sjá svo mikið sem einn lögreglubíl á leiðinni. Það veitir aðhald og öryggistilfinningu að sjá að lögreglan sé að fylgjast með umferðinni. Ef hún sést lítið eða ekkert, veitir það þá tilfinningu að fólk geti þá keyrt hvernig sem því sýnist, án þess að afskipti séu höfð af því. Þetta kallast á við rannsókn Salmi, Voeten og Keskinen (2000) um að sýnileiki lögreglu ýti undir traust til lögreglu. Í útvarpsviðtali við Sigurð Jónasson (2018) kemur fram að lögreglumenn á landsbyggðinni séu gjarnan einir á vakt. Það getur m.a. skýrt það hvers vegna lögreglubílar séu sjaldséðir í umferðinni.

Einnig vantar upp á sýnileika lögreglunnar í þessum tilteknu smábæjum. Einu skiptin sem lögreglan sést er þegar hún fer á völinn að horfa á fótboltann á sumrin á vakt eða ísrúnt um bæinn. Það er áhugavert í ljósi þess að samkvæmt nýrri rannsókn er hlutfall þeirra sem sjá lögreglubíl í sínu byggðarlagi oftar en einu sinni í viku, hærra á landsbyggðinni (41,7-95,6% eftir búsetu) en á höfuðborgarsvæðinu (13,1%). Samkvæmt þessari sömu rannsókn hefur sýnileiki lögreglu aukist frá árinu 2017 (Margrét Valdimarsdóttir, 2018).

Það myndar gott samband við almenning ef lögreglan er sýnileg, ekki einungis í lögreglubílum, heldur einnig fótgangandi eða á hjóli. Sýnileiki veldur því að lögreglan er nær almenningi og er þá almennt talin vingjarnlegri, sem ýtir undir meiri öryggistilfinningu ásamt því sem að borgarar eru almennt ánægðari með lögregluna (Salmi, Voeten og Keskinen, 2000).

Lögreglan þarf að veita almenningi meiri athygli í hversdagslífinu, en ekki einungis þegar þarf að kljást við eitthvert brot sem hefur átt sér stað (Salmi, Voeten og Keskinen, 2000). Þetta rennir stoðum undir það sem fram kom í rýnihópaviðtölunum, en einn viðmælandi sagði eftirfarandi sem dæmi:

„Mér finnst samskipti lögreglu við almenna borgara sem eru ekki titlaðir sem „vinir lögreglunnar“ mega vera meiri. Þá finnst mér eins og fólk sem treystir henni ekki, farið að læra að treysta henni“ (Viðmælandi 2 í viðtali B).

Þannig að það að veita almennum borgurum athygli, þó svo að ekkert refsivert eigi sér stað, og ekki einungis svokölluðum „góðkunningjar lögreglunnar“, styrkir samband lögreglu og borgaranna, sbr. rannsókn Salmi, Voeten og Keskinen (2000).

8.1.4 Lögregla á vettvangi mótmæla

Viðmælendum var tíðrætt um lögreglu á vettvangi mótmæla. Rætt var um mótmælin í kringum búshaldabyltinguna í kjölfar bankahrunsins 2008. Fjöldamótmæli eru fátíð í sögu Íslands, en gífurlegur mannfjöldi safnaðist saman á Austurvelli marga daga í röð í tengslum við búshaldabyltinguna, en mótmælin stóðu frá október 2008 og til janúar 2009. Barið var á potta og pönnur og stundum var munum kastað í átt að lögreglumönnum og í Alþingishúsið. Þóttu aðgerðir lögreglu takast mjög vel til og er sá árangur skrifaður á þjálfun lögreglumanna, m.a. í að afpersónugera mótmælendur, að taka aðgerðir mótmælenda ekki nærri sér og sýna mótmælendum samúð og skilning á áhyggjum þeirra (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Viðmælendur sögðu að lögreglan hefði ekki getað staðið sig betur við þessar erfiðu aðstæður sem hún þurfti að kljást við. Nefnt var að gleymst hefði í umræðunni að lögreglumennirnir sem stóðu í víglínunni til þess að vernda Alþingishúsið, voru líka þeir sem lentu í súpunni og höfðu til dæmis sumir fengið risavaxin myntkórfulán. Mótmælendur hefðu kastað í þá hlutum og lögreglumenn ekki látið neitt á sig fá hvernig almenningur hagaði sér. Var það að hluta til vegna þess að lögreglumennirnir höfðu samúð og skilning á áhyggjum mótmælenda (Ingólfur V. Gíslason, 2014).

Einnig var mikið rætt um nýleg mótmæli hælisleitenda á Austurvelli. Viðmælendur voru á einu máli um það að lögreglan hefði gætt meðalhófs í aðgerðum sínum og að ekki hafi verið neitt út á aðgerðir hennar að setja. Það er mjög auðvelt að slíta hlutina úr samhengi og sýna bara ákveðinn hluta vettvangs, sem gefur ekki raunsæja mynd á það sem var í raun og veru að gerast. Sparkað hefði verið í lögreglumann við mótmæli hælisleitenda á Austurvelli og þeir talað ögrandi til lögreglumannanna, en það náðist ekki á upptökur. Fólk hefði þurft að vera á staðnum til þess að geta metið það sem var í gangi þarna.

Þá beindist umræðan að þeim einstaklingum sem mæta á mótmæli. Viðmælendur töluðu um að sumir væru einbeittir í því að fara þangað þar sem eitthvað væri að gerast og ætluðu sér að hata lögregluna, óháð því hvað hún væri að gera.

Ingólfur V. Gíslason (2014) talar í grein sinni um búshaldabyltinguna, um hóp manna sem kenndur er við aktívisma eða anarkisma. Þessi hópur oft í broddi fylkingar við mótmæli og samanstendur oftast af ungu fólki. Skipulag þeirra nær oftast ekki mjög langt og því stafar ekki

mikil ógn af þeim, að mati lögreglu. Það mætti skilja sem svo að þessi hópur sé aðeins að mótmæla til þess að mótmæla. Viðmælandi 1 í viðtali A talaði einmitt um að það væri hópur manna sem mætti á mótmæli aðeins til þess að mótmæla. Þarna væri eitthvað í gangi og að þeir vildu taka þátt, því að þeir hötuðu lögguna. Dæmi um þetta er t.d.:

„... það eru svo margir sem að bölvu: „Já, helvítis löggan mætt á svæðið, það má ekki einu sinni mótmæla nokkurs staðar“ og „af hverju þurfa þeir að vera þarna að skipta sér af?“ Ég held að almenningur þyrfti að fá þínu meiri útskýringu um störf lögreglunnar“ (Viðmælandi 1, viðtal A).

Annað gott dæmi sem vert er að nefna í þessu samhengi:

„Sumir sem að ákveða bara að mæta, hei, þarna er eitthvað að gerast þarna, förum og berjum á þessu liði ... sumir líta svona á þetta“ (Viðmælandi 1, viðtal A).

Í rannsókn Earl, Soule og McCarthy (2003), er talað um það að það sé misjafnt hvort að lögregla mæti á mótmæli. Nokkrir þættir spili inn í það hvort að lögreglan sé á staðnum eða ekki, þegar að mótmæli eiga sér stað. Þeir þættir sem spila inn í það þegar metið er hvort að ógn standi af mótmælunum, er hversu stór hópur er að mótmæla, hvort að hópurinn sýni af sér árasagirni og hversu róttækur hópurinn er í aðgerðum sínum. Í þessari sömu rannsókn var talað um að líkur á að lögregla beiti valdi aukist, þegar hóparnir eru stærri, þar sem erfiðara er að eiga við stærri hópa og framkvæma handtökur í slíkum tilfellum.

Þessu var samt sem áður öfugt farið í búshaldabyltingunni, þar sem líkamlegt ofbeldi var mjög lítið. Ingólfur V. Gíslason (2014) segir í grein sinni að ástæðan fyrir því sé m.a. hve vel þjálfaðir lögreglumennirnir voru og náðu að afpersónugera mótmælendur. Þeir upplifðu sig aldrei missa tókin á aðstæðum, voru alltaf við stjórn og höfðu samúð með fólki sem var reitt og hafði áhyggjur.

8.1.5 Umfjöllun um lögregluna í fjölmiðlum

Það sem hafði áhrif á þá sem sögðust ekki treysta lögreglunni, var neikvæð umfjöllun um lögregluna í fjölmiðlum. Oftar en ekki er fjallað meira um það sem er neikvætt og til þess fallið að almenningur dragi þá ályktun að störf lögreglunnar séu ámælisverð, en minna fjallað um það sem lögreglan gerir vel.

Hohl (2011) gerði rannsókn um lesendur fréttablaða í Bretlandi og bentu niðurstöður til þess að mikil umfjöllun um lögreglurannsóknir og glæpi, hefði lítil áhrif á traust almennings til lögreglunnar. Neikvæð umfjöllun um lögregluna í blöðum er í yfirgnæfandi meirihluta (25,5% á móti 3,3% jákvæð) og endurspeglast þetta af því hvað fréttamiðlar telja vera fréttæmt. Í raun var traust almennings til lögreglu mjög stöðugt og almenningur var ónæmur fyrir sveiflum í fréttáflutningi um lögreglu samkvæmt þessari könnun (Hohl, 2011).

Í rannsókn, framkvæmdri af Dowler og Zawilski (2007), kom fram að þeir sem nota netmiðla mest til þess að skoða fréttir, voru líklegri til þess að finna misbeiting á valdi lögreglu vera tíðari viðburður en notendur annarra miðla, t.d. sjónvarps eða dagblaða (Graziano og Gauthier, 2018).

8.1.6 Samantekt og lokaorð

Vanda þarf til verka þegar að velja á rannsóknaraðferð við hæfi. Margir rannsakendur hafa valið það að gera bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknir og fengið það besta úr báðum aðferðum og borið svo gögnin saman. Með þessu móti er þá hægt að bæði alhæfa á fjöldann og fá dýpri innsýn í viðfangsefnið (Guðmundur Oddsson, 2014).

Í þessari rannsókn var stuðst við eigindlega rýnihópa, þar sem tveir fjögurra manna hópar voru fengnir til þess að segja sína skoðun á störfum lögreglunnar og hversu traustvekjandi hún væri að þeirra mati. Rýnihóparannsókn byggir á hópviðtali rannsakanda og viðmælenda, þar sem hluti af rannsókninni er að félagslegi hlutinn er skoðaður. Þá voru gögnin borin saman við niðurstöður meginlegrar rannsóknar Margrétar Valdimarsdóttur (2018) um viðhorf til lögreglunnar, sem almennt mældist mjög gott. Þar sem um mjög fámennan hóp viðmælenda var að ræða, er ekki hægt að draga almennar ályktanir út frá niðurstöðunum. Hins vegar er hægt að fá betri innsýn inn í hugarheim þeirra sem rætt var við og sjá hvernig þeir hugsa um lögregluna.

Meginþemun sem komu í ljós voru fagmennska, traust og lögmæti, sýnileiki lögreglu og lögregla á vettvangi mótmæla. Almennt töldu hóparnir að lögreglan stæði sig vel í sínum störfum og væri almennileg í framkomu.

Hópunum fannst vanta upp á fagmennsku í lögreglunni á landsbyggðinni í samanburði við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Að mati þeirra viðmælenda sem búa á landsbyggðinni, er lögreglan rólegri í tíðinni þar og ekki mjög virk. Það væri eitthvað sem myndi ekki líðast á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan á landsbyggðinni var ekki talin jafn fagleg í sínum störfum, sem skýrist mögulega af nálægð hennar við nærsamfélagið.

Almennt var mikið traust til starfa lögreglunnar í hópunum. Athyglisvert var að tveir viðmælendur sögðust ekki treysta lögreglunni, en samt sem áður sögðu þeir að hún stæði sig vel í sínum störfum og að vantraustið væri ekki mikið.

Það vantar upp á sýnileika lögreglu að mati viðmælanda. Þeir töldu að hægt væri að keyra landshluta á milli án þess að sjá einn lögreglubíl. Það skiptir máli upp á öryggisfinningu og traust að lögreglan sé aðgengileg og sýnileg, eins og fram kemur í grein Salmi, Voeten og Keskinen (2000). Aftur á móti kom það fram í rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur (2018) að sýnileiki lögreglu hefur aukist frá árinu 2017 og fólk verður mest vart við lögregluna á landsbyggðinni.

Það er áhugavert að skoða hvernig lögreglan stóð sig í búsáaldabyltingunni, en þar kom ekki til mikilla átaka og var mjög lítið um líkamlegt ofbeldi.

Samkvæmt rannsókn sem Earl, Soule og McCarthy (2003) framkvæmdu, var þeim mun líklegra að kæmi til líkamlegra átaka og ofbeldis eftir því sem mótmælendahópurinn var stærri. Þessi rannsókn (Earl, Soule og McCarthy, 2003) stangast á við það sem gerðist í búsáaldabyltingunni, þar sem mótmælendahópurinn var mjög stór en mjög lítið var um líkamlegt ofbeldi.

Mótmælendahópurinn í búsáaldabyltingunni var mjög stór. Oft á tíðum fylltist Austurvöllur af mótmælendum. Lögreglan náði samt sem áður að stjórna aðstæðum, en þurfti að láta ýmislegt yfir sig ganga til þess að forðast að beita valdi.

Lögreglan er oftast en ekki í brennidepli í fjölmiðlum. Það eru augu alls staðar og fylgst er grannt með aðgerðum lögreglu. Hins vegar, eins og fram kemur í rannsókn Hohl (2011), hefur neikvæð fjölmiðlaumfjöllun ekki mikil áhrif á traust almennings til lögreglu.

Einn viðmælandi okkar nefndi að það að sjá neikvæðustu umfjöllunina um lögreglu í fjölmiðlum, drægi úr trausti hans til lögreglu. Það góða sem lögreglan gerði fengi lítið sem ekkert að njóta sín í fjölmiðlaumfjöllun að mati viðmælandans:

„... það virðist einhvern veginn sem að toppurinn á rjómanum ... vondi parturinn við lögregluna komi fram í fréttunum og maður sjái það en sjái ekki það sem þeir gera gott. Eins og þegar þeir eru að lemja nakinn mann og eitthvað svona. Sem er pottþétt bara eitt á móti 20 öðrum skiptum þar sem þeir eru að gera eitthvað gott. En maður sér þetta eina skipti og þá líður manni ... líður mér óruggum með lögregluna“ (Viðmælandi 2, viðtal B).

Samkvæmt rannsókn Dowler og Zawilski (2007), voru þeir sem fengu fréttir sínar aðallega úr netmiðlum, líklegri til þess að finnast að lögregla misbeitti valdi sínu og að það væri

tíðari viðburður, en þeim fannst sem fengu fréttir sínar úr annars konar miðlum. Samkvæmt rannsókn sem Hohl (2011) framkvæmdi, leiddu niðurstöður hins vegar í ljós að neikvæð umfjöllun í fjölmiðlum um lögreglu, hefði lítil sem engin áhrif á traust lesenda til lögreglu.

Þegar að við setjum þetta í samhengi við íslenskan veruleika, þá koma þessar niðurstöður rannsókna Dowler og Zawilski (2007) og Hohl (2011) ekki mikið á óvart. Fólk tjáir sig mikið á samskiptamiðlum, t.d. Facebook, um málefni líðandi stundar og hefur beinni aðgang að öllu sem er að gerast á netinu í gegnum tölvu fremur en í gegnum sjónvarp, þar sem tölvunotendur eru með lykilorðið við hendurnar.

Þessi litla rannsókn sem við framkvæmdum gefur okkur örlitla innsýn í skoðanir fólks á störfum lögreglunnar og hvort að lögreglan þyki traust. Það sem að skorti í þessari rannsókn, var að fá fleiri viðmælendur, jafnvel framkvæma meginndlega rannsókn og bera saman við eigindlegu rýnihóparannsóknina og taka mörg viðtöl á lengri tíma. Þá hefði mögulega verið hægt að sjá hvort að einhver sérstök atvik í samfélaginu hafi haft áhrif á traust og lögmæti lögreglu.

9. Samantekt og umræður

Í ritgerðinni hefur komið fram mikilvægi þess að lögmæti sé til staðar og að lögreglan njóti stuðnings og trausts frá almennum borgurum. Þegar sögulega þróun lögreglunnar á Íslandi er skoðuð, er hægt að sjá að margt hefur breyst á síðustu árum og áratugum. Það er búið að bæta við lögreglumönnum, umdæmum lögreglunnar hefur fjölgað sem og dómsmálakerfum. Mannfjöldi hefur aukist og afbrotum hefur fjölgað. Þess vegna er mjög mikilvægt að lögreglan njóti trausts borgaranna og að lögmæti sé til staðar til þess að viðhalda því. Eins og fram hefur komið, þá er lögmætiskenning Weber mjög mikilvæg og oft vitnað til hennar af fræðimönnum. Weber sagði meðal annars að lögmæt fyrirmæli og reglur væru bindandi fyrir þá sem styðja við lögmæt réttarkerfi og því sé reglunum fylgt. Þegar lögmætiskenning Weber var yfirfærð á íslenskar aðstæður, má sjá að hún á vel við hér á landi. Það er mikilvægt að það séu lög og reglur í samfélaginu og að þeim sé fylgt. Löggæsluaðilar þurfa að hafa eftirlit með því að svo sé gert og að sjá til að viðurlögum sé beitt ef það er ekki gert. Á Íslandi kjósa þegnar sinn forseta og löggjafa, sem veitir lögreglunni valdheimildir sem aðrir í samfélaginu fá ekki og þaðan kemur lögmæti lögreglunnar að stærstum hluta.

Almenningur er líklegri til þess að hlýða fyrirmælum lögreglunnar ef hann upplifir að lögreglan sé sanngjörn og réttlát. Flestar rannsóknanna, sem hér hefur verið greint frá, komust að svipaðri niðurstöðu um það að lögmætið snúist um það hvað sé réttlátt og sanngjarnt hverju sinni. Flestar rannsóknir sem hér hafa verið nefndar komast að svipaðri niðurstöðu en þó var um frávík að ræða. Þar má nefna niðurstöðu Lawson (1990), þar sem fram kom að félagslegur óstöðugleiki geti valdið neikvæðri upplifun á lögregluna. Þeir einstaklingar sem voru hræddir við að verða fórnarlamb glæps, töldu sig ekki þurfa að hlýða lögunum ef til þess kæmi að þeir þyrftu að verja sig. Það segir okkur það að þessir einstaklingar trúu ekki á lögmæti lögreglunnar og hafa ekki traust á því að lögreglan verndi almenna borgara.

Það var mikilvægt að skoða réttláta málsmeðferð í tengslum við lögmæti. Réttlát málsmeðferð er í raun það sem lögmætisferlið byggist á samkvæmt niðurstöðum Tyler. Teknar voru fyrir nokkrar rannsóknir sem allar leiddu í ljós að þegar almenningur upplifir það að lögreglan komi fram af virðingu, þá sé markmiðið um lögmæta stofnun uppfyllt. Það á við um alla einstaklinga, óháð því hvort að þeir hafi gerst sekir um glæp eða ekki. Staða einstaklinga í samfélaginu svo sem menntunarstaða og aldur, hafði einnig mikil áhrif á lögmætið. Minnihlutahópar telja lögregluna vera lögmætari en þeir sem eru í meirihlutahópum. Það er vegna þess að minnihlutahópar búa oftast á svæðum þar sem glæpatíðni er meiri og lögreglan sýnilegri.

Samvinna almennra borgara við löggæslustofnanir skiptir miklu máli fyrir lögmæti. Lögmæti getur ekki verið til staðar ef einstaklingar treysta ekki lögreglunni og vilja ekki vinna með henni. Hvati fólks til þess að fylgja lögum og að vinna með lögreglunni, liggur í því hvernig upplifun þess er af henni. Lögreglan reiðir sig mikið á upplýsingar borgara sem og framburð vitna. Það þarf mjög lítið til þess að traust til lögreglunnar hverfi og að vilji til samvinnu sé ekki lengur til staðar af hálfu almennings. Það getur til dæmis verið nóg að um eina neikvæða frétt sé að ræða um störf lögreglunnar. Þá fara einstaklingar gjarnan að velta því fyrir sér hvort lögmæti sé til staðar eða ekki. Eins og fjallað er um í kaflanum um óréttláta málsmeðferð, getur álit á lögreglunni mótast mikið af upplifun, persónulegri reynslu, sögusögnum og umfjöllunum. Því er mikilvægt að lögreglan sé samstíga í öllu og fari eftir lögum hverju sinni. Til stuðnings því er hægt að nefna Patrick Dorismond málið. Þá fór í loftið frétt um það að lögreglumaður hefði skotið óvopnaðan einstakling til bana. Það er ekki einungis samfélagið sem fær að heyra af slíku, heldur allur heimurinn. Þess vegna er mikilvægt að lögmæti sé í lagi. Slíkur atburður telst vera misnotkun á valdi eða of mikil valdbeiting af hálfu lögreglunnar. Það er tekið skýrt fram í lögum hér á landi, í 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, að aðgerðir lögreglu skuli vera lögmætar og að þær þurfi alltaf að eiga sér stoð í lögum. Fréttaflutningur hér á landi getur einnig valdið neikvæðum skoðunum á lögreglunni, óháð því hvort að lögreglan hafi misnotað vald sitt eða ekki. Það er ekki langt síðan að birt var myndskaið á netinu af mótmælum á Austurvelli, þar sem sást að lögreglan beitti valdi til þess að koma á friði. Rætt var við viðmælendur í rýnihóparannsókninni um þau mótmæli sem komnu fram í kjölfar þess að myndskaiðið var birt á netinu. Viðmælendur sögðu að lögreglan hefði gætt meðalhófs í aðgerðum sínum og að ekki væri hægt að setja út á þær.

Það er þó því miður svo að slíkur fréttaflutningur er til þess gerður að fá sem mest áhorf eða viðbrögð. Þess vegna eiga fréttamenn það til að sýna einungis brot af því sem á sér stað. Þeir sem ekki voru á staðnum, sáu ekki hvað raunverulega átti sér stað. Þeir mynduðu sér því skoðun sem byggðist einungis á þeim stuttu myndskaiðum sem sýnd voru. Þessu var á annan veg háttað þegar mótmælin í búsáaldabyltingunni brutust út. Talið var að lögreglan væri að vernda almenning og með vantrausti til ríkisstjórnarinnar á þeim tíma jókst traustið til lögreglunnar. Flestir voru ánægðir með störf lögreglunnar og fannst hún ekki fara út fyrir valdheimildir sínar. Það leiðir til þess að stofnanatraust myndast, þar sem einstaklingar fela ákveðinni stofnun vald til þess að framkvæma eitthvað sem einstaklingurinn sjálfur, einn og sér, getur ekki gert. Þeir lögreglumenn sem voru við störf, þessa mánuði sem búsáaldabyltingin átti sér stað, lýstu því ofbeldi sem þeir urðu fyrir á vaktinni. Þrátt fyrir ofbeldið sögðust þeir aldrei hafa upplifað það að þeir réðu ekki við aðstæður. Á þessum tíma voru það ekki einungis

almennir borgarar, heldur samfélagið í heild sinni, sem átti í erfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins. Upplifun lögreglunnar var því sú að ekki væri um persónulega árás að ræða. Á sama tíma og traust almennings til Alþingis féll, þá jókst lögmætið í garð lögreglunnar til muna.

Til þess að svara rannsóknarspurningunni um það hvaðan lögmætið komi, þá er mikilvægt að minnst á það að lögmætið kemur frá borgurunum sjálfum. Það eru þeir sem hafa skoðun á lögreglunni og byggir sú skoðun að mestu leyti á upplifun og reynslu af lögreglunni og hvernig hún kemur fram. Það sem skiptir mestu máli er að traust og sameiginleg markmið séu til staðar, þar sem markmið allra landsmanna er að stemma stigu við afbrotum, upplýsa þau og koma í veg fyrir þau. Opinber umfjöllun um lögregluna getur bæði verið neikvæð og jákvæð. Jákvæð umfjöllun getur leitt til lögmætis og gildir það sama þegar um er að ræða neikvæða umfjöllun. Umfjöllun almennt getur breytt skoðunum fólks á örskammri stundu. Þess vegna er mikilvægt að hún sé jákvæð til þess að tryggja lögmætið hér á landi. Það er þó mikilvægt að hugsa til þess að þegar neikvæð umfjöllun kemur fram, þá segir það okkur að eitthvað sé ekki í lagi, sem getur verið ákveðin forvörn og hindrað að slíkt komi fyrir aftur.

Þegar skoðað eru niðurstöður viðhorfs til lögreglunnar á Íslandi, er hægt að sjá að árið 2009 voru 91,5% þátttakenda ánægðir með störf lögreglunnar og árið 2014 voru þeir 91,8%. Það segir okkur að mikill meirihluti þeirra sem tóku þátt í rannsókninni, treysta lögreglunni og telja hana vera lögmæta. Það er mjög mikilvægt að slíkar rannsóknir séu gerðar hér á landi, til þess að fá heildarsýn yfir það hvar lögmætið stendur hjá almennum borgurum og hvort það sé til staðar eða ekki. Við teljum að reglulegar rannsóknir um traust og lögmæti í garð lögreglu séu mikilvægar, því að lögmæti hefur mikil áhrif á það hvernig samfélagið vinnur saman að sameiginlegu markmiði og heldur uppi sömu gildum.

Niðurstöðurnar voru gagnlegar og leiddu margt athyglisvert í ljós. Ekki er þó hægt að draga ákveðnar ályktanir af niðurstöðunum, þar sem þær byggjast á viðhorfum einstaklinga sem geta verið breytileg frá einum tíma til annars. Á heildina litið telja einstaklingar að lögmæti stafí af sömu eiginleikum, sem eru meðal annars sanngirni, réttlæti, jákvæð upplifun og reynsla. Eins og í ljós hefur komið, þá er lögreglustarfið afar mikilvægt starf í samfélaginu. Eðli málsins samkvæmt er þetta starf sem almenningur hefur sterkar skoðanir á og getur sætt gagnrýni, sem getur ýmist verið jákvæð eða neikvæð eftir atvikum.

Heimildaskrá

- Anderson, Craig. (2001). Heat and Violence. *Current Directions in Psychological Science*, 10, 33-38.
- Anderson, C., Anderson, K., Dorr, N., DeNeve, K. og Flanagan, M. (2000). Temperature and aggression. *Advances in experimental social psychology*, 32, 63-133.
- Beetham, D. (1991). Max Weber and the Legitimacy of the Modern State. *Analyse & Kritik*, 13, 34-45. Sótt af <https://www.degruyter.com/downloadpdf/j/auk.1991.13.issue-1/auk-1991-0102/auk-1991-0102.pdf>
- Benjamin, J. (2017, 16. júní). Saga lögreglunnar og andstæðinga hennar. Sótt af <https://kvennabladid.is/2017/06/16/saga-logreglunnar-og-andstaedinga-hennar/>
- Bolger, P. C. og Walters, G. D. (2019). The relationship between police procedural justice, police legitimacy, and people's willingness to cooperate with law enforcement: A meta-analysis. *Journal of Criminal Justice*, 60, 93-99. doi:10.1016/j.crimjus.2019.01.001.
- Bottoms, A. og Tankebe, J. (2012). Beyond procedural justice: A dialogic approach to legitimacy in criminal justice. *Journal of Criminal Law and Criminology*, 102, 119-170.
- Bradford, B., Jackson, J. og Hough, M. (2013). *Police Legitimacy in Action: Lessons from Theory and Practice*, í Reisig, M. og Kane, R. (ritstj.) *The Oxford Handbook of Police and Policing*. Oxford: Oxford University Press.
- Bradford, B., Jackson, J. og Hough, M. (2017). Ethnicity, group position and police legitimacy: Early findings from the European Social Survey. Í D. Oberwittler og S. Roché (ritstjórar), *Police-citizen relations across the world: Comparing sources and contexts of trust and legitimacy* (bls. 46-73). London: Routledge.
- Bradford, B., Jackson, J. og Milani, J. (2016). Identity, Legitimacy and 'Making Sense' of Police Violence. *Policing: An International Journal*, 40(3), bls. 614-627. Sótt af <https://doi.org/10.1108/PIJPSM-06-2016-0085>
- Bradford, B., Stanko, E. and Hohl, K. (2011). *Just Authority? Public Trust and Police Legitimacy*. London: Routledge.
- Carrabine, E., Cox, P., Hobbs, D., South, N., Thiel, D. og Turton, J. (2014). *Criminology: A Sociological Introduction*. Routledge: Taylor & Francis Group.
- Desmond, M., Papachristos, A. og Kirk, D. (2016). Police Violence and Citizen Crime Reporting in the Black Community. *American Sociological Review*, 20(1). doi:10.1177/0003122416663494
- Dowler, K. og Zawilski, V. (2007). Public perceptions of police misconduct and

- discrimination: Examining the impact of media consumption. *Journal of criminal justice*, 35(2), 193-203. Doi: 10.1016/j.jcrimjus.2007.01.006
- Earl, J., Soule, S. A., McCarthy, J. D. (2003). Protest under fire? Explaining the policing protest. *American sociological review*, 68(4), 581-606. Doi: 10.2307/1519740.
- Fenwick, T. (2015). Learning Policing in Rural Spaces: ‘Covering 12 Foot Rooms with 8 Foot Carpets’. *Policing*, 9(3), 234-241. Doi: 10.1093/police/pav015.
- Fohring, S. (2015). Putting a Face on the Dark Figure: Describing Victims Who Don’t Report Crime. *Temida*, 17(4), 3-18. doi: 10.2298/TEM1404003F
- Glass, D. og Singer, J. (1973). Experimental Studies of Uncontrollable and Unpredictable noise. *Representative Research in Social Psychology*, 4(1), 165-183.
- Guðmundur Oddsson. (2014). Quantitative Methods in Studying Deviance. Í Heith Copes og Craig Forsyth (ritstj.). *Sage Encyclopedia of Social Deviance*, bls. 565-570. Los angeles: Sage.
- Guðmundur Guðjónsson. (2003). Löggæsla fyrri alda. Sótt af:
https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/02/Loggaesla_fyrri_alda1.pdf
- Guðmundur Guðjónsson. (2003). Lögregla nútímans. Sótt af:
<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/02/Lögregla-nút%C3%ADmans.pdf>
- Guðmundur Guðjónsson. (2003). Lögregla frá tímum vaktaranna. Sótt af:
<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/02/L%C3%B6greglan-fr%C3%A1-t%C3%ADmum-vaktaranna.pdf>
- Gunnþóra Gunnarsdóttir. (2018, 27. mars). Eldur kviknaði í Innréttingum Skúla fógeta. *Fréttablaðið*. Sótt af:
<https://www.frettabladid.is/timamot/eldur-kviknai-i-innrettingum-skula-fogeta>
- Graziano, L. M., Gauthier, J. F. (2018). Media consumption and perceptions of police legitimacy. *Policing: An International Journal*, 41(5), 593-607. Doi: 10.1108/PIJPSM-12-2016-0177.
- Green, R. G. (2001). Human Agression. Philadelphia, PPA: Open University Press.
- Greenberg, J. (1987). A taxonomy of organizational justice theories. *Academy of Management Review*, 12, 9–22.
- Greenfeld, L., Langan, P., Smith, S. og Kaminski, R. (1997). *Police use of force: collection of national data*. Washington, DC: Bureau of Justice Statistics / National Institute of Justice.
- Harkin, D. (2015). Police legitimacy, ideology and qualitative methods: A critique of

- procedural justice theory. *Criminology & Criminal Justice*, 15(5), 596-612. Doi: 10.1177/1748895815580397.
- Háskóli Íslands. (2014a, 17. 09). Aðferðir. Sótt af <http://fel.hi.is/adferdir>.
- Háskóli Íslands. (2014b, 26. 04). Rýnihópar. Sótt af <http://fel.hi.is/rynihopar>.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðarfræði rannsókna*, bls. 137-153. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hermann, D. (1983). Max Weber and the Concept of Legitimacy in Contemporary Jurisprudence. *De Paul Law Review*, 33(1). Sótt af <https://via.library.depaul.edu/law-review/vol33/iss1/1>
- Hohl, K. (2011). The role of the mass media in public trust in the police. Í Jackson, J., Bradford, B., Stanko, E. and Hohl, K. *Just Authority? Public Trust and Police Legitimacy*. London: Routledge.
- Ingólfur V. Gíslason. (2014). Lögreglan og búsáaldabyltingin. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 5–18.
- International Association of Chiefs of Police. (2005). *The Impact of Video Evidence on Modern Policing*. Sótt af <https://ric-zai-inc.com/Publications/cops-w0404-pub.pdf>
- Íslendingasögur. (e.d.). Dómar og refsing. Sótt af http://islendingasogur.is/?page_id=578
- Jackson, J. og Bradford, B. (2010). What is trust and confidence in the police? *Policing: a journal of policy and practice*, 4(3), 241-248. DOI: 10.1093/police/paq020.
- Jennings, K., Fridell, L. og Lynch, M. (2014). Cops and cameras: Officer perceptions of the use of body-worn cameras in law enforcement. *Journal of Criminal Justice*, 42, 549-556.
- Jones, T. og Newburn, T. (1998). *Private security and public policing*. Clarendon studies in criminology. Clarendon Press, Oxford.
- Jón Gunnar Bernburg, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir. (2010). Hverjir tóku þátt í Búsáaldabyltingunni? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstj.), *Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands*. Reykjavík.
- Kaminski, R. og Jefferis, E. (1998). The effect of a violent televised arrest on public perceptions of the police. *Policing*, 21, 683-706.
- Klahm, F. C. og Tillyer, R. (2010). Understanding Police Use of Force: A Review of the Evidence. *Southwest Journal of Criminal Justice*, 7(2), 214-239.
- Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 75-82.

- Lawrence, C. og Andrews, K. (2004). The influence of perceived prison crowding on male inmates' perception of aggressive events. *Aggressive behaviour*, 30(4), 273-283.
- Lawson, B. (1990). Crime, minorities, and the social contract. *Criminal Justice Ethics*, 9(2), 16. <https://doi.org/10.1080/0731129X.1990.9991878>
- Leventhal, G. S. (1980). What should be done with equity theory? New approaches to the study of fairness in social relationships. Í Gergen, K. J., Greenberg, M. S., Willis, R. H. (ritstj.), *Social exchange*, 27-55. New York: Plenum Press.
- Lögreglan. (2014, 29. desember). Um lögregluna. Sótt af <https://www.logreglan.is/logreglan/um-logregluna/>
- Lögreglulög nr. 90/1996.
- MacDonald, Z. (2001). Revisiting the Dark Figure a Microeconomic Analysis of the Under-reporting of Property Crime and Its Implications. *The British Journal of Criminology: An International Review of Crime and Society*, 41(1), 127-149. Doi: 10.1093/bjc/41.1.127.
- Mannréttindasáttmáli Evrópu nr. 62/1994
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Réttur til réttlátrar málsmeðferðar. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/ymiss-mannrettindi/rettur-til-rettlattrar-malsmedferdar-fyrir-domi>
- ManTech Advanced Systems International. (2012). *A Primer on Body-Worn Cameras for Law Enforcement*. Sótt af <https://www.justnet.org/pdf/00-Body-Worn-Cameras-508.pdf>
- Margrét Herdís Jónsdóttir (ritstjóri). (júní, 2017). *Ársskýrsla 2016*. Sótt 9. mars 2019 af https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/06/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2016-8.6_LOKA.pdf
- Margrét Valdimarsdóttir. (2018). *Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum almennings til þjónustu og starfa lögreglunnar*. Sótt af https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/12/Rikislogreglustjori_2018_Thjonustuhluti_19.11.2018.pdf
- Mazerolle, L., Antrobus, E., Bennett, S. og Tyler, T. R. (2013). Shaping Citizen Perceptions of Police Legitimacy: A Randomized Field Trial of Procedural Justice. *Criminology*, 51(1), 33-63. doi:10.1111/j.1745-9125.2012.00289.x.
- Nix, J. (2017). Do the Police Believe That Legitimacy Promotes Cooperation From the Public? *Crime & Delinquency*, 63(8), 951-975. doi: 10.1177/0011128715597696
- Nix, J. og Wolfe, S. E. (2012). The Impact of Negative Publicity on Police Self-legitimacy. *Justice Quarterly*, Vol. 34, No. 1, 84-108.
- Police Executive Research Forum. (2014). *Implementing a Body-Worn Cameras for Law*

- Enforcement*. Sótt af https://www.policeforum.org/assets/docs/Free_Online_Documents/Technology/Implementing%20a%20body-worn%20camera%20program.pdf
- Reiner, R. (2000). Crime and Control in Britain. *Sociology*, 34(1), 71-94.
- Reinhard Bendix. (1977). *Max Weber: An Intellectual Portrait*. California: University of California Press.
- Reynolds, P. og Hicks, J. (2015). 'There is no justice in a police department': a phenomenological study of police experiences. *Police Practice & Research*, 16(6), 469–484. <https://doi.org/10.1080/15614263.2014.931229>
- Rosenbaum, D. P. og Lurigio, A. J. (1994). An Inside Look at Community Policing Reform: Definitions, Organizational Changes, and Evaluation Findings. *Crime & Delinquency*, 40(3), 299–314. <https://doi.org/10.1177/0011128794040003001>
- Salmi, S., Voeten, M. J. M. og Keskinen, E. (2000). Relation between police image and police visibility. *Journal of Community & Applied Social Psychology*, 10(6), 433-447. Doi: 10.1002/1099-1298(200011/12)10:6<433::AID-CASP576>3.0.CO;2-Z
- Sigurður Jónasson. (2018, 16.02.). Erfitt að vera eina löggan á vakt [útvarpsviðtal]. *Rúv*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/erfitt-ad-vera-eina-loggan-a-vakt>.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*, bls. 219-235. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sousa, W. H., Miethe, T. D. og Sakiyama, M. (21. mars 2017). Inconsistencies in Public Opinion of Body-Worn Cameras on Police: Transparency, Trust, and Improved Police–Citizen Relationships. *Policing*, 12(1), 100-108. DOI: 10.1093/polic/pax015.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Löggæsla. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/almannaoryggi/loggaesla/>
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1994.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Stoutland, S.E. (2001). The Multiple Dimensions of Trust in Resident/Police Relations in Boston. *Journal of research in crime and delinquency*, 38(3), 226-256. Doi: 10.1177/0022427801038003002
- Torfi H. Tulinius og Marion Poilvez. (2017, 6. nóvember). Hvað var fólk lengi í útleög á miðöldum? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=74637>
- Tómas Bjarnason. (2014). Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnámálanna og

- forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 19-38. Sótt 6. mars 2019 af www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/67/54
- Tyler, T. R. (1990). *Why people obey the law*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Tyler, T. R. (2003). Procedural justice, legitimacy and the effective rule of law. Í M. Tonry (ritstjóri), *Crime and justice* (bls. 283-357). Chicago, IL: University of Chicago Press.
- Tyler, T. R. (2004). Enhancing police legitimacy. *Annals of the American Academy of Political and Social Science*, 593, 84-99.
- Tyler, T. R. og Fagan, J. (2008). Legitimacy and Cooperation: Why Do People Help the Police Fight Crime in Their Communities? *Ohio State Journal of Criminal Law*, 6(231).
- Tyler, T. R. og Huo, J. Y. (2002). *Trust in the Law: Encouraging Public Cooperation with the Police and Courts*. Russell Sage Foundation.
- Weber, M. (1978). *Economy and Society: An outline of interpretive sociology*. California: University of California Press.
- Weitzer, R. (2002). Incidents of police misconduct and public opinion. *Journal of Criminal Justice*, 30, 397-408. Department of Sociology, Washington.
- Weitzer, R. og Tuch, S. (1999). Race, class and perceptions of discrimination by the police. *Crime and Delinquency*, 45, 494-507.
- Weitzer, R. og Tuch, S. (2005). Determinants of Public Satisfaction with the Police. *Police Quarterly*, 8(3), 279-297. doi:10.1177/1098611104271106
- Zakrisson, T. L., Hamel, P. A. og Hwang, S. W. (2004). Homeless People's Trust and Interactions with Police and Paramedics. *Journal of Urban Health*, 81(4). doi:10.1093/jurban/jth143
- Þuríður Jóna Jóhannsdóttir. (2009, 9. nóvember). Etnógráfía. Sótt af <http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/thjodfraedi.htm>.

Fylgiskjöl

Láta fólk kynna sig og kynna fyrir hvort öðru ef að fólk þekkist ekki innbyrðist nú þegar.

Yfirlýsing: **“Allar skoðanir og það sem hér fer fram í þessu samtali verður meðhöndlað sem trúnaðargögn og verða gögnin einungis notuð í skýrslu í áfanganum “Eiginlegar rannsóknaraðferðir” sem og í BA ritgerð sem fjallar um lögmæti og trausts til lögreglu. Öll svör verða nafnlaus og órekjanleg til einstakra aðila”.**

Inngangur á verkefninu: **“Ég vil byrja þetta samtál á því að þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til þess að koma og spjalla við mig um traust til lögreglu. Tilgangurinn með þessum rýnihóp er að varpa ljósi á það hvernig fólk lítur á störf lögreglu og hvernig það sér lögregluna fyrir sér. Ég hef áhuga á því að heyra mismunandi skoðanir og reynslu fólks á störfum lögreglu. Í BA verkefninu erum við að skoða lögmæti og traust til lögreglu. Lögmæti er það þegar að almennir borgarar gefa lögreglu sitt traust til þess að sinna sínu starfi og að borgararnir treysti því að lögreglan fari með lögmætt vald. Við viljum s.s. fá að heyra hvernig fólk sér lögregluna og hvort það telji að lögregla sé lögmætt yfirvald. Rýnihópaverkefni byggjast á því að umræður skapist í hópnum um efni sem valið hefur verið. Við höfum áhuga að heyra allar þær skoðanir og hugmyndir sem kemur upp í huga ykkar í umræðunni og þegar ég spyr spurninganna. Það er engin rétt eða röng skoðun.”**

Spurningar

Fylgjandi spurningar í kjölfar aðalspurninga ef þarf:

- Getur þú útskýrt nánar?
- Er eitthvað annað sem þú getur bætt við?
- Getur þú gefið okkur dæmi?

1. Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar orðið “lögregla” ber á góma? Hvernig sérð þú lögregluna fyrir þér og hvernig myndir þú lýsa henni?

2. Hvert er þitt viðhorf til starfa lögreglu?

3. Berðu traust til lögreglu og starfa hennar? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

4. Telur þú/þið lögregluna vera lögmætt yfirvald og að tilskipunum lögreglu eigi alla jafna að hlýða?

5. Hefur þú/þið orðið vitni af því að þér/ykkur fannst lögregla misbeita valdi sínu? Getur þú/þið nefnt dæmi?

6. Hvað myndir þú sjá fyrir þér að lögreglan gerði til þess að auka traust til sín, ef þér finnst á þurfa að halda?

7. Eitthvað sem ekki hefur verið spurt um eða komið hér fram í þessu samtali sem þið mynduð vilja koma á framfæri?

Lokaorð: Draga saman aðalatriðin og þakka þátttakendum aftur fyrir að gefa sér tíma í að ræða um lögmæti og traust til lögreglu.

Viðtal A

Inngangur á verkefninu: “Ég vil byrja þetta samtali á því að þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til þess að koma og spjalla við mig um traust til lögreglu. Tilgangurinn með þessum rýnihóp er að varpa ljósi á það hvernig fólk lítur á störf lögreglu og hvernig það sér lögregluna fyrir sér. Ég hef áhuga á því að heyra mismunandi skoðanir og reynslu fólks á störfum lögreglu. Í BA verkefninu erum við að skoða lögmæti og traust til lögreglu. Lögmæti er það þegar að almennir borgarar gefa lögreglu sitt traust til þess að sinna sínu starfi og að borgararnir treysti því að lögreglan fari með lögmætt vald. Við viljum s.s. fá að heyra hvernig fólk sér lögregluna og hvort það telji að lögregla sé lögmætt yfirvald.

Rýnihópaverkefni byggjast á því að umræður skapist í hópnum um efni sem valið hefur verið. Við höfum áhuga að heyra allar þær skoðanir og hugmyndir sem kemur upp í huga ykkar í umræðunni og þegar ég spyr spurninganna. Það er engin rétt eða röng skoðun.”

Yfirlýsing: “Allar skoðanir og það sem hér fer fram í þessu samtali verður meðhöndlað sem trúnaðargögn og verða gögnin einungis notuð í skýrslu í áfanganum “Eiginlegar rannsóknaraðferðir” sem og í BA ritgerð sem fjallar um lögmæti og trausts til lögreglu. Öll svör verða nafnlaus og órekjanleg til einstakra aðila”.

Rannsakandi: Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar orðið “lögregla” ber á góma?

Hvernig sjáið þið lögregluna fyrir ykkur?

Viðmælandi 3: Ég ber fullkomið traust til lögreglunnar og treysti því að hún komi þegar á þarf að halda ef það er eitthvað vesen.

Rannsakandi: Já

Viðmælandi 4: mhm

Viðmælandi 2: Ég sé bara fyrir mér öryggi þegar ég heyri í lögreglunni, s.s. ég sé hana sem traustan aðila sem er til þess að gæta hagsmuna borgaranna.

Viðmælandi 1: Já, ég verð bara að taka undir þetta, ég hef ekkert umfram það.

Rannsakandi: nei

Viðmælandi 4: já, ég hef unnið mikið í samstarfi við lögregluna í vinnunni og alltaf þegar maður kallar til lögregluna þá mætir manni yfirleitt fagmennska og góð samskipti við lögreglu.

Viðmælandi 1: já, ég segi það sama, ég hef alltaf átt í góðum samskiptum við lögregluna.

Viðmælandi 3: já í samskipti við lögregluna, ég þekki nokkra og hef kynnst sem bera mjög lítið traust til lögreglunnar og fyrirlíta hana, og ég verð að segja það að ef þessir aðilar myndu bera traust til lögreglunnar að þá myndi ég bara 0% treysta lögreglunni því að þeir eru að vinna að því að vera í rassgatinu á þessum aðilum og það er gott að þeir hati lögguna.

(hópurinn hlær)

Rannsakandi: það er kannski ágætis þumalputtaregla...

En þá eruð þið næstum því búin að svara næstu tveimur spurningum, hvert er viðhorf ykkar til lögreglu og hvort þið berið traust til hennar. En þá kemur kannski önnur spurning, hvers vegna berið þið traust til lögreglu, þ.e. hvers vegna treystið þið því að hún sé að gera það sem hún á að vera að gera?

Viðmælandi 1: hvers vegna?

Rannsakandi: já, hvað er það fyrsta sem ykkur dettur í hug? Hvers vegna hlýðið þið fyrirmælum lögreglu?

Viðmælandi 1: hvers vegna við hlýðum fyrirmælum?

Viðmælandi 2: Ég ber traust til þess að lögreglan sé að leiðbeina á réttan hátt, svona á svipaðan hátt og að ég labba yfir þegar það er grænn kall, ekki rauður. Ég hef ekki ástæðu til að vantroysta lögreglunni, ég hef aldrei lent í aðstæðum þar sem lögreglan hefur verið til vansa eða ógagns.

Viðmælandi 1: Ég segi bara, ég tel að lögreglan sé að framfylgja settum lögum og reglum sem eiga að veita okkur öryggi og vernda borgarana. Þess vegna ber ég bara fullt traust til þess að sé vel unnið.

Viðmælandi 2: Hún er að vinna í þágu borgaranna.

Rannsakandi: mhm, einmitt

Viðmælandi 3: ég vildi bara segja það miðað við mín kynni af lögreglunni, það er ekkert sem ég hef af lögreglunni að segja sem að nokkuð gæti gert greint að gæti komið fyrir. Hún hefur alltaf sinnt starfi sínu 100% þegar ég hef þurft á að halda eða orðið vitni að.

Viðmælandi 4: ég hef ekkert við það að bæta.

Viðmælandi 2: Sammála

Rannsakandi: En semsagt það sem þið eruð búin að segja mér núna að lögreglan er lögmætt traust sem að ber að hlýða, en hvers vegna ber okkur að hlýða? Ef að þið eruð kannski ósammála einhverjum tilskipunum lögreglunnar eigum við þá að hlýða því eða eigum við að fylgja eigin sannfæringu, hvernig lítið þið á það?

Viðmælandi 2: ertu að tala um eitthvað sérstakt?

Rannsakandi: bara ef þið mynduð lenda í einhverjum aðstæðum þar sem að þið eruð ekki alveg sammála fyrirmælum, á maður samt sem áður bara alltaf að hlýða eða á maður stundum að hlýða?

Viðmælandi 1: Það er þannig í mínum huga, ég bara myndi einfaldlega alltaf hlýða, ég sé enga ástæðu fyrir því að ég eigi að vita hlutina betur heldur en fagaðilarnir.

Viðmælandi 2: Ég held ég myndi hlýða og biðja svo um lögfræðing ef mér litist ekki á kauðann.

Viðmælandi 1: Ég myndi snúa upp á handlegginn á þeim og sparka í rassgatið á þeim..nei djók! (hópurinn hlær)

Viðmælandi 3: sko, ég er þrjóskur og ef ég myndi telja að löggan væri að svína á mér t.d. ef ég væri stoppaður og vildi taka leitarheimild í bílnum hjá mér, hún myndi gjöra svo vel að þurfa að setja mig í járn áður en hún myndi leita í bílnum hjá mér....og ég get verið þrjóskur þannig að....ég hef aldrei þurft að rífast á móti...aldrei nokkurn tímann.

Viðmælandi 1: En þetta er náttúrlega svolítið, hún getur verið svolítið fjölþætt þessi spurning, það fer pínkulítið eftir aðstæðum, það er spurning hvort að lögreglan sé pottþétt að framfylgja lögum og reglum eða hvort að tildæmis, tókum sem dæmi menningarnótt þar sem að lögregla hefur oft verið að sekta fólk fyrir að leggja uppi á grasi og svona þar sem að engin stæði eru, af því að það eru engin stæði, þá hafa oft komið upp spurningar: er lögreglan að gera rétt með því að banna þetta? En...ja í mínum huga þá myndi ég samt fara eftir fyrirmælum held ég já, ég myndi gera það. Ég myndi ekki þrjóskast. Þetta er samt mjög snúið sko.

Rannsakandi: já þetta er mjög snúið, það er ekkert rétt eða rangt svar við þessu- ekkert bara já eða nei.

Viðmælandi 2: En sko íslenska lögreglan held ég að sé mjög örugg, en ég veit ekki alveg hvernig ég myndi treysta á mexíkósku lögregluna.

Rannsakandi: ég er ekki viss um að maður þori annað en að hlýða henni samt, bara maður myndi lenda í svo miklu veseni ef þú hlýðir ekki.

Viðmælandi 4: Já, þú myndir vera skotinn.

Rannsakandi: já, til dæmis.

Viðmælandi 1: já koma þungvopnaðir.

Viðmælandi 3: Ég meina eins og með menningarnótt og þetta, það er bara langbest þá að taka strætó niðri bæ þá þarf maður ekki að leita að stæðum....eða bara leggja lengra frá þá þarftu ekki að óttast að fá sekt.

Viðmælandi 1: jájá, akkúrat.

Rannsakandi: já, til dæmis.

Viðmælandi 1: það er nefnilega fullt af kommon sense í þessu.

Rannsakandi: já, kannski eru þeir að reyna að sporna við umferðaröngþveiti og svoleiðis með þessu.

Viðmælandi 3: Ég lenti nú bara fyrir nokkrum árum síðan að ég var nærri því farinn svona að rífa kjaft við lögregluna, ég var að pæla í sko hvort maður ætti bara að láta handtaka sig til þess að kæra lögguna. Það var bíll sem lagði fyrir framan skúrinn minn og ég lagði fyrir aftan fíflíð og miðað við viðbrögðin hjá lögreglunni þá þori ég að veðja að lögregla af skítseiði sem lagði fyrir framan skúrinn minn hafi verið sonur lögreglunnar eða eitthvað álíka. Ég hálfpartinn sé eftir því að þarna að hafa bara ekki fengið lögguna á staðinn til að gera skýrslu.

Viðmælandi 2: Já akkúrat sko...

Viðmælandi 3: ...færa bílinn (Viðmælandi 2 og 3 töluðu á sama tíma ofan í hvort annað svo það heyrðist hvað hvorugt sagði)

Viðmælandi 2: Já, eins og ég segi, misjafn sauður í mörgu fé.

Viðmælandi 3: jájájá, allir lögregumenn sem ég hef haft kynni af fyrir utan þennan eru mjög almennilegt fólk.

Viðmælandi 2: Jájá

Viðmælandi 1: það segi ég nú það sama, ég segi sem mitt lokasvar við þessari spuringu, ég sé enga ástæðu til þess að fara að efast um að lögreglan sé að gera eins og best er hverju sinni.

Rannsakandi: Já, ókei. Þannig að eins og þið hafið talað um, þið hafið þá aldrei orðið vitni af lögreglu misbeita valdi sínu eða eitthvað slíkt, hvort sem að það er í fjölmiðlum eða bara með eigin augum?

Allir: nei

Viðmælandi 2: við vorum að segja það..

Viðmælandi 1: ég hef ekki séð það og mér fannst til dæmis atvikið um daginn á Austurvelli, það var náttúrulega rosalega lítið að marka þau myndskot því að þau voru of stutt og þau sýndu ekki nógu mikið allan vettvanginn. Ég er ekki sannfærður um að það hafi endilega verið misbeiting, þeir eru búnir að útskýra sitt mál.

Viðmælandi 3: ég hef aldrei séð lögguna misbeita, aldrei.

Rannsakandi: en núna eru samt margar óánægjuraddir uppi á lofti og margir sem að segja að lögreglan hafi haft rangt fyrir sér og.....

Viðmælandi 4: Það eru bara vitleysingar.

Rannsakandi: en hérna...

Viðmælandi 1: en það er fólk þarna sem að var ekki þarna og sá ekki atvikin sko.

Viðmælandi 2: Það er auðvelt að slíta úr samhengi.

Viðmælandi 1: löggan hefur skýrt það út að þarna var hælisleitandi sem að sparkaði marg ítrekað í lögreglumann.

Rannsakandi: já, nákvæmlega

Viðmælandi 2: Og það kom ekki fram nefnilega.

Viðmælandi 1: Það sá maður ekki á myndbandinu almennilega sko.

Rannsakandi: nei nákvæmlega

Viðmælandi 1: og talandi ögrandi og svona, þúveist maður þarf að vera á vettvangi til þess að geta metið svona hluti sko.

Viðmælandi 4: já

Viðmælandi 3: vandamálið er þetta hér að fólk er oft að gagnrýna lögreglu og hitt og þetta hér, og fara í erfiðar aðstæður og þetta hér. Hvað á löggan að gera? Á löggan að fara í burtu? Nei, það er hluti löggunnar að dila við þetta.

Viðmælandi 2: Viðmælandi 3, lögreglan er líka oft mjög faliðuð.

Viðmælandi 3: já, þess vegna segi ég þetta hér að stundum þarf löggan að beita valdi.

Viðmælandi 2: jájá.

Viðmælandi 1: já.

Viðmælandi 3: hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Viðmælandi 4: nákvæmlega.

Viðmælandi 1: Við erum með ákveðnar reglur hvenær lögreglan má fara af stað. Lögreglan tók t.d. þarna á Austurvelli ekki upp á sitt eigið einsdæmi, að ekki einhver lögreglumaður: “heyrðu nú skulum við stoppa þennan”, heldur kom yfirboð frá annarsstaðar frá.

Viðmælandi 4: Nákvæmlega

Viðmælandi 1: Það kom frá yfirmanni sko: “Nú skulið þið ganga fram því þetta er farið að leysast upp í vitleysu sko”.

Rannsakandi: já, það eru náttúrlega ákveðnir stjórnendur sem hafa yfirsýn á málinu og stjórna aðgerðum sko.

Viðmælandi 1: Það er nefnilega akkúrat málið.

Viðmælandi 3: Ég ber bara fullt traust til hvernig lögreglan höndlaði þetta.

Viðmælandi 1: Já, það hvort að lögregla sé að misbeita valdi fer alltaf rosalega mikið eftir túlkun hvers og eins og hvernig sumir oftúlka og sumir misskilja og aðrir eru bara í því að ætla að hata.

Rannsakandi: jájá, það er alltaf einhver hópur sem er svoleiðis. En er eitthvað sem ykkur dettur í hug hvernig lögregla gæti aukið traust til sín?

Viðmælandi 3: Lögreglan getur mjög erfiðlega aukið traust til sín, því löggan er í þannig vinnu að hún er að díla við allan sora í samfélaginu og allir þessir sem flokkast sem sorar munu alltaf reyna að tala lögregluna niður. Ef að þessi sori myndi ekki fyrirlíta lögregluna, að þá myndi ég fyrirlíta lögregluna.

Viðmælandi 2: já, ég skil pointið. Málið er nefnilega að við höfum ekkert annað en gott um löggæsluna að segja, við höfum aldrei komist í kast við lögin. Einu sinni fékkstu hraðasekt jú..(horfir á viðmælenda 1).

Viðmælandi 1: Ég hef nú reyndar þrisvar fengið hraðasekt...einu sinni reyndi ég að stinga þá af...nei djók!

Viðmælandi 3: Þrisvar (hraðasekt).

Rannsakandi: Ég hef einu sinni fengið hraðasekt upp á 3500kr því ég var 2km/klst yfir markinu eða eitthvað slíkt.

Viðmælandi 1: Nei, það kallast náttúrlega ekki að komast í kast við lögin, enda var lögreglan ekki að gera neitt rangt þar. Ég einu sinni dró í efa að mælingin hafi verið rétt því að mér fannst hún skrítin sko, en það skiptir ekki máli. Ég hlýddi samt lögunum sko.

Viðmælandi 3: Síðasta skiptið sem ég hef talað við lögregluna og einu skiptin sem ég hef þurft að fá lögguna var þegar að ég var að keyra á ókristilegum tíma og látinn blása.

Viðmælandi 4: Ég kannast nú við það, þeir hafa oft stoppað mann....

Viðmælandi 2: Manstu, ég man einu sinni eftir að við vorum í bíó og löggan stoppaði viðmælenda 1, af því við vorum að koma úr bíó og sagði að af því hann var með tyggjó: “jaaá, stútar undir stýri með tyggjó” og lét hann blása, það var ekki neitt sko, við vorum að koma úr bíó. Við vorum þá alveg “þessar helvítis löggur”.

Viðmælandi 1: Þeir eru náttúrulega bara að sinna starfi sínu. Í raun og veru er svona aðgerð bara hérna, í raun og veru vernd fyrir okkur.

Viðmælandi 2: En mér fannst hann svolítið dómharður, lögreglumaðurinn.

Viðmælandi 1: Auðvitað er misjafn sauður í mörgu fé maður, það er bara svoleiðis.

Rannsakandi: en það er þá ekkert sem ykkur þá dettur í hug hvernig lögregla mætti auka traust sitt, t.d. til hópa sem að bera lítið traust?

Viðmælandi 4: Kannski vera með aðeins meira gegnsæi. Kannski minna á bakvið luktar dyr skiluru....

Viðmælandi 2: Aðgengi já, eins og þessi facebook-lögga, ég held að hann sé svolítið svona alþýðlegur og nái til breiðs hóps.

Viðmælandi 1: er hann ekki hættur?

Rannsakandi: nei hann er ekki hættur.

Viðmælandi 4: nei, nei, hann er ekkert hættur.

Viðmælandi 1: er það ekki?

Viðmælandi 3: Það er einn aðili sem ég þekki sem að fyrirlítur lögregluna.

Rannsakandi: En einu sinni var lögreglan rosalega lokuð stofnun og hérna...

Viðmælandi 3: löggan þarf að vera lokuð.

Rannsakandi: já, hún er ekki jafn lokuð og hún var og byrjað að hleypa aðeins meira og löggan farin að svara stundum einstaka málum og svona, segja kannski hvað var í gangi og svoleiðis...það er náttúrulega liður í því. Er eitthvað fleira sem ykkur myndi detta í hug?

Viðmælandi 1: Til að auka traust?

Rannsakandi: já, ef ykkur finnst á að halda eða til þeirra hópa sem að treysta henni lítið?

Viðmælandi 1: Já, kannski verða sýnilegri upp á nýtt. Þeir eru búnir að vera til fjölda ára eiginlega ósýnilegir. Maður hefur þess vegna getað keyrt á 200km/klst sko til Reykjavíkur án þess að nokkur stoppaði mann.

Viðmælandi 2: Sko málið er það að löggæslan eða lögreglan er miklu minna sýnileg. Mér finnst að maður keyri liggur við landshluta á milli án þess að sjá einn einasta lögreglubíl.

(Hópurinn tekur undir það)

Viðmælandi 2: Sýnileiki lögreglu, mér finnst hún veita aðhald.

Viðmælandi 3: ég get sagt þetta hér að ég veit um nokkra staði í kringum höfuðborgarsvæðið sem mótórhjólamenn nota til að spítta [keyra hratt], ég ákvað einu sinni að tjekka hversu hratt aðilarnir væru að fara, ég gafst upp þegar þeir fóru fram úr mér eins og ég væri kyrrstæður og leit á hraðamælinn minn og ég var á 180km/klst, þannig þið getið rétt ímyndað ykkur siglinguna á þeim.

Viðmælandi 4: jújú. Lögregla mætti alveg auka sýnileika og gegnsæi.

Rannsakandi: Mhm, já.

Viðmælandi 1: Þeir náttúrulega geta líka, ég veit ekki þetta er nú kannski þínu langsótt en maður hefur séð svosum, ég hef alveg séð vídjóklippu þar sem að lögregla rýkur of snemma af stað í æsing og læti með litlu tilefni. Það var frægt mál þegar að dauðadrukkin kona var handtekin....

Viðmælandi 4: Laugarveginum.

Viðmælandi 1: Þarna niðrá Austurstræti, þetta er frægt mál sko..

Rannsakandi: já, það var dæmt í því máli lögreglunni í óhag.

Viðmælandi 1: Lögregla beitti sér harkalega. Það gæti orðið til þess að auka traust á lögreglunni að almenningur fengi meira að vita af þessum vafamálum, kannski er þetta bara orðið opnara, ef við fengjum að vita meira af málum hvernig dæmt er í því sko, hvort lögreglan sé látin víkja frá tímabundið eða hvað skiluru.

Viðmælandi 2: Eitt langar mig að segja, ef ég lít til baka og hugsa um Guðmundar og Geirfinnsmálið, þá bara hérna missi ég svolítið traust á lögreglunni.

Viðmælandi 3: Vandamálið með Guðmundar og Geirfinnsmálið er að þetta var ekki lögreglan, þar voru þetta helvítis stjórnámálamennirnir sem að voru að þrýsta á lögregluna.

Viðmælandi 2: En löggan, sko, hún tók þátt í þessu. Þetta var bara svona einelti á ákveðna menn sem að voru smákrimmar sem voru bara hengdir.

Viðmælandi 1: Það voru fangelsisýfirvöld sem tóku síðan við og framfylgdu stjórnámálamönnunum, þetta er rétt sem að viðmælandi 3 er að segja.

Viðmælandi 2: Já, en semsagt lögreglan verður að passa sig á að láta ekki nota sig.

Viðmælandi 3: Vandamálið er að allt kerfið er notað gegn þessum strákum.

Viðmælandi 2: Já, akkúrat.

Viðmælandi 1: Já, það er bara stutta leiðin að geta dæmt þetta lið og þá var málið upplýst, þetta er ennþá svona úti í heiminum sko. Menn nenna ekki í að standa í því að leysa málið og þá á bara að hengja þann sem er svona líklegastur sko.

Rannsakandi: en nú er þetta frekar gamalt mál og búið að leiðrétta þetta til baka, þetta er kannski svona lögregla fyrri tíma sem var ekki með verkferla skýrari.

Viðmælandi 3: Það eru örugglega einhverjir sem voru ungir lögreglumenn á þessum tíma sem eru ennþá að vinna í dag.

Viðmælandi 4: jú, það má vel vera.

Rannsakandi: Jú, örugglega.

Viðmælandi 2: Og það eru reynsluboltar sem að væri hægt að nota til þess að kenna hvernig á ekki að gera hlutina.

Viðmælandi 4: Nákvæmlega

Rannsakandi: Jújú, akkúrat. Ég er svo sem ekki með neitt meira nema að það sé eitthvað sem að þið viljið nefna eða taka fram það sem ekki hefur nú þegar verið rætt um.

Viðmælandi 2: Eru ekki fleiri spurningar?

Rannsakandi: Nei, það voru bara nokkrar spurningar sem voru ætlaðar til að mynda umræðu og svo þessi valmöguleiki að nefna eitthvað sem ekki hefur nú þegar komið fram eða eitthvað sem ykkur dettur í hug.

Viðmælandi 3: Ég held að við berum öll traust til lögreglunnar og þú þurfir að finna einhvern til þess að ræða við sem ber ekki traust til lögreglunnar.

Viðmælandi 1: Þú ert með of góðan hóp. Við erum ekki vön lögregluvaldi mikið.

Rannsakandi: Nei, en þið eruð samt borgarar í samfélaginu og þið hafið samt einhverjar ákveðnar hugmyndir um lögregluna og það er það sem að ég vil heyra.

Viðmælandi 2: Ég ætla samt að segja þér eitt, þegar ég var unglingur í heimabæ mínum, og krakkarnir voru að laumast til þess að drekka áfengi undir lögaldri, ég var nú ein af þeim líka, þá kölluðum við lögreglubílinn Svörtu-Maríu.

Rannsakandi: Hún heitir það ennþá.

Viðmælandi 2: Við földum okkur til þess að Svarta-María myndi ekki ná okkur og keyra okkur heim, þá væri ballið búið sko.

Rannsakandi: Þær heita ennþá Maríur þessir stóru löggubílar í dag.

Viðmælandi 1: Nú já, er það?

Viðmælandi 4: Þeir heita eitthvað annað.

Rannsakandi: Þeir eru kallaðir Maríur líka.

Viðmælandi 4: Nei, það eru komnir nýjir bílar. Það er komið eitthvað nýtt nafn á þá.

Rannsakandi: Nú já er það, ég hef ekki heyrt það.

Viðmælandi 2: En ég held að það sé spilling víða hvort sem að það er innan lögreglunnar, í dómskerfinu eða víða í samfélaginu.

Viðmælandi 1: jájájá, það er allsstaðar.

Viðmælandi 2: En það breytir ekki því að almennt séð ber ég samt traust til lögreglunnar.

Viðmælandi 1: Mér finnst gott að sjá á undanförunum árum að þetta sem ég var að tala um áðan, að maður fái að vita meira um þegar að lögregla hefur ofbeitt valdi sínu að þetta er samt, maður er farinn að heyra meira af því að einhver sé látinn víkja frá í tiltekinn tíma eða bara hreinlega vikið úr lögreglu eða eitthvað svoleiðis og þetta náttúrlega eykur á traust manns til lögreglunnar, að vita að þau séu að vinna innanbúðarmál skiluru, þeir eru gagnrýnir á sín eigin störf sko.

Viðmælandi 3: Það er bara mjög gott og það er nauðsynlegt til að fólk beri traust til hennar.

Viðmælandi 2: Akkúrat, en eins og með búsáaldabyltinguna ég horfði nú svolítið mikið á sjónvarpið akkúrat þegar að átökin voru fyrir utan Alþingishúsið, að þá var fólk að gagnrýna lögregluna svo mikið fyrir það að reyna að halda mannfjöldanum frá Alþingishúsinu. Þeir voru í óeirðarbúningi, voru með skyldi og ég bar virðingu fyrir því hvernig lögreglan kom fram því það var liggur við sparkað í þá.

Viðmælandi 1: Þeir fengu mjög ósanngjarna gagnrýni þarna.

Viðmælandi 2: Það var verið að henda í þá hörðum hlutum og sparkað í þá, ég meina..

Viðmælandi 3: Löggan hefði ekki getað staðið sig betur en hún gerði þarna.

Viðmælandi 2: Hún stóð sig mjög vel.

Rannsakandi: Það voru náttúrliga stjórnendur sem að stýrðu þessum aðgerðum, það voru lögreglumenn í vígalínu brynjuklæddir og svo voru ákveðnir stjórnendur og þegar þeir sáu að einhver lögreglumaður var að gefa sig eða bresta að þá var honum kippt úr línunni og annaðhvort þjöppuðu hinir sig saman eða settur nýr inn.

Viðmælandi 2: Það sem að fólk gleymdi í búsáaldabyltingunni var að lögreglumennirnir sem að stóðu þarna til þess að vernda Alþingishúsið, að það voru líka þeir sem að fengu risavaxin myntkórflán, þetta var bara venjulegt fólk. Þeir stilla oft löggunni í einhvern annan þúveist, í eitthvað annað samhengi, þetta er náttúrliga bara fólk eins og við með sín lán.

Viðmælandi 1: Eitt gæti verið sniðugt hjá lögreglu að gera. Segjum t.d. bara í dæminu á Austurvelli, það er svona nærtækt, um daginn, að þá hefði verið sniðugt að birta og væri sniðugt núna, það er ennþá hægt að gera það, hægt að birta skýringu, þetta gerðist og svona brugðumst við við af því að, af því að...skiluru. Að hreinlega lista það út fyrir fólki, bara hreinlega stilla því upp í fjölmiðlum.

Að vísu gat maður lesið svolítið um það í morgun af því að hann var þarna hann Ásgeir var kallaður þarna, fór á þarna fund, Ásgeir Þór og hérna, þetta kom í fréttablaðinu, held ég hafi lesið þetta í fréttablaðinu og þá skýrði hann þetta að hlusta til vel út en það var kannski ekki vel flokkað niður sko, var meira svona bara hvernig hann svaraði spurningum sem hann fékk, ég man ekki hverjir voru að spyrja hann út úr með þetta var sennilega eitthvað lið frá Alþingi eða eitthvað. Hann listar niður sko, já þarna var ákveðið uppbot, við vorum sendir til þess að hérna, af því að þarna voru mótmæli, það eru bara venjuleg vinnubrögð að við förum á vettvang þar sem eru mótmæli til þess að gæta að hag þeirra eða sem sagt að vernda einhvern og einhvern skiluru, veistu hvað ég er að meina? Að þeir listi niður þá af hverju við vorum kallaðir....það nefnilega virðist vera rosalegar ranghugmyndir í gangi, það eru svo margir sem að bölvu: “já helvítis löggan mætt á svæðið, það má ekki einu sinni mótmæla nokkursstaðar” og eitthvað

svona sko, “af hverju þurfa þeir að vera þarna að skipta sér af”. Ég held að almenningur þyrfti að fá þínu meiri útskýringu um störf lögreglunnar.

Viðmælandi 3: Ég er algjörlega sammála, það eru bara svo mikið ranghugmyndir í gangi...

Viðmælandi 1: Já.

Viðmælandi 3: Sérstaklega með fólk sem hatar lögguna sem er að gera allt sem það mögulega getur til að reyna að koma höggi á lögguna.

Viðmælandi 1: Ég held að þetta fólk bara átti sig ekki á því, í hverju starf lögreglunnar er í raun fólgið.

Rannsakandi: Nei..

Viðmælandi 1: Sumir sem að ákveða bara að mæta “hey þarna er eitthvað að gerast þarna, förum og berjum á þessu liði...sumir líta svona á þetta.

Viðmælandi 4: Jújú, maður hefur unnið mjög mikið með lögreglunni eins og ég, þá get ég ekki annað en borið virðingu fyrir lögreglunni og starfi lögreglu, það hefur alltaf verið mjög fagmannlegt og vel gert hjá þeim sko.

Viðmælandi 2: Þeir eru oft að koma inn í leiðinlegar og erfiðar aðstæður, eins og t.d. heimilisofbeldi, það er ábyggilega ekki auðvelt.

Viðmælandi 3: Ég veit að löggan er oft búin að koma í blokkina hjá mér útaf heimilisofbeldi í einni íbúð. Sem betur fer er hún það langt frá mér að ég heyri aldrei neitt.

Viðmælandi 1: Já..

Viðmælandi 2: [.....] lenti í því hjá vinkonu sinni um daginn. Þetta er nú ekki auðvelt sko.

Rannsakandi: það er aldrei auðvelt fyrir neinn í slíkum aðstæðum sko.

Viðmælandi 2: Málið er bara að lögreglan er of faliðuð.

Rannsakandi: Þetta er náttúrulega viðkvæmt yfirvald sem að má í rauninni ekki tjá sig um öll mál sem að....

Viðmælandi 1: Nei, það er skiljanlegt líka.

Viðmælandi 2: Eins og núna með mótmælin á Austurvelli, að þá má ekkert segja núna af því að þetta er svo viðkvæmur hópur sem er að mótmæla. Og ef maður segir að ef að íslendingar hefðu hagað sér með þessum hætti, að þá hefðu þeir bara verið fluttir í járnum í fangageymslur að haga sér svona, að sóða svona út á Austurvelli. En af því að þetta er þessi viðkvæmi hópur innflytjenda, eða vonandi þessir sem vilja sækja um hæli, að þá má ekki anda á þennan hóp öðruvísi en að vera kallaður rasisti eða eitthvað verra.

Viðmælandi 3: Þældu nú í einu, ég þekki engan sem styður þennan hóp hælisleitenda.

Viðmælandi 4: nei...

Viðmælandi 3: Þædu líka í því ef að allir myndu taka sig saman upp til hópa og neita að kjósa þá flokka inn á þing sem eru að styðja þessa hælisleitendur að þá myndu þessir flokkar að megninu til detta út af þingi.

Viðmælandi 2: en sko málið er að auðvitað þurfum við að hjálpa einhverju af þessu fólki en okkur ber ekki skylda til þess að verða við öllum kröfum sem að þeim dettur í hug. Þetta eru einhverjir kallar sem að væla yfir því að aðstæður séu ekki nógu góðar og bla bla bla....

Viðmælandi 1: Það kom hópur til, hva eru ekki komin 2 eða 3 ár síðan að hópur kom til Akureyrar og þar var einn fullorðinn karlmaður sem að kvartaði yfir því að hann þyrfti að komast í annað húsnæði því að dyrnar sneru ekki í rétta átt...

Viðmælandi 2: Nei hann afþakkaði húsnæðið sem að hann fékk...

Viðmælandi 1: Já, það sneri ekki í átt til Mekka eða eitthvað álíka. Dyrnar sko...

Viðmælandi 2: Það er svona sko, og ég held að þegar að maður tekur inn í landið, og núna hljóma ég örugglega eins og rasisti, að við getum búið til allskonar vandamál af því við erum svo ólík og ég held að þá muni gera störf lögreglu erfiðari.

Viðmælandi 1: Ég hef heyrt það, að í Noregi er svona hópur látinn bíða á afviknum stað, sérstökum stað..bara, þau fá alveg húsnæði og allt það en fá ekki að rápa um borg eða bæ og hvað þá að standa í mótmælum. Þau eru bara látin vera á afviknum stað þar til mál þeirra eru afgreidd. Annaðhvort fá þau að vera í landinu eða ekki því að norðmenn bara velja einfaldlega inn sko.

Viðmælandi 2: En eins og núna, þeir hreinlega eru með kröfugerðir, þúveist, þeir eru bara með allskonar kröfur.

Viðmælandi 1: Ekki senda fleiri úr landi og eitthvað bla bla bla..

Viðmælandi 2: Banna að senda úr landi.

Viðmælandi 3: Þædu nú í því, fólk er að kvarta yfir því og þeirra kröfugerðum, þekkið þið marga sem að styðja þetta lið? Ég þekki engan.

Viðmælandi 4: Það náttúrliga í fréttunum kom fyrir svona ári síðan, var þegar að hælisleitandi stakk annan, bara hér uppi í hlíðahverfinu.

Viðmælandi 1: Ég held nú að það sé staðreynd hér á landi að glæpatíðni hefur nú heldur aukist síðan að, eftir að fleiri komu. Auðvitað er ég ekki að kenna öllum útlendingum um allt sko, en....

Viðmælandi 2: Alls ekki.

Viðmælandi 1: En það hefur aukist glæpatíðni sko.

Viðmælandi 4: Jújú, nefnilega.

Viðmælandi 1: Og alvarlegri glæpir.

Viðmælandi 2: En það er ekki bara af því að þeir eru innflytjendur, en þúveist, innflytjandi og innflytjandi er ekki endilega það sama.

Viðmælandi 1: Nei, nei, nei, nei...

Viðmælandi 3: Sko, ég hef ekkert á móti fólki sem að kemur til að vinna en ég vill ekki sjá þessa hælisleitendur sem að eru að koma inn, sérstaklega þegar þú ert kominn með aðila sem eru að koma frá Albaníu sem eru bara með það í huga að setjast á velferðarkerfið.

Viðmælandi 2: Nákvæmlega!

Viðmælandi 1: Albanía er ekki svona stríðshrjád land, það eru kannski erfiðar stjórn málaaðstæður en það kemur okkur ekki við. Það geysar ekki stríð í Albaníu.

Viðmælandi 3: Þegar að ég horfi á stjórnámálamenn á Íslandi, þá skil ég af hverju það var sett svona harkalega inn í stjórnarskrá Bandaríkjanna að allir eigi að hafa rétt til að eiga skotvopn, ég skil það þegar ég horfi á suma inni á þingi.

Viðmælandi 4: Það er ein leið til að horfa á það..

Viðmælandi 2: Einmitt.

Rannsakandi: Mér heyrir þetta vera komið bara rosalega gott hérna....

Viðmælandi 2: En ég ætlaði að segja með innflytjendur því við erum að tala um það, ég segi eins og viðmælandi 3, ég hérna bara, ég skil að þessir innflytjendur sem að koma til þess að vinna t.d. Það eru fullt af pólverjum og þetta er harðduglegt fólk, þau aðlagast mjög vel hérna.

Rannsakandi: en svona til þess að draga þetta saman, að það sem við erum búin að ræða að þið í þessum hóp almennt berið traust til lögreglunnar..

Viðmælandi 1: Já. Ég ber meira, ég ber virðingu fyrir þeim.

Rannsakandi: Þú berð virðingu fyrir þeim, ókei....

Viðmælandi 2: Með lögum skal land byggja...það stendur meiraðsegja á lögreglumerkinu, svo tók einhver plötuútgefandi þetta lógó. Ekki lógó lögreglu heldur þetta með lögum skal land byggja Steinar.

Rannsakandi: en já, þá vil ég þakka ykkur fyrir að gefa mér tíma í ræða við mig um lögmæti og traust til lögreglu.

Viðmælandi 2: En ég ætlaði að segja þér, að sýnileiki lögreglu [.....], skiptir máli alveg eins og nágrannavarsla skiptir máli. Mig langar stundum að fá svona pappalöggur til þess að stilla upp um bæinn.

Viðmælandi 4: Að fá svona pappaspjöld með löggubílum..

Rannsakandi: Já einmitt.

Viðmælandi 2: Fá svona pappalöggur og láta hana vera á svona bandi sem að hreyfist.

Viðmælandi 4: Jaaaá..

Rannsakandi: En það sem er verið að gera núna, er að það er verið að setja upp meðalhraðamyndavélar, ef þið hafið heyrt um það.

Viðmælandi 4: Ó guð...

Rannsakandi: Hafið þið heyrt um það? Það á að taka meðalhraðann á fólki, ef að þú ert of fljótur á milli A og B að þá færðu sekt. Að vissu leyti á þetta að leysa lögregluna af með þessu móti.

Viðmælandi 1: En það er eitt, mig langar að bæta hérna einu við...

Rannsakandi: Endilega.

Viðmælandi 1: Það er eitt sem að á við um [.....] (bæjarfélag á landsbyggðinni), að hér á [.....] hefur það tíðkast svolítið að og hefur látið vera frekar óátalið að lögreglumenn sem eru á vakt að þeir fá að nota lögreglubílinn í hvað sem er. Þeir eru að skutla á leikskólann, þeir eru að skutlast út í búð og þeir eru að skiluru...og þeir fá gjarnan að fara heim á lögreglubílunum þegar þeir eru komnir af vakt, ég veit ekki alveg af hverju, þeir skutlast oft heim og maður sér lögreglubíl standa fyrir utan heimili lögreglumannsins í svolítinn tíma. Ef að eitthvað væri galli að þá finnst mér þetta svolítið skríttinn hlutur. Þetta er hérna á [.....] en ég veit ekki hvort þetta tíðkist mikið annarsstaðar. Þetta sætir dálítilli gagnrýni meðal íbúa hér á [.....].

Viðmælandi 3: Ég skil það bara mjög vel, ég væri ekki hress, þetta eru skattþeningarnir okkar sem fara í að reka þessa bíla.

Allir viðmælendur: Já, einmitt.

Viðmælandi 1: Og líka ef að löggan er bara hangandi heima í hádegismat og svona, bíddu, eru þeir alveg tilbúnir að skutlast af stað sko...það eru leikir hérna í fótboltanum á sumrin, það eru nokkrir lögreglumenn hérna sem að eru miklir íþróttaaðdáendur og þeir skutlast bara á völlinn, þeir eru bara í rólegheitunum að horfa á fótbolta á vaktinni sko og mér finnst svona hlutir svolítið skrítnir sko.

Rannsakandi: Já, ég skil það.

Viðmælandi 4: Já.

Viðmælandi 3: Það er bara frábært að vita þetta með lögguna, þá get ég bara verið að spítta á 200km/klst þegar að íþróttaleikur er í gangi.

Rannsakandi: Svona mynd var teiknuð upp af löggunni í þáttunum ófærð. Svona sem þú lýstir er bara normið með landsbyggðarlögguna í þeim þáttum.

Viðmælandi 2: Landsbyggðarlöggan er svolítið eins og Ingvar lék.

Viðmælandi 1: Eitt sem mig langar líka við þetta að bæta, að það er ákveðin fagmennska sem að mér finnst ekki a.m.k á landsbyggðinni, það er ráðið í gegnum klíkuskap dálítið. Þetta samt í heildina minnkar ekki traust mitt til lögreglu en mér finnst þetta samt ekki vera góður hlutur.

Rannsakandi: Nei..

Viðmælandi 2: Það er alveg greinilegt að sumir fá vinnu í lögreglunni hérna en aðrir ekki, sumir í námi og aðrir ekki.

Viðmælandi 3: Það er ekki sama Jón og séra Jón.

Viðmælandi 1: Það er slæmt að þetta skuli vera þannig, ég meina, lögregla, að verða lögreglumaður, fyrst það er orðið svona öflugt og mikið nám er komið og hækkaðar kröfur til getu og kunnáttu lögreglumanna að þá verður að bæta í fagmennskuna og hætta þessum ráðninguna á algerlega ófaglærðu fólki. Auðvitað eru sumir mjög finir í þetta þó þeir séu ekki faglærðir en fyrst að þessi krafa er komin að þá ætti að breyta þessu í lögverndað starf. Ég veit ekki hvort það er lögverndað í dag.

Viðmælandi 2: Eins og kennarar, ef þú ert leiðbeinandi og kemur réttindakennari og sækir um starfið þitt að þá verður þú að víkja, en það má ráða leiðbeinendur ef að kennar fæst ekki, eins með að vera leiðbeinandi í lögreglu, eða s.s. maður á gólfi þangað til að menntaður fengist.

Viðmælandi 1: En ég held ég sé búinn að bæta við mínum punktum sem að mér datt svona í hug. S.s. að lögreglan rápi ekki bara frjáls á bílunum og að hún þarf að vera í vinnunni þegar að hún er í vinnunni.

Viðmælandi 2: Til þess að hún hljóti traust og virðingu að þá þarf hún líka að haga sér á þann hátt að maður geti borið virðingu fyrir henni.

Viðmælandi 4: Nákvæmlega.

Viðmælandi 3: Í smábæjum kemst löggan upp með ýmislegt sem að hún kemst ekki upp með í bænum.

Viðmælandi 1: Já, ég býst við því að það sé svolítið svoleiðis.

Rannsakandi: Það er svolítið þannig. Það er svolítið öðruvísi lenska þannig, það ætti samt að vera meiri heildarsýn og meiri fagmennska í öllum bæjum sama hversu stórir eða smáir þeir eru.

Viðmælandi 3: Í litlum bæ, að þú ert kannski í vandamálum með eitthvað lið, þá er rosalega erfitt að taka á því ef að t.d. bróðir þinn eða pabbi gaursins eða eitthvað álíka og þetta er allt náskyld þér, það er erfitt fyrir þig að taka á því.

Viðmælendur 1 og 2: Jájá.

Viðmælandi 1: Þetta er svolítið snúið.

Rannsakandi: ef að þetta er allt sem að ykkur dettur í hug sem er komið fram að þá er þetta alveg helling sem er komið hérna fram sem mun nýtast mér. Takk fyrir mig.

Viðtal B

R: Hvað er það fyrsta sem þig hugsirð um þegar orðið “lögregla” er nefnt?

VM1: Stress.

VM2: Einhver sem passar lögin.

VM1: Þetta eru náttúrulega mörg orð.

R: Nei, bara það fyrsta sem þið hugsirð um.

VM1: Ó, okei.

VM2: Yfirvaldið sem gerir það að verkum að lögum er framfylgt.

VM3: Með lögum er land byggt.

R: Beriði traust til lögreglu og starfa hennar?

VM2: Nei.

VM3: Eru þið að tala um á svæðinu eða almennt á landsvísu?

R: Bara almennt á landsvísu.

VM2: Á einhvern skríttinn hátt, eiginlega ekki.

R: Hvers vegna?

VM2: Ég veit það ekki. Það er bara eitthvað... það virðist einhvern veginn sem að toppurinn á rjómanum... vonði parturinn við lögregluna komi fram í fréttunum og maður sjái það en sjái ekki það sem þeir gera gott. Eins og þegar þeir eru að lemja nakin mann og eitthvað svona. Sem er pottþétt bara eitt á móti 20 öðrum skiptum þar sem þeir eru að gera eitthvað gott. En maður sér þetta eina skipti og þá líður manni... líður mér óöruggum með lögregluna.

VM1: Löggan er alltaf að stoppa mig fyrir ekki neitt... og þá líður mér illa.

VM3: Spurningin var um traust til lögreglu?

R: Já.

VM3: Já, ég treysti lögreglunni. Alveg.

VM4: Já, ég líka.

VM3: Ég horfi ekki á þessar vondu fréttir. Bara öll mín reynsla er góð.

R: Já. Hafið þið orðið vitni að því að lögreglan... að ykkur fannst lögreglan misbeita valdi sínu?

VM2: Nei.

VM1: Nei.

VM4: Nei.

VM3: Það held ég ekki.

R: Okei. Finnst ykkur eins og lögreglan geti gert eitthvað til þess að auka trausts til sín? Til þeirra sem að finnsta hún eitthvað tortryggileg?

VM1: Hætta að stoppa mann. Hahaha.

VM2: En það er í rauninni bara öryggi. Ef hún stoppar marga þá stoppar hún líka þá sem eru að svindla á kerfinu. Að brjóta reglur í rauninni.

VM3: Hver var spurningin?

R: Hvað getur lögreglan gert til þess að auka traust til sín?

VM1: Kannski tekið harðar á málum hér...

R: Hvers kyns málum?

VM1: Ummm eiturlyfjamál... ég veit um mörg dæmi þar sem fólk er að keyra ölvað. Svo dæmi þegar einn var að keyra ölvaður en tókst að sleppa undan þeim með því að fela sig undir rúmi... hann bara slapp!

VM2: Hver var spurningin einu sinni enn?

VM1: Jesús!

R: Hvað getur lögreglan gert til þess að auka traust til sín?

VM2: Hætta að horfa framhjá hlutum í litlum bæjarfélögum.

VM1: Þú sagðir basically það sem ég sagði bara stutt... og betra.

VM3: Hans var betra. Hahaha.

R: Finnst ykkur eins og lögreglan gæti gert eitthvað? (VM3 og VM4).

VM2: Mér finnst samskipti lögreglu við almenna borgara sem eru ekki titlaðir sem “vinir lögreglunnar” mega vera meiri. Þá finnst mér eins og fólk sem treystir henni ekki, farið að læra að treysta henni.

R: Mhm.

VM3: Ég veit ekki... ég hérna. Já ég bara veit ekki.

R: Er eitthvað sem hefur ekki verið spurt um eða komið fram í þessu samtali sem þið mynduð vilja koma á framfæri?

VM1: En útaf því að lögreglan er partur af hérna... ríkisstjórn? Eða undir þeirra...

R: Ríkisvaldinu.

VM1: Já, ríkisvaldinu. Ég treysti því ekki... af hverju ætti ég að treysta einhverjum undirflokk af einhverju sem ég treysti ekki? Einhverju sem er að gera eitthvað bull dags daglega.

VM2: Treystir þú þá ekki ríkisvaldinu eða treystir þú ekki lagasetningunni?

VM1: Ríkisvaldinu. Það eru geimverur að fylgjast með... nei djók haha.

Allir hlæja

VM2: Mér finnst ummm... lögregla í litlu bæjarfélagi mega vera sneggri að bregðast við atvikum. Og ekki þarna... stigsetja þau eftir því sem þau nenna. Ég hef persónulega lent í atviki þar sem að við hringdum í lögregluna og þurftum að bíða í tæpan klukkutíma eftir því að

lögreglan kom af því að ég veit ekki... hún var að klára kaffibollann sinn. Mér finnst eins og þeir eigi að vera á sama... í sama mikilvægi og björgunarsveitin með því að vera komin á staðinn bara sem fyrst. Það er í lagi að hafa stig 1, stig 2 og stig 3. En enginn á að þurfa að bíða í klukkutíma í bæjarfélagi þar sem þú ert í 20 mínútur að labba yfir allt bæjarfélagið.

R: Þér finnst kannski eins og þeir séu fljótari að bregðast við eins og í Reykjavík eða á Akureyri?

VM2: Ég hef kannski ekki næga reynslu af því en... þeir kannski hafa ekki sama skilning á því hversu alvarlegt ástandið er, út frá litlum upplýsingum sem koma í gegnum símann.

VM3: Betri viðbragstími semsagt?

VM2: Já. Hann mætti vera töluvert betri. Því stundum líður mér eins og hann sé til fyrirmyndar en stundum líður mér eins og hann sé upp í klukkutíma. Meir að segja ef þú ert á bakvakt og upp í rúmi þá ættir þú ekki að vera lengur en 20 mínútur að koma á staðinn.

R: Mhm. Finnst ykkur lögreglan vera áberandi í þessu sveitarfélagi?

VM3: Ekki nægilega.

VM2: Félagslega en ekki samfélagslega.

VM1: Aðallega sem rúntarar.

VM2: Já.

VM1: Bara á ísrunt.

VM4: Já, og á olís að kaupa kaffi.

VM3: Þeir eru sterkir í því haha. Meir að segja finnst mér ég ekki sjá til þeirra nógu oft.

VM1: Nei. Aðallega um helgar þá. Föstudögum og laugardögum... fimmtudögum. Annars... eða á kvöldin. Annars eru þeir bara að rúnta yfir daginn.

VM2: En þeir eru með mjög stórt svæði sem þeir þurfa að vera á er það ekki? Þurfa þeir ekki að vera á bara einhverjum 200 ferkílómetra eða eitthvað... sem þeir þurfa að sjá um?

VM3: Já, bara öll sýslan.

VM2: Já, sem er nátturulega bara alltof stórt svæði. Þeir mættu kannski bara vera á ferðinni oftar.

VM3: Kannski eru þeir það, þeir eru bara ekkert á Höfn. Svo segir þú klukkutíma viðbragðstíma.. Kannski voru þeir út á Örfum.

VM2: Reyndar, já.

VM3: Eins og hér þá er... *Nefnir lögreglumann* er á taxanum og hinn er að gera eitthvað og þeir sem eru á vakt eru út á Örfum. Eða út á fokking Djúpavogi eða eitthvað.

VM1: Kannski vantar fleiri?

VM2: Er hann á bakvakt þegar hann er á leigubílum?

VM3: Ég held ekki.

VM1: Ég myndi segja að það vanti fleiri starfsmenn fyrir svona stórt svæði. Svo er viðbragðstíminn gæti verið styttri.

R: Já. Þetta er kannski ekki í samræmi við, eins og núna er mikil fjölgun túrista, það er miklu meira að gera og lögreglumönnum hefur ekki fjölgað mikið.

VM2: Nei. Mér finnst reyndar líka áhugavert að sko, lögreglan hérna er frekar laid back. Þegar það kemur... eins og þegar *nefnir lögreglumann* kemur sem einhver svona strangur kall sem ætlar að umbreyta sveitarfélaginu með því að láta alla fylgja reglum og svona. Og það er rauninni bara hlegið að honum. Það er eins og það er verið að reyna að breyta honum í lögreglumanninn í Simpsons. Lögreglumaður sem er þarna en gerir ekki neitt. Ég veit samt ekki hvort það sé rétt sko en maður fær það samt á tilfinninguna þegar maður heyrir hvað hann kemur strangur inn og fær viðurnefnið Súpercop.

R: Já.

VM3: Hann er náttúrulega Súpercop.

VM2: Ég er að segja það. Af hverju er hann Súpercop?

VM1: Það er samt komin einhver ný löggá er það ekki? Það kom ungur maður inn í party hjá okkur með *nefnir lögreglumann* í hlöðunni. Ég hef aldrei séð hann áður.

R: Var hann í lögreglubúning?

VM1: Já. Hann var svona daldið refreshing. Af því hann sagði “ég er ekki komin hingað til að stoppa partyið”. En ef ég þarf að koma aftur þá stoppa ég það.” Útaf því að við vorum- það voru kvartanir yfir hávaða. Og þeir brugðust við útkalli um hávaða.

VM2: Mhm. Og voru sanngjarnir með það, greinilega.

VM1: Já. Við fengum að halda áfram en bara hafa lægra.

VM3: Mér finnst ekki vera vandamál hvernig þeir bregðast við. Ég skil það alveg að vera í svona litlu samfélagi og vilja ekki vera fanturinn sem er alltaf með leiðindi. Það er náttúrulega erfitt að vera lögregla og það er erfitt að vera í litlum bæ. Og sko... þegar fólk talar um þá... þá sko er það vont eða gott? Þeir segja að ef það er talað um okkur þá er það gott. Þú veist? Það er þeirra viðhorf, bara að það sé talað um þá. Ég held það sé ekkert að því að þeir séu aðeins laid back.

VM2: En hvort kemur það á móti? Það hlýtur að vera eitthvað sem þeir þurfa að horfa fram hjá og leyfa að komast fram hjá sér með því að vera laid back og fá á sig þetta jákvæða orðspor. Það hlýtur að vera eitthvað sem þeir geta gert- eitthvað sem þeir geta stoppað en gera það ekki. Þýðir það þá að við virðum lögin minna, eða hvað? Það hlýtur að koma út á einhverju á móti.

VM3: Hvað eru vandamálin sem þeir líta fram hjá? Nú, ertu eineygður í tvo mánuði, okei. Hverjum er ekki sama, þeir eru ekki að fara að stoppa þig. Ertu... keyriru hratt einu sinni og

einu sinni? Þeir líta fram hjá því. En, svo kom hérna eins og um árið, þar sem það var einhver eiturfjamenning. Hvort þeir voru 17 eða 18 ára á þessum tíma. Og það var talað um- já þetta voru allt krakkar, 16-17 ára. Þá var það bara vel tekið fyrir. Það voru allir settir á lista. Það var einhver foreldrahópur sem kom saman. Það var - það var gert eitthvað þá. Og svo núna í fyrri eða hitt í fyrri þá voru held ég bara einhverjir 10 manns sem misstu bílprófið af því þeir voru að keyra undir áhrifum. Það voru allir, 19-20 ára... Það sem voru kannski aðeins alvarlegri mál eins og að vera að keyra undir áhrifum. Það var alveg tekið fyrir, það var bara hálfur helvítis bærinn bílprófslaus- helmingur af ungmennum bæjarins. Mér finnst ekkert að því að líta fram hjá því að þú ert að keyra eineygður eða ljósalaus. Og hvað? Hann er með flakkara heima hjá sér, best að taka í hann. Nei, það er öllum sama að það sé einhver að downloada myndum, enginn er að kippa sér upp við það.

Allir hlæja

VM1: Þeir taka vel á alvarlegri málum.

VM3: Já, í rauninni.

VM2: En setur það í rauninni ekki mjög illa línurnar ef þeir geta sleppt einhverjum málum þrátt fyrir að þau séu minna mikilvæg? Þetta er í rauninni partur af lögum og þeir mættu þá kannski í staðinn fyrir að líta alveg fram hjá þeim að benda fólki á það og gefa þeim viðvörun.

VM3: Já já einmitt einmitt. Ég var stoppaður af því ég var ljósalaus. En hann sagði mér bara að gera eitthvað í þessu. Svo var ég ekki með númeraplötu og hann sagði mér að fara að laga það. En hann sektaði mig hvorugt skiptið. Það finnst mér bara rosalega vel séð. Og ég er bara þakklátur fyrir það.

VM2: En ertu þá ekki sem einstaklingur líklegri til þess að gera þetta aftur ef þú veist að þú kemst upp með þetta?

VM3: Nei, mér finnst það ekki.

VM4: Helduru að hann myndi sekta þig ef þú myndir gera þetta aftur? Þú veist, eftir smá tíma ef hann sér að þú ert ekki búid að gera neitt.

VM3: Já, ég kæmist ekki upp með það endalaust að vera á engum plötum sko. Ég er mjög meðvitaður um það, þeir myndu ekki leyfa mér að komast upp með það. En eins og þú sagðir með lögregluna í partýinu - ef hann þarf að segja mér eitthvað tvisvar eða þrisvar, þá gerir hann eitthvað í því. En ef um leið og þú klikkar að vera þá komin með bara lögregluvaldið á þig... þú veist það... þú ert ekkert að fara að vera góði gæinn í samfélaginu þannig. Þú vilt að sjálfsögðu vera það. Ef ég lendi í einhverju þá finnst mér ekkert mál að hringja í lögregluna. Mér finnst ekkert mál að hringja í þeirra persónulegu númer. Segja hey... einhver reyndi að brjótast inn hjá

mér. Og eins ef það er partý og það er vesen, ég myndi alveg bjóða þeim - lögreglumönnum inn til mín til þess að hjálpa mér.

VM2: Ég lenti reyndar í því einu sinni að ég hringdi í neyðarlínuna, af því ég vissi ekki númerið hjá lögreglunni, og ég bað þá um að semsagt framsenda mig til lögreglunnar á Hornfirði. Ég fékk þá tilbaka “er þetta nokkuð það alvarlegt að við þurfum að kalla þá af bakvakt?” Og ég fékk svona eins og þeir nenntu ekki að fá þá af stað... það fannst mér þínu... það kemur kannski eins og inn í það, viðbragðstímann. Mér leið svona eins og þeir væru ekki tilbúnir að koma af bakvaktinni og sinna málinu.

VM3: Heldur þú að það sé, að lögreglan hérna sagði við fólkið í bænum “heyrðu okkur langar að slappa af, ég er að borða með fjölskyldunni og við erum að horfa á mynd. Greys er á í kvöld.” Er það ekki meira að yfirvöld í bænum ákváðu að þeir vildu ekki borga lögreglumönnum, ef þeir eru kallaðir af bakvakt þá þarf að borga þeim einhverja 12 tíma eða eitthvað... Heldur þú að það sé ekki að þeir í bænum vildu ekki vera að borga of mikið hér?

VM2: Jú það getur svosem verið að það liggja hvoru megin við línuna sko en það kemur alltaf út á lögreglunni- lögreglusambandinu semsé.

VM3: Já, jú algjörlega algjörlega. En en já. Lögreglumenn sem einstaklingar eiga ekkert að bitna á því að einstaklingar í bænum reyna að fá þá til þess að ekki gera eitthvað til þess að borga þeim minna.

VM1: Einstaklingurinn hérna í lögreglunni á Höfn eru mjög traustvekjandi.

VM2: Almennilegir.

VM3: Ég hef heyrt að því fólki sem að sat hérna inni á Höfn- eða þurfti að eyða nóttinni í klefa, að það sagði að þeir hefðu komið rosalega vel fram við sig. Og höfðu gert mikið meira en þeir þurftu að gera.

VM1: Já, hjálpa þeim meira.

VM3: Einhver var að sitja af sér ölvun eða vímu eða eitthvað og þeir- ég veit ekki hvað þú þarft að gera sem lögreglumaður en að gefa þeim að mat eða eitthvað. Þeir voru almennilegir við hann.

VM1: Svo skutla þeir oft fullu fólki heim. Það er dálítið extra lúxus.

VM2: Ég vil samt meina að þeir geri það meira ef þeir eru á... í hring. Ég held þeir myndu aldrei gera það í útkalli.

VM3: Já þú ert ekkert að hringja í þá bara “hey nenniru að skutla mér gamli?”

VM2: Ég lenti í því að koma að manneskju sem var að vera úti, við komum henni ekki heim, gátum ekki lyft henni eða haldið á henni heim. Og þeir komu- það er atvikið sem ég talaði um

að þeir komu eftir 45 mínútur. Það var sko stormur og snjócoma. Manneskjan hefði sennilega verið úti ef við hefðum skilið hana eftir.

VM3: Já.

VM2: Það er augljóslega ekki jafn mikilvægt og mörg önnur mál en samt...

R: Já. Er eitthvað annað sem við viljið koma á framfæri? Okei, takk kærlega fyrir.

